# FRÉTTABLAÐIÐ

257. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 31. OKTÓBER 2018




Kona fer í stríð hlaut í gær kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs. Framleiðendurnir Marianne Slot og Carine Leblanc, handritshöfundurinn Ólafur Egill Egilsson og framleiðandinn, handritshöfundurinn og leikstjórinn Benedikt Erlingsson tóku á móti verðlaunagripnum. Auður Ava Ólafsdóttir vann svo bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína, Ör. NORÐURLANDARÁÐ/JOHANNES JANSSON

# Sjá fram á kreppu í veitingageiranum

**Veitingamenn uggandi yfir komandi kjaraviðræðum. Óttast að fleiri veitingastaðir loki dyrum sínum, starfsfólki fækki, framboð dragist saman og verð hækki.**

**VEITINGAREKSTUR** „Verkalýðsfélögin koma vopnuð á vígvöllinn og ætla sér að koma með heildarlausn á markaðinn. Dæmin sem þau taka eiga hins vegar bara við handfylli af fyrirtækjum sem þau vilja siða til en stráfella alla hina í leiðinni.“ Þetta segir Sigmar Vilhjálmsson, sem stýrir Keiluhöllinni í Egilshöll og veitingastaðnum Shake & Pizza.

Sigmar, líkt og fjöldi veitingamanna sem blaðið hefur rætt við, er uggandi vegna komandi kjaraviðræðna. Kjarasamningar eru lausir frá áramótum. Stærstu verkalýðsfélögin fara fram á umtalsverðar launahækkanir.

„Atvinnulífið og starfsmenn þurfa að fara að þétta raðirnar og horfa á ríkiskassann. Skattalækkanir eru ekki síður leið til þess að auka kaupmátt,“ segir Sigmar. „Þessi umræða er oft á villigötum.“

> **Skattalækkanir eru ekki síður leið til þess að auka kaupmátt**
>
> Sigmar Vilhjálmsson, hjá Keiluhöllinni í Egilshöll og Shake & Pizza

Sigmar segir oft gleymast að megnið af fyrirtækjum í veitingageiranum sé ekki að skila miklum hagnaði. Staðan sé erfiðust fyrir þá á ferðamannamarkaði. Þeir sem eru í miðbænum glími svo við háa leigu og minnkandi viðskipti sökum sterks gengis krónunnar.

Hann segir að laun séu um 30 prósent kostnaðar hjá vel reknum veitingastöðum. Þegar laun hækki bætist við að hráefniskostnaður hækki. Kollegar hans séu hver á fætur öðrum að hækka verðið hjá sér. Þeir sem reki fyrirtæki af ábyrgð þurfi að bregðast við. Veitingamenn í miðbænum sem blaðið ræddi við segja stöðuna erfiða. Það sé ekkert svigrúm til launahækkana. „Þetta mun leiða til verðhækkana, eins og venjulega,“ sagði einn veitingamaður.

Aðrir taka undir og benda á að veitingastaðir séu þegar að fara á hausinn vegna aukins kostnaðar og hækkana á launum, leigu og hráefni. Fyrirséð sé að veitingastaðir muni draga úr þjónustu og framboði. Staðir muni minnka, starfsfólki fækka og úrval dragast saman.

„Hingað til höfum við haft á okkur orð fyrir góða þjónustulund. Það tekur ekki langan tíma að snúa því við. Minni gæði og verri þjónusta hafa fljótt áhrif á ímyndina og ef krónan er áfram sterk bætist það við að þessi vara er of dýr.“

sighvatur@frettabladid.is

## Eftirlitsleysið varhugavert

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert eftirlit er með aðilum sem starfa utan löggiltra heilbrigðisstétta. Alma Dagbjört Möller landlæknir telur þörf fyrir að endurskoða lagaumhverfi slíkrar heilsutengdrar starfsemi.

Tæplega þrjátíu konur hafa leitað sér lögfræðiaðstoðar vegna meintra kynferðisbrota meðhöndlara sem Fréttablaðið fjallaði um á dögunum.

Alma segir að ýmsar hættur geti leynst í starfsemi óhefðbundinna lækninga. – gj / sjá síðu 6



Alma Dagbjört Möller landlæknir.

## Eignirnar helmingast á þremur árum

**VIÐSKIPTI** Eignir í stýringu íslenskra hlutabréfasjóða námu ríflega 63 milljörðum króna í lok síðasta mánaðar og hafa nær helmingast frá því þær voru hvað mestar, um 118 milljarðar, fyrir réttum þremur árum.

Minnkandi eignir hlutabréfasjóðanna skýrast aðeins að litlu leyti af verðlækkunum á hlutabréfamarkaði – en markaðsvirði fyrirtækja í Kauphöllinni hefur fallið um 6,5 prósent undanfarin þrjú ár – heldur má rekja minnkunina að stórum hluta til innlausna fjárfesta.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að svo virðist sem almennir fjárfestar forðist hálfvegis að fjárfesta í hlutabréfum. – kij / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ólafur Ísleifsson vill varnir í þágu heimilanna. 11

**SPORT** Rakel lagði þung lóð á vogarskálina þegar lið hennar Bunkeflo bjargaði sér frá falli. 12

**TÍMAMÓT** Fjölmiðlar á bjargbrún nýrra tíma er yfirskrift málþings sem haldið verður í Þjóðminjasafninu. 14

**LÍFIÐ** Vantar spyril í Gettu betur, einn vinsælasta sjónvarpsþátt landsins. Fréttablaðið skoðaði möguleika RÚV í leitinni. 20




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **VERKFRÆÐI OG ARKITEKTÚR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti í verslun okkar í Faxafeni.

RÝMINGARSALA 25-70% AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

FAXAFENI 5 Reykjavík s: 588 8477

Betra BAK



## Veður




Norðaustlæg átt, víða 5-13 m/s, en hvassviðri með SA-ströndinni. Lítils háttar rigning eða snjókoma, en úrkomulítið V til. SJÁ SÍÐU 16

# Háflóð við Hringbraut




Kaldavatnslaust varð víða í Vesturbæ Reykjavíkur eftir að verktakar á Landspítalalóðinni við Hringbraut grófu í stofnlögn eftir hádegi í gær. Eins og gefur að skilja flæddi mikið vatn á svæðinu sem olli þrýstingslækkun í dreifikerfi kalda vatnsins vestur í borg. Verkamenn voru á fullu við að dæla upp og veita vatninu annað þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Sannkallað háflóð við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Höskuldur Kári mun áfram birtast á skjáum landsmanna, en nú í fréttatímum RÚV.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Höskuldur er farinn til RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Höskuldur Kári Schram vann sinn síðasta vinnudag hjá Fréttastofu Stöðvar 2 í gær eftir tæp 12 ár hjá fyrirtækinu. Hann hefur verið ráðinn til RÚV og mætir til starfa upp í Efstaleiti á morgun.

„Ég held að það sé lykillinn að velgengni að prófa nýja hluti og ögra sjálfum sér. Það er svo auðvelt að vera alltaf á sama stað en þá dettur maður líka inn í einhvern þægindaramma. Það er svona helsta ástæðan fyrir því að ég taldi að nú væri góður tímapunktur til að taka ný skref og takast á við nýjar áskoranir,“ segir Höskuldur um ákvörðunina.

> **Ég held að það sé lykillinn að velgengni að prófa nýja hluti og ögra sjálfum sér.**

Höskuldur hefur verið einn lykilfréttamanna Stöðvar tvö um árabil en hann hóf störf þar í apríl 2007 fyrir tæpum 12 árum. „Já, já, ég fer mjög sáttur,“ segir Höskuldur, aðspurður um þá ákvörðun að hætta hjá Stöð 2. Ákvörðunin hafi eingöngu lotið að því að prófa nýja hluti.

Höskuldur mætir á sína fyrstu vakt hjá RÚV á morgun og tekur nokkra daga til að kynnast nýrri fréttastofu en gerir ráð fyrir að fara á fréttavaktir í næstu viku. **– aá**



**Landsbankinn í Borgartúni.**

# Myntin ófölsuð og mönnunum sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Mönnunum tveimur sem handteknir voru í útibúi Landsbankans í Borgartúni á mánudagsmorgun hefur verið sleppt úr haldi.

Mennirnir voru grunaðir um peningafölsun en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni var rannsókn að mestu lokið í gærkvöldi og telst málið upplýst.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að mennirnir, sem báðir eru erlendir ríkisborgarar og ekki búsettir hér á landi, voru ekki með falsaða mynt í fórum sínum líkt og talið var. **– smj**

# Vilja svör frá Landsrétti

**Skrifstofustjóri Landsréttar segir að séð verði til þess að hægt verði að koma alveg í veg fyrir að þeir sem ganga í dómsal verði myndaðir. Fréttaljósmyndarar ósáttir.**

**FJÖLMIÐLAR** Rakel Ósk Sigurðardóttir, formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands, sendi í gær bréf til Landsréttar vegna aðstæðna í dómhúsinu er aðalmeðferð í máli Thomasar Møller Olsen fór þar fram á mánudag. Þær hafi verið á skjön við það sem tíðkist í öðrum dómhúsum. Óskað er skýringa á reglum um aðgengi fjölmiðla að Landsrétti.

Thomas Møller Olsen var dæmdur í nítján ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa banað Birnu Brjánsdóttur í janúar 2017 og fyrir stórfellt fíkniefnasmygl. Ljósmyndurum var meinaður aðgangur að öðrum stöðum í dómhúsinu en anddyrinu. Þaðan var á mánudag ekki hægt að mynda þá sem gengu til og frá dómsalnum því sett voru upp tjöld á ganginum.



**Svört tjöld voru sett upp í Landsrétti á mánudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fréttaljósmyndarar gripu þá til þess að ganga út fyrir og mynda í gegn um glugga gangsins að dómsalnum. Tókst það þótt dómverðir reyndu að skyggja á með því að stilla sér upp í gluggunum.

Vilhelm Gunnarsson á Vísi, einn reyndasti fréttaljósmyndari landsins, kveðst aldrei hafa upplifað viðlíka aðstæður. Einkennilegt sé að reglurnar séu afar mismunandi eftir dómhúsum. „Við erum að reyna að skrá söguna og það er verið að hindra störf okkar, það er ekkert öðruvísi,“ segir hann.

Björn L. Bergsson, skrifstofustjóri Landsréttar, tekur fram að vinnubrögðin á mánudag hafi ekki verið bundin við þetta áðurnefnda sakamál heldur tengist það ákveðnum aðstæðum.

„Þetta á við í þeim tilfellum þegar hér eru að koma menn sem eru í gæsluvarðhaldi. Þá er hugsunin sú að gæta öryggis þeirra og annarra með því að vera með þetta í þessum dómsal. Í öðru lagi þá eru náttúrlega þessir menn, eins og ýmsir aðrir líka, ekki hér sjálfviljugir komnir heldur eru kvaddir fyrir dóm og ef menn vilja hylja sig fyrir sjónum annarra þá eru þetta aðstæður sem við bjóðum upp á,“ segir Björn sem kveður Landsrétt hafa skilning á slíkum óskum.

> **Við erum bara að reyna að skrásetja lokin á þessu ömurlega máli.**
>
> Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari á Vísi



„Allir þeir sem hér inn koma ódæmdir eru náttúrlega saklausir. Borgarar almennt hafa val um það almennt að láta mynda sig eða ekki, ekki satt?“ segir dómstjórinn og ítrekar að mönnum sé skylt að mæta fyrir Landsrétt. „Og í staðinn fyrir að menn séu að breiða yfir sig úlpur þá er þetta svona.“

Sem fyrr segir gripu ljósmyndarar til þess ráðs að mynda Thomas Møller Olsen í gegn um glugga. Aðspurður hvort brugðist verði við þessari glufu segir Björn að það verði gert svo fólk geti komist óséð um Landsrétt. „Um leið og það er komið inn fyrir okkar dyr þá berum við ábyrgð á því.“

Vilhelm segir ljósmyndara alls ekki geta sætt sig við að alveg verði komið í veg fyrir myndatökur af slíkum málum í Landsrétti. „Þetta er risamál sem er búið að vera í gangi í hátt í tvö ár og við erum bara að reyna að skrásetja lokin á þessu ömurlega máli,“ segir hann. „Það væri til dæmis skelfilegt ef við hefðum engar myndir í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu.“

Spurður um þetta sjónarmið fréttaljósmyndarans segir Björn ljóst að uppi séu sjónarmið með og á móti myndatöku. „Svo er bara spurningin hvar skurðarpunktarnir eru í því,“ segir skrifstofustjórinn.
**gar@frettabladid.is**

gæði – þekking – þjónusta

LÍMMIÐAR
FILMUR
... og svo miklu meira



Áprentaðir límmiðar og filmur
Íslensk framleiðsla

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

LAND ROVER

# KYNNTU ÞÉR 70 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ LAND ROVER Í DAG

landrover.is

ABOVE & BEYOND




## DISCOVERY SPORT SE

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ FRÁ: 7.390.000 kr.
**MEÐ VEGLEGUM 600.000 KR. AFMÆLISPAKKA**

## RANGE ROVER EVOQUE SE

RANGE ROVER EVOQUE SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ FRÁ: 7.690.000 kr.
**MEÐ VEGLEGUM 500.000 KR. AFMÆLISPAKKA**

LAND ROVER 70 YEARS

ENNEMM / SÍA / NM90315

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# Fengu rúmar fjórar milljónir fyrir að semja veiðigjaldafrumvarpið

**STJÓRNSÝSLA** Huginn Freyr Þorsteinsson, einn eigenda ráðgjafarfyrirtækisins Aton, og Teitur Björn Einarsson, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, hafa samtals fengið greiddar rúmar 4,4 milljónir króna vegna vinnu þeirra við gerð veiðigjaldafrumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Fréttablaðið fékk afrit frá atvinnuvegaráðuneytinu af samningum sem gerðir voru við Hugin og Teit vegna þessa.

Í samningunum segir að þeir veiti ráðherra ráðgjöf og aðstoð við samningu frumvarps um veiðigjöld. Var þeim falið að fullgera frumvarpið. Fyrir þetta skyldu þeir fá greitt 13 þúsund krónur á tímann, án virðisaukaskatts, og giltu samningarnir frá 13. júní til 1. ágúst. Í verkáætlun samkomulagsins er gert ráð fyrir að verkefnið verði að hámarki 150 tímar. Samningur vegna Hugins var gerður við félagið Principa en í tilfelli Teits við hann sjálfan.



Huginn Freyr Þorsteinsson.



Teitur Björn Einarsson.

Síðar meir var gerður viðauki við samkomulagið þar sem verkefnið reyndist meira að umfangi en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Í viðaukanum var kveðið á um að greitt yrði fyrir fimmtíu stundir til viðbótar. Frágangur frumvarpsins tæki þar allt að tuttugu stundir, fundir og samtöl tíu til fimmtán og vinna vegna samráðsnefndar ráðherra og fyrir þingflokka annað eins.

Gilti viðaukinn frá upphafi ágúst til loka september. Samtals fékk Huginn rúmar 2,5 milljónir fyrir 193 stunda vinnu og Teitur tæpar tvær milljónir fyrir 149,5 stundir.

Tvímenningarnir hafa báðir um skeið verið aðstoðarmenn fjármálaráðherra. Huginn í tíð Steingríms J. Sigfússonar og Teitur hjá Bjarna Benediktssyni frá 2014-16. Þá hefur fyrirtækið Aton meðal annars unnið skýrslur fyrir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. **– jóe**



Icelandair bregst við breyttri stöðu.

## Minni hagnaður hjá Icelandair

**VIÐSKIPTI** Icelandair hagnaðist um 62 milljónir Bandaríkjadala á þriðja fjórðungi ársins, jafnvirði 7,5 milljarða króna. Hagnaður flugfélagsins á sama fjórðungi í fyrra nam 97 milljónum dala.

Rekstrarhagnaður (EBITDA) félagsins á fjórðungnum nam 115 milljónum dala og minnkaði hann um 41 milljón dala milli ára. Afkomuspá gerir ráð fyrir að EBITDA ársins verði á bilinu 80 til 90 milljónir dala.

**Hagnaður Icelandair var 62 milljónir dala á þriðja ársfjórðungi samanborið við 97 milljónir á sama tíma í fyrra.**

Í tilkynningu segir Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri, að hækkun olíuverðs, lág meðalfargjöld og lakari sætanýting séu helstu skýringar á verri afkomu. Gripið hafi verið til aðgerða til að bæta samkeppnishæfni félagsins.

Félagið greinir frá því að hafið sé skriflegt ferli þar sem óskað verður eftir formlegri undanþágu frá tilteknum fjárhagslegum skilyrðum skuldabréfa, en samkvæmt lánakvöðum mega vaxtaberandi skuldir ekki vera meiri en sem nemur 3,5 sinnum EBITDA síðustu tólf mánaða. Hefði félagið átt í góðum viðræðum við skuldabréfaeigendur undanfarið. **– tfh**

# Menntunarleysi starfsmanna á leikskólum veldur áhyggjum

**Fáir starfandi einstaklingar á leikskólum Hafnarfjarðar eru með menntun sem slíkir eða 29 prósent. Oddviti Miðflokksins segir stöðuna grafalvarlega og það blekkingu að hægt sé að halda uppi öflugu skólastarfi með stefnu núverandi meirihluta. Formaður bæjarráðs vildi ekki ræða málið þegar eftir því var leitað.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Aðeins 29 prósent starfsmanna leikskóla í Hafnarfirði eru menntaðir sem slíkir. Bæjarfulltrúar minnihlutans í Hafnarfirði telja þetta hlutfall allt of lágt og vilja að fyrsta skólastigið verði betur mannað menntuðu starfsfólki.

Þar kemur fram að mikið skorti upp á að leikskólar í Hafnarfirði uppfylli lágmarkskröfur um að tveir af hverjum þremur starfsmönnum leikskóla hafi til þess bæra menntun. Einnig hefur ekki tekist að manna störf á leikskólum bæjarins en sjö stöðugildi eru ómönnuð. Segja fulltrúar minnihlutans betur mega ef duga skuli. „Ef Hafnarfjörður vill taka forystu á þessu sviði verður að gera starfsumhverfi og starfskjör starfsfólks á leikskólum þannig að fleiri fáist til að fara á námssamninga og afla sér viðeigandi menntunar,“ segir í bókun minnihlutans.

„Þetta er náttúrulega alveg grafalvarlegt mál. Það er ekki að ástæðulausu að lögin kveði á um það að 66 prósent starfsmanna leikskóla eigi að vera menntaðir leikskólakennarar. Það er til þess að í skólastarfi sé faglega að öllu staðið, bæði gagnvart þroska og menntun barnanna. Þegar við erum að hanga í 29 prósentum þá segir það fyrst og fremst að áherslurnar liggja ekki á réttum stöðum,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, bæjarfulltrúi Miðflokksins í Hafnarfirði.

Fimmtán leikskólar eru starfandi í Hafnarfirði. Af 475 starfsmönnum leikskóla bæjarins eru 138 menntaðir leikskólakennarar og 97 með einhvers konar aðra háskólamenntun. 240 starfsmenn hafa svo ekki háskólamenntun samkvæmt gögnum bæjarins.




Minnihlutinn telur alvarlega stöðu nú uppi í leikskólamálum í Hafnarfjarðarbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Þetta er náttúrulega alveg grafalvarlegt mál**

Sigurður Þ. Ragnarsson, bæjarfulltrúi Miðflokksins



„Menn verða að horfast í augu við raunveruleikann. Þetta er blekkingarleikur þar sem við sættum okkur við sífellt minnkandi hlutverk þeirra sem kunna til verka. Það er blekkingarleikur að halda því fram að hægt sé að halda uppi öflugu og faglegu skólastarfi með þeirri stefnu sem unnið hefur verið eftir,“ segir Sigurður.

Ágúst Bjarni Garðarsson, oddviti Framsóknarflokksins og formaður bæjarráðs, vildi ekki ræða málið við blaðamann þegar eftir því var leitað. **sveinn@frettabladid.is**




RENEGADE
2.0 DÍSEL, 170 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR,
HÁTT OG LÁGT DRIF.

COMPASS
2.0 DÍSEL, 140/170 HÖ.
2.0 BENSÍN, 170 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR.

CHEROKEE
2.2 DÍSEL, 185 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR.

GRAND CHEROKEE
3.0 DÍSEL, 250 HÖ,
8 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
HÁTT OG LÁGT DRIF.

JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE




ENNEMM / SÍA / NM89649

## Helstu nýjungar í nýjum Tucson.

Meðal helstu nýjunga í Hyundai Tucson eru nýjar sparneytnari og umhverfisvænni vélar og SmartSence öryggisbúnaðarkerfi sem inniheldur meðal annars skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun. Innréttingin hefur verið endurhönnuð og ný LED aðalljós setja fallegan svip á nýjan Tucson.

**Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 5.290.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# Björn Bragi hrökklast frá störfum í Gettu betur

**RÍKISÚTVARPIÐ** Björn Bragi Arnarsson hætti í gær sem spyrill í spurningakeppninni Gettu betur eftir að hafa sinnt starfinu undanfarin fimm ár.

Myndband af Birni Braga að káfa á stúlku undir lögaldri í fjölmenni fór sem eldur í sinu um samfélagsmiðla á þriðjudagskvöld. Atvikið átti sér stað á veitingastað á Akureyri aðfaranótt sunnudags.

Björn Bragi sendi aðfaranótt miðvikudags frá sér yfirlýsingu á Facebook þar sem hann baðst afsökunar á óásættanlegri hegðun sinni. Kvaðst hann hafa sett sig í samband við stúlkuna og fjölskyldu hennar til að biðjast afsökunar.

„Ég gekk of langt og tek fulla ábyrgð á þessu atviki.“

Í gær greindi Ríkisútvarpið frá því að staða Björns Braga sem spyrils í Gettu betur væri til skoðunar vegna málsins og skömmu síðar sendi Björn Bragi frá sér aðra yfirlýsingu þar sem hann kvaðst hafa ákveðið að stíga til hliðar að eigin frumkvæði.

> Þessi hegðun mín var algjörlega óásættanleg
>
> Björn Bragi Arnarsson



„Þessi hegðun mín var algjörlega óásættanleg og ég er miður mín yfir því að hafa hagað mér með þessum hætti,“ sagði Björn Bragi í yfirlýsingu sinni.

Fréttablaðið.is greindi svo frá því í gær að fleiri konur hefðu stigið fram og sakað Björn um áreitni.

Stúlkan sem fyrir áreitninni varð kvaðst í yfirlýsingu í gærkvöldi taka afsökunarbeiðni Björns góða og gilda. Í hennar huga hafi atvikið ekki verið alvarlegt. Hún sé fær um að meta sjálf samskipti sín við aðra einstaklinga og sín mörk. **– smj**

## Mafíósinn Whitey Bulger sagður myrtur

**BANDARÍKIN** Hinn alræmdi mafíósi James „Whitey“ Bulger fannst í gær látinn í alríkisfangelsi í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum. Bulger var 89 ára gamall og fannst í fangaklefa sínum en hann var nýkominn í þetta tiltekna fangelsi eftir að hafa verið vistaður í Flórída. Samkvæmt bandarískum fjölmiðlum var Bulger myrtur.

Ævi Bulgers varð mörgum kvikmyndagerðarmönnum innblástur. Ber þar helst að nefna The Departed úr smiðju Martins Scorsese, en ein af aðalpersónum myndarinnar er byggð á Bulger.



**Whitey Bulger.**

Bulger var höfuðpaur írsk-bandarísku glæpasamtakanna Winter Hill Gang á áttunda og níunda áratug síðustu aldar og stóð meðal annars að vopnasmygli til Írska lýðveldishersins. Hann lagði hins vegar á flótta árið 1995 eftir að alríkislögregluþjónn, á launaskrá Bulgers, sagði honum frá því að ákæra væri yfirvofandi. Sextán ára eltingaleikur við yfirvöld tók við áður en Bulger var loks handtekinn í Kaliforníu árið 2011 eftir að FBI barst ábending frá nágranna hans, Íslendingnum Önnu Björnsdóttur, og var sakfelldur fyrir ellefu morð. **– þea**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.


# Landlæknir kallar á eftirlit með óhefðbundnum lækningum

**Ekkert eftirlit er með heilsutengdri starfsemi utan heilbrigðisgeirans. Landlæknir segir þar ýmsar hættur geta leynst, líkt og í máli meðhöndlarans sem Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Embættið hyggst koma á samtali við velferðarráðuneytið.**



Formaður Bandalags íslenskra græðara segir bandalagið fagna samvinnu við landlækni. NORDICPHOTOS/GETTY

**HEILBRIGÐISMÁL** Mál meðhöndlarans sem Fréttablaðið greindi frá á dögunum hefur undið upp á sig. Konur sem telja sig hafa orðið fyrir kynferðislegu broti af hálfu mannsins og leitað sér lögfræðiaðstoðar eru nú orðnar tæplega 30 talsins. Ekkert eftirlit er með aðilum sem starfa utan löggiltra heilbrigðisstétta og telur Alma Dagbjört Möller landlæknir þörf fyrir að endurskoða lagaumhverfi slíkrar heilsutengdrar starfsemi.

„Heilsutengd starfsemi aðila utan þess sem tilheyrir landlækni getur falið í sér hættur sem geta verið lúmskar og ófyrirséðar, andlegar og líkamlegar. Hættur geta falist í sjálfri þjónustunni en einnig geta tafir og truflun á réttri greiningu og/eða meðferð, stefnt einstaklingnum í hættu,“ segir Alma Dagbjört Möller landlæknir. „Brýnt er að almenningur sé vakandi fyrir slíku.“

Landlæknir hefur eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Eftirlit með heilsutengdri starfsemi, sem veitt er af aðilum utan viðurkenndra heilbrigðisstétta, fellur hins vegar undir almennt eftirlit löggæsluyfirvalda. Eftirlit löggæsluyfirvalda er svo í samræmi við hegningarlög og önnur lög og reglugerðir sem gilda um almenna borgara.

> Ég tel það þarft að lagaumhverfi heilsutengdrar starfsemi utan löggiltra heilbrigðisstétta verði tekið til endurskoðunar.
>
> Alma Dagbjört Möller landlæknir



Alma segir að embættið hafi haft spurnir af atvikum þar sem heilsutengd starfsemi aðila utan löggiltra heilbrigðisstétta hafi valdið hættu og jafnvel skaða. Landlæknir hefur í nokkrum slíkum tilvikum gefið út viðvaranir og leiðbeiningar þegar ástæða hefur þótt til.

„Að öðru leyti getur landlæknir ekki haft afskipti af heilsutengdri starfsemi þessara aðila,“ segir Alma sem hyggst taka málið upp við velferðarráðuneytið. „Ég tel það þarft að lagaumhverfi heilsutengdrar starfsemi utan löggiltra heilbrigðisstétta verði tekið til endurskoðunar og að eftirlit með slíkri starfsemi verði komið á, þar varðar mestu heill og öryggi þeirra sem sækja slíka þjónustu,“ segir Alma.

Með lögum um græðara frá árinu 2005 var komið á fót valfrjálsu skráningarkerfi fyrir fagfélög græðara. Freygerður Anna Ólafsdóttir er formaður Bandalags íslenskra græðara. „Markmið laga um græðara er fyrst og fremst að stuðla að gæðum í þjónustu þeirra og tryggja öryggi þeirra sem nýta sér hana eftir fremsta megni,“ segir hún. „Stjórn Bandalags íslenskra græðara er sammála því að auka þurfi eftirlit. Við fögnum allri samvinnu við velferðarráðuneytið og landlækni.“

Eftirlit Bandalags íslenskra græðara felst fyrst og fremst í því að tryggja að skráðir græðarar uppfylli skilyrði skráningar. Að öðru leyti er eftirlit fram í gegnum þau fagfélög sem standa að Bandalaginu.

„Í reglugerð um skráningarkerfi græðara er heimild fyrir því að taka græðara af skrá ef græðari aðhefst eitthvað í starfi sem er andstætt góðum starfsháttum. Einstakling, sem sætir ákæru fyrir jafn alvarleg brot og hér um ræðir þar sem velferð skjólstæðinga er ótrygg, er því hægt að taka af skrá á meðan á rannsókn stendur. Maðurinn sem um ræðir er ekki skráður í Bandalag íslenskra græðara.“ **gunnthorunn@frettabladid.is**


MENNTAMÁLASTOFNUN

**Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2019**

Sameiginlegt umsóknartímabil framhaldsskóla sem bjóða upp á innritun fyrir nám á vorönn 2019 verður dagana 1.- 30. nóvember nk.

**Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla.**
Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 514 7500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið **innritun@mms.is**

*Starfsfólk Menntamálastofnunar*


# Vísuðu frá kæru vegna hávaða frá sláttuvélum á golfvellinum í Grafarholti

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) vísaði á dögunum frá kæru íbúa í Ólafsgeisla í Grafarholti sem kvartað hafði yfir hávaða frá sláttuvélum á Grafarholtsvelli.

Í júlí 2017 kvartaði maðurinn til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna hávaða frá grasslætti á vellinum en hann hæfist klukkan hálf sjö að morgni á flötum fyrir neðan hús hans. Heilbrigðiseftirlitið sendi honum svarbréf sex vikum síðar þar sem mælingar á hljóðstigi hafi ekki sýnt fram á að hávaði færi yfir viðmiðunarmörk eftir klukkan sjö á morgnana. Því yrði ekki frekar aðhafst í málinu.

Húseigandinn kærði þessa niðurstöðu en hann hefði um árabil kvartað yfir hávaða frá vellinum. Benti hann á að ómögulegt væri að ná sambandi við eftirlitið símleiðis þegar sláttur væri í gangi og að hann skildi illa hvernig væri hægt að sinna kvörtunum og kanna réttmæti þeirra þegar atburðurinn hafi átt sér stað.



Golfvellir þurfa daglegan slátt yfir sumartímann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í niðurstöðu ÚUA segir að önnur hljóðmæling hafi verið gerð í júlí 2018. Sú hafi leitt í ljós að hljóðstig hafi mælst yfir næturmörkum. Af þeim sökum beindi heilbrigðiseftirlitið þeim tilmælum til Golfklúbbs Reykjavíkur að sláttur á brautum fjögur til níu hæfist ekki fyrir sjö á virkum dögum og tíu um helgar. Þá stendur til að kanna þann möguleika að nota rafmagnssláttuvélar sem minna heyrist í.

ÚUA taldi að kvörtun eigandans sneri að því að ekkert hafi verið aðhafst í málinu. Þar sem heilbrigðiseftirlitið greip til aðgerða í millitíðinni var það réttarástand úr sögunni og málinu vísað frá. **– jóe**




# Vinkvennakvöld Garðheima

— ★ ★ ★ —

VERIÐ VELKOMNAR Á VINKVENNAKVÖLD GARÐHEIMA
MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 31. OKT FRÁ KL 19:00 - 21:00
VERSLUNIN ER OPIN TIL KL 22:00

— ★ ★ ★ —

## STÍLISTAR OG BLÓMASKREYTAR GARÐHEIMA SÝNA NÝJUSTU STRAUMA OG STEFNUR Í JÓLASKREYTINGUM

**SÝNIKENNSLA Í GERÐ:**
HURÐAKRANSA ★ ÚTISKREYTINGA ★ AÐVENTUSKREYTINGA
LJÓSASKREYTINGA ★ DEKKUN Á JÓLABORÐINU

**ÍSLENSK HÖNNUN:**
**TÍSKUSÝNING** Á GLÆSILEGUM FATNAÐI FRÁ RYK
HEKLA, SVEINBJÖRG, IHANNA OG FABIA
KYNNA SÍNAR LÍNUR OG FRUMSÝNA NÝJUNGAR

**GÓMSÆTT AÐ SMAKKA:**
JÓLAKONFEKT FRÁ NÓA OG SIRÍUS, LINDOR KÚLUR, NICOLAS VAHE,
DRYKKIR FRÁ ÖLGERÐINNI, MEKKA OG KAFFITÁR



VEISLUSTJÓRI KVÖLDSINS, **VILHELM ANTON JÓNSSON**
HELDUR UPPI STUÐINU MEÐ SÖNG, GLEÐI OG GAMANMÁLI



FJÖLDI FRÁBÆRRA VINNINGA Í LUKKUPOTTINUM
GISTING Á EXETER HÓTEL ★ BRUNCH Á HAUST, SPÍRUNNI OG GRAND HÓTEL
GLAÐNINGAR FRÁ ÍSLENSKUM HÖNNUÐUM ★ GJAFIR FRÁ GARÐHEIMUM O.FL.

## matseðill kvöldsins á spírunni

| | |
|---|---|
| TÓMAT OG MELÓNUSÚPA MEÐ BRAUÐI OG HUMMUS (V) | 1.290KR |
| SPÍNATLASAGNA MEÐ PESTÓ OG SALÖTUM (V) | 1.990KR |
| KJÚKLINGASALAT MEÐ KASJÚHNETUM, PARMESAN OFL | 1.990KR |
| KJÚKLINGABRINGA Í SÍTRÓNU OG TIMIAN MEÐ SVEPPASÓSU | 2.190KR |

Drykkir á tilboði — Opið frá kl 17:30 - 22:00

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Umdeilt að senda hermenn að Mexíkó

**Flóttamannalestin hélt áfram í átt að Bandaríkjunum í gær. Málið mikið rætt í kosningabaráttunni. 5.000 hermenn verða sendir til að tryggja öryggi á landamærunum við Mexíkó. Trump forseti ætlar að hætta að veita börnum ólöglegra innflytjenda ríkisborgararétt.**



Gangan að landamærum Bandaríkjanna er afar löng, þúsundir kílómetra, og fagna flóttamenn því þegar þeir fá að fljóta með öðrum. NORDICPHOTOS/AFP

**BANDARÍKIN** Hin svokallaða flóttamannalest, hópur þúsunda mið-amerískra flóttamanna, hélt áfram ferð sinni í gegnum Mexíkó og í átt að Bandaríkjunum í gær. Flestir lögðu af stað frá borginni Juchitan í suðurhluta landsins en borgin er í um 2.000 kílómetra fjarlægð frá Bandaríkjunum.

För flóttamannanna hefur orðið að miklu hitamáli í Bandaríkjunum en þar gengur fólk að kjörborðinu eftir sex daga. Líkt og með fjölmörg mál skiptist þjóðin í tvennt eftir flokkslínum.

Barack Obama, fyrrverandi forseti, hefur til að mynda talað um það á kosningafundum fyrir hönd frambjóðenda Demókrata að Repúblikanar reyni um þessar mundir að ala á ótta á meðan Donald Trump forseti hefur sagst ætla að koma í veg fyrir komu fólksins til Bandaríkjanna og að í hópnum væri að finna fjölmarga hættulega glæpamenn. Trump hefur ekki lagt fram gögn sem styðja þá staðhæfingu.

Forsetinn hefur fyrirskipað að 5.200 hermenn verði sendir að landamærunum til þess að efla gæslu og er sú ákvörðun ekki óumdeild. Politico hafði eftir Kelly Magsamen, sem var í þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna í forsetatíð bæði George W. Bush og Baracks Obama, að ákvörðunin væri gróf misbeiting hersins í pólitísku skyni.

Aðgerðin kallast Operation Faithful Patriot og með henni mun fjöldi hermanna á landamærunum við Mexíkó standa í um 7.000. Það er álíka mikið og fjöldi þeirra hermanna sem staddur er í Írak og Sýrlandi til þess að takast á við hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið.

Sæki flóttamennirnir í lestinni um alþjóðlega vernd í Bandaríkjunum mega yfirvöld hins vegar ekki vísa þeim úr landi fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Í viðtali við Fox News á mánudagskvöldið sagði Trump forseti að ef svo færi yrði flóttamönnunum ekki hleypt langt inn fyrir landamærin. Trump sagði að tjaldbúðum yrði komið upp sem flóttamennirnir gætu gist í á meðan umsóknir þeirra væru vegnar og metnar og með því yrði komið í veg fyrir að fólkið gæti falið sig fyrir laganna vörðum, verði umsókn neitað.

Levin Guillen, 23 ára bóndi frá hondúrsku borginni Corinto, sagði í samtali við fréttastofu ABC að hann væri á flótta frá þeim sem myrtu föður hans fyrir átján árum og vildi komast til frænku sinnar í Los Angeles. „Við viljum bara komast á okkar áfangastað, það er að landamærunum,“ sagði Guillen. Aðspurður um áform Trumps sagði hann að þótt lestin yrði ekki boðin velkomin myndu flóttamennirnir samt halda áfram að reyna.

Ef horft er til tölfræðinnar má draga þá ályktun að það komi sér vel fyrir forsetann að flóttamannalestin sé í umræðunni nú rétt fyrir kosningar. Dyggustu kjósendur Repúblikanaflokksins virðast hrifnir af stefnu forsetans í innflytjendamálum og er ákall hans um byggingu landamæramúrs vinsælt. Lestin gæti því leitt til þess að Repúblikanar skili sér vel á kjörstað.

Að sama skapi hafa skoðanakannanir, meðal annars frá Harvard-Harris, sýnt að sjötíu prósent kjósenda vilja sjá harðari afstöðu í innflytjendamálum og 61 prósent telur að öryggismálum á landamærunum sé ábótavant. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.**

## Vill hætta að veita öllum börnum ríkisborgararétt

Auk þess að tala af krafti um flóttamannalestina sagði Trump svo á mánudaginn að hann ætlaði sér að afnema þá reglu að börn fædd í Bandaríkjunum fengju ríkisborgararétt þótt foreldrarnir hafi hann ekki. Slík börn hafa verið uppnefnd akkerisbörn (e. anchor babies) þar sem þau gefa ólöglegum innflytjendum aukna vernd gegn því að vera sendir úr landi. Politico benti á að þessi ákvörðun forsetans stangaðist á við fjórtánda viðauka stjórnarskrárinnar.

Axios birti viðtal við forsetann í gær þar sem hann sagðist hafa rætt málið við lögfræðing forsetaembættisins. „Mér var alltaf sagt að það þyrfti að breyta stjórnarskránni til að gera þetta. En veistu hvað? Það er rangt. Það er hægt að gera þetta á þingi án nokkurs vafa en nú er mér sagt að ég geti gert þetta með forsetatilskipun. Við erum eina ríki heims sem veitir öllum börnum ríkisborgararétt. Það er fáránlegt. Það er fáránlegt og þessu verður að linna,“ sagði Trump en blaðamaður Axios svaraði því að það væri í fyrsta lagi umdeilt hvort það væri löglegt að ná málinu í gegn með forsetatilskipun og í öðru lagi veittu rúmlega þrjátíu ríki öllum þeim sem fæddust innan landsins ríkisborgararétt.

**7%**

**fæddra barna eru svokölluð akkerisbörn samkvæmt könnun Pew Research frá árinu 2014.**

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Fleiri myndir má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**





Þegar þessir miðamerísku flóttamenn koma loksins að landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna má búast við að þeirra bíði girðingar og landamæraverðir, jafnvel hermenn. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

# Löng ganga að Bandaríkjunum

Flóttamannalestin svokallaða hélt áfram í átt að landamærum Bandaríkjanna í gær. Var stödd í suðurhluta Mexíkós. 2.000 kílómetrar á áfangastað og margir orðnir afar þreyttir.











FUNDARÖÐ
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2018

# TÖLUM SAMAN

## Opinn fundur í Hörpu - Norðurljósum
**Á morgun,** fimmtudaginn 1. nóvember kl. 8.30-10.00

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Höfn** | miðvikudaginn | 14. nóvember | kl. 12.00-13.30 |
| **Selfoss** | þriðjudagur | 30. október | kl. 17.00-18.30 |
| **Reykjanesbær** | fimmtudagur | 18. október | kl. 12.00-13.30 |
| **Reyðarfjörður** | miðvikudagur | 3. október | kl. 16.30-18.00 |
| **Egilsstaðir** | miðvikudagur | 3. október | kl. 12.00-13.30 |
| **Sauðárkrókur** | fimmtudagur | 27. september | kl. 12.00-13.30 |
| **Siglufjörður** | miðvikudagur | 26. september | kl. 16.30-18.00 |
| **Akureyri** | miðvikudagur | 26. september | kl. 12.00-13.30 |
| **Vestmannaeyjar** | föstudagur | 21. september | kl. 12.00-13.30 |
| **Grundarfjörður** | fimmtudagur | 13. september | kl. 12.00-13.30 |
| **Patreksfjörður** | miðvikudagur | 12. september | kl. 16.30-18.00 |
| **Ísafjörður** | miðvikudagur | 12. september | kl. 12.00-13.30 |



Á næsta ári verður samið um lífskjör Íslendinga í fjölda kjarasamninga. **Eyjólfur Árni Rafnsson** formaður SA, **Halldór Benjamín Þorbergsson** framkvæmdastjóri SA og **Ásdís Kristjánsdóttir** forstöðumaður efnahagssviðs SA rýna í stöðu og horfur á vinnumarkaði og ræða svigrúm til launahækkana næstu árin.

Fundurinn er hluti af fundaröð SA um Ísland.

**Nánari upplýsingar og skráning á vef SA**

SA

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Reglugerðafargan



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Undanfarin ár hafa forsíður blaðanna reglulega greint frá hrakandi geðheilsu íslenskra ungmenna. Þeim líði almennt verr nú en áður. Að sjálfsvíg séu algengasta dánarorsök ungra karlmanna.

Í allri umræðu um geðheilbrigði er gjarnan bent á mikilvægi þess að bjóða þjónustu sálfræðinga og annarra sérfræðinga sem víðast, á heilsugæslustöðvum og í skólum. Það er falleg hugmynd. Raunin er því miður sú að skrifstofur sérfræðinga í hæfilegri fjarlægð frá heimilum allra landsmanna er óraunhæf krafa, líkt og dæmin sanna.

Fréttir um brottfall úr framhaldsskólum hérlendis hafa einnig birst með reglulegu millibili. Brottfallið sé tvöfalt meira en að meðaltali í löndum Evrópusambandsins. Færa má sterk rök fyrir því að orsakasamhengi sé að finna milli andlegrar heilsu ungmenna og brottfalls þeirra úr skóla.

Aðgerða er þörf ef taka skal á vaxandi vanlíðan meðal ungmenna hér á landi. Ein lausn á annars margslungnu vandamáli heitir Kara Connect og er netforrit fyrir sérfræðinga. Þar má finna sérkennara, einkaþjálfara, sálfræðinga, talmeinafræðinga og næringarfræðinga, svo fátt eitt sé nefnt. Með forritinu getur sálfræðingur í Reykjavík talað við ungan vistmann á Kvíabryggju eða talmeinafræðingur á Akureyri við skólabarn á Egilsstöðum.

Hugmyndasmiðurinn að baki forritinu er fyrrverandi stjórnmálamaðurinn Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Hún lýsti því í viðtali á síðum þessa blaðs síðastliðinn laugardag, að þótt auknum fjármunum væri ráðstafað til barna í vanda, fækkaði þeim ekki sem þyrftu hjálp. Þvert á móti væri þeim að fjölga. Lítið sem ekkert aðgengi væri að faglærðum sérfræðingum og verkfærum til að taka á vandamálunum með reglubundnum hætti. Þrátt fyrir margítrekaðan vilja margra stjórnenda stofnana og sveitarfélaga, í tilfelli Þorbjargar, virðast þeir ekki geta tekið forritið í notkun vegna úrelts reglugerðafargans. Kerfið segir einfaldlega nei.

> **Það þarf að breyta þessu áður en kerfið svæfir fleiri góðar hugmyndir. Eina sem þarf er vilji stjórnmálamanna til að greiða götu sjálfsagðra nýjunga.**

Ungmenni á landsbyggðinni eru í enn verri stöðu en þau sem búa í höfuðborginni. Samkvæmt mannfjöldaspá er fólksfækkun á landsbyggðinni víða viðvarandi. Með því að nýta tæknina væri hægt að samnýta sérfræðinga á milli sveitarfélaga og auðvelda ungmennum það oft þunga skref að sækja sér hjálp.

Vandinn er stór og blasir við hverjum sem hann vill sjá – hluti lausnarinnar líka. Samt ætlar hið opinbera að þráast við tímabærum breytingum með úreltar reglugerðir og lagabálka að vopni. Sérfræðiþjónusta á netinu er ekki fáránleg hugmynd, heldur svar við kalli tímans og til þess fallið að bæta líf.

Það þarf að breyta þessu áður en kerfið svæfir fleiri góðar hugmyndir. Eina sem þarf er vilji stjórnmálamanna til að greiða götu sjálfsagðra nýjunga. Til hvers höfum við stjórnmálamennina, ef ekki til þess að hrista upp í stöðnuðu bákni?

## Halldór




## Frá degi til dags

**Samherjar**

**Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra hyggst leggja fram á þingi frumvarp til laga sem fellir úr gildi bann við gleði og verslunarstarfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar. Sambærilegt frumvarp, sem þó gekk lengra, hefur verið lagt fram í tvígang en í bæði skiptin var Helgi Hrafn Gunnarsson Pírati fyrsti flutningsmaður. Samflokksmenn hans voru meðal meðflutningsmanna. Það hefur engum dulist að Píratar hafa verið einna duglegastir við að gagnrýna dómsmálaráðherra í störfum sínum. Forvitnilegt verður að sjá hvort skipverjum sjóræningjafreigátunnar sé sama hvaðan gott kemur eða hvort naflaskoðun standi fyrir dyrum í ljósi frumvarpsins.**

**Ró og friður**

**„Þjóð er mikilvægt að eiga hátíðisdaga og rækta helgi og frið um þá, auk þess að vera stoð mannréttinda á kristnum grunni," segir í umsögn Biskupsstofu við frumvarp Helga Hrafns frá upphafi þessa árs en það náði ekki fram að ganga. Þar er enn fremur vikið að því að markmið laganna sé að tryggja fólki frið, ró og næði á tilteknum hátíðisdögum og virðist þjóðkirkjan óttast að slíkt muni spillast með lögunum. Það væri nú sérdeilis hræðilegt ef það færi svo.**

**joli@frettabladid.is**

# Norræn samvinna



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandanna

Norðurlöndin eru okkur Íslendingum mjög verðmæt. Menning okkar og tungumál eru svipuð og auðveldara er að sækja sér nám og vinnu á Norðurlöndunum samanborið við önnur svæði. Samanlagt eru þau okkar stærsta einstaka „viðskiptaland" sé litið til vöru og þjónustu. Að því þarf að hlúa.

Norrænt samstarf skiptir okkur meira máli nú en nokkurn tíma fyrr, ekki síst þegar svo mikill órói er á alþjóðavettvangi. Þá þéttum við Norðurlöndin samstarf okkar inn á við og gerum okkar besta til að hafa góð áhrif út í heim. Sama má segja um samtal er varðar löggjafarstarfsemi á vettvangi Evrópusambandsins.

Norðurlöndin geta þannig vakið athygli á sérstöðu sinni á hvaða vettvangi sem er. Til að mynda er varðar matvælaframleiðslu og öryggi matvæla. Í mínum huga stendur Ísland öðrum þjóðum framar hvað varðar framleiðslu á heilnæmum matvælum, sjávar- og landbúnaðarafurðum. Með heilnæmum matvælum er átt við hreinar afurðir í landi þar sem lyfjanotkun er með því allra minnsta sem þekkist í heiminum.

> **Norðurlöndin geta þannig vakið athygli á sérstöðu sinni á hvaða vettvangi sem er. Til að mynda er varðar matvælaframleiðslu og öryggi matvæla.**

Það er nefnilega ekki sjálfgefið að matvæli eigi að flæða frjálst á milli landa á EES-svæðinu eins og hverjar aðrar vörur. Ekki í þeim tilfellum þegar verja þarf lýðheilsu gegn matvælum sem geta haft skaðleg áhrif á lífríkið hér á landi, en ekki á meginlandi Evrópu. Ísland býr við þá sérstöðu, umfram önnur lönd, að auðveldara er að verjast sjúkdómum, forðast sýklalyfjaónæmi og draga úr útbreiðslu slíkra baktería vegna þess að við erum eyja með hreina búfjárstofna. Slíkt er eftirsóknarvert.

**Sjálfbærni**

Norðurlandaráð er dæmi um vettvang sem getur sett mál á dagskrá sem varða okkar hagsmuni. Ísland tekur við formennsku í norrænu ráðherranefndinni á næsta ári og var áætlunin kynnt í gær á Norðurlandaráðsþinginu sem nú fer fram í Ósló. Við erum einfaldlega komin á þann stað að allt sem við gerum þarf að þjóna því markmiði að tryggja sjálfbærni og stemma stigu við loftslagsbreytingum. Þar með talið sjálfbærni matvæla. Margt smátt gerir eitt stórt, og formennskuverkefnin eru hluti af því.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Nýtt lyklafrumvarp



Ólafur Ísleifsson
alþingismaður og formaður þingflokks Flokks fólksins



Svokölluð lyklafrumvörp hafa verið lögð fram á Alþingi a.m.k. fimm sinnum frá hruni. Þeim var ætlað að verja fjölskyldur eftir hrunið gegn því að vera linnulaust sóttar af fjármálastofnunum til greiðslu eftir að hafa misst heimili sín. Að minnsta kosti 10 þúsund fjölskyldur hafa verið hraktar af heimilum sínum frá hruni, hafi viðkomandi fjölskyldur ekki gefist upp strax. Farið þrautagöngu til umboðsmanns skuldara og síðan beðið um gjaldþrot. Í framhaldinu verið varnarlaus án möguleika á að byrja upp á nýtt. Alls staðar lokaðar dyr. Ef til vill lausn margra að flýja land. Má ef til vill rekja aukin veikindi og örorku til þessa?

Hvers vegna brugðust alþingismenn gagnvart þessari vá og samþykktu ekki eitt af þessum lyklafrumvörpum, til að gefa frelsi frá áframhaldandi nauðung í innheimtu frá föllnum bönkum?

Þrjú þúsund einstaklingar hafa verið gerðir gjaldþrota frá hruni. Fjöldi fjárnáma er á annað hundrað þúsund. Fólk mátti þola miskunnarlausar aðfarir í innheimtu. Fyrirtæki án starfsleyfis, ótíndir handrukkarar, ástunduðu eftirlitslaust að hirða bíla af fólki að nóttu til. Enn er verið að selja ofan af fjölskyldum. Þrátt fyrir þetta hafa enn engar varnir verið reistar í þágu heimilanna.

**Enn hafa engar varnir verið reistar í þágu heimilanna.**

**Nýtt lyklafrumvarp**

Nauðsynlegt er að lögfesta úrræði sem tryggi eigendum fasteigna sem lenda í greiðsluvanda lausn, til að fyrirbyggja að aldrei oftar verði gerð önnur eins aðför að fjölskyldum og átt hefur sér stað frá hruni og ekki sér fyrir endann á. Höfundur hefur að tilstuðlan Hagsmunasamtaka heimilanna með stuðningi þingmanna úr fjórum stjórnmálaflokkum lagt fram lyklafrumvarp til varnar heimilunum.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að vandaðri lánastarfsemi með því að færa skuldurum að fasteignalánum í hendur þann möguleika að láta af hendi veðið að baki láni og ganga skuldlausir frá borði ef engin önnur úrræði finnast. Frumvarpið er þannig mikilvægur liður í því að dreifa áhættu í fasteignalánum og færa innlenda lánastarfsemi úr því horfi að áhætta falli öll á herðar lántaka

**Efni frumvarpsins**

Glati samningur um fasteignalán veðtryggingu í fasteign í kjölfar nauðungarsölu teljast eftirstöðvar lánsins fallnar niður gagnvart neytanda. Gildir það sama eftir því sem við á um önnur lögbundin úrræði vegna skuldaskila fasteignalána til neytenda, svo sem gjaldþrotaskipti, nauðasamninga, greiðsluaðlögun eða aðrar sambærilegar ráðstafanir sem rekja má til greiðsluvanda neytanda og leiða til þess að samningur um fasteignalán glatar veðtryggingu í fasteign.

Með frumvarpinu er gerð tillaga sem getur haft mikla þýðingu fyrir neytendur í greiðsluerfiðleikum sem leiða til þess að þeir missa húsnæði sitt á nauðungarsölu.

Lögfest verði eins konar efndaígildi (lat.: datio in solutum) í fasteignalánum. Efndaígildi lýsir sér þannig að kröfusambandi kröfuhafa og skuldara lýkur með öðrum hætti en upphaflega er að stefnt. Kröfuhafi viðurkennir þá aðra greiðslu sem fullnægjandi. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að kröfuhafa samkvæmt samningi um fasteignalán, sem sé tryggt með veði í hinni keyptu fasteign, verði gert að samþykkja að afhending umræddrar eignar í sínar hendur teljist vera fullnaðargreiðsla af hálfu skuldara. Ákvæðið er orðað með þeim hætti að ekki er gert ráð fyrir að á það reyni nema í neyð, þ.e. þegar greiðslufall hefur orðið af hálfu skuldara og lögbundinn réttur kröfuhafa til að neyta fullnusturéttar síns er orðinn virkur.

Sambærileg úrræði hafa lengi þekkst í mörgum ríkjum Bandaríkjanna og hafa frá fjármálahruni rutt sér til rúms víða í Evrópu.

# Umbreytingar í fjármálaþjónustu



Sirrý Hallgrímsdóttir
verkefnastjóri

Það hefur ekki farið fram hjá mörgum að miklar umbreytingar eiga sér stað í fjármálaþjónustu nú þegar fjártæknin er farin að bjóða upp á fjölmörg ný tækifæri. Á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem haldinn var á Balí nú í október, var lögð fram skýrsla (Bali Fintech Agenda) sem á að aðstoða aðildarríkin við að móta sína eigin stefnu og nálgun á þessa nýju grein. Í skýrslunni eru lögð fram tólf stefnumarkandi viðmið sem ríkin geta haft til hliðsjónar. Vonir standa til þess að viðmiðin stuðli að auknu samstarfi milli ríkjanna sem og aðstoði þau við að móta sitt eigið umhverfi. Áhersla er lögð á að hefta ekki vöxt greinarinnar en jafnframt er leitast við að draga samhliða úr áhættutengdri starfsemi. Viðmiðin eru:

1. Fagna og vekja athygli á þeim möguleikum sem fjártækni býður upp á.
2. Útvíkka ákvæði um fjármálaþjónustu með tilkomu nýrrar tækni.
3. Styrkja samkeppni og skuldbindingar um frjálsan og opinn markað.
4. Gera fjártækni kleift að taka þátt í aðlögun og mótun fjármálamarkaðarins.
5. Fylgjast vel með þróun markaða til að auka og dýpka skilning á þróun fjármálakerfisins.
6. Aðlaga reglugerðar- og eftirlitsumhverfi sem miðar að stöðugu og skipulögðu fjármálakerfi.
7. Standa vörð um traust á fjármálakerfi.
8. Nútímavæða núverandi lagaumhverfi.
9. Tryggja stöðugleika gjaldmiðils og fjármálakerfisins.
10. Byggja upp sterka fjármála- og gagnainnviði innan fjármálakerfisins til að viðhalda möguleikum í fjártækni.
11. Hvetja til alþjóðlegrar samvinnu og upplýsingaskipta.
12. Auka sameiginlegt eftirlit með gjaldeyris- og fjármálakerfum.

**Það er alveg ljóst að þessi nýja tækni býður upp á mikla möguleika til að bæta til muna fjármálaþjónustu fyrir neytendur en gefa jafnframt hinu opinbera og stofnunum þess eins og Seðlabankanum kleift að sinna hlutverki sínu betur.**

Það er alveg ljóst að þessi nýja tækni býður upp á mikla möguleika til að bæta til muna fjármálaþjónustu fyrir neytendur en gefa jafnframt hinu opinbera og stofnunum þess eins og Seðlabankanum kleift að sinna hlutverki sínu betur. Við höfum núna tækifæri til að taka saman höndum, hið opinbera og einkaaðilar, til að móta umhverfi sem tryggir það að báðir aðilar geti nýtt þau tækifæri og þá möguleika sem framtíðin býður upp á. Hið opinbera getur aðstoðað við að draga úr áhættuþáttum og fyrirtækin þróað gagnsætt og þjónustumiðað fjármálakerfi öllum til góða.


Ford Grand C-max 7 manna
Nýskráður 3/2015, ekinn 70 þús.km., bensín, beinskiptur.
Verð kr. 1.890.000
Afborgun kr. 24.433 á mán.*


Honda CR-V Elegance Navi
Nýskráður 8/2016, ekinn 62 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.890.000
Afborgun kr. 50.128 á mán.*


Honda Civic Comfort
Nýskráður 6/2017, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.790.000
Afborgun kr. 35.995 á mán.*


Honda Jazz Trend
Nýskráður 6/2017, ekinn 27 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.290.000
Afborgun kr. 29.572 á mán.*

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT



Rakel Hönnudóttir og félagar hennar hjá Limhamn Bunkeflo munu leika áfram í sænsku úrvalsdeildinni á næsta keppnistímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Góður klefafundur lykillinn

**Rakel Hönnudóttir lagði þung lóð á vogarskálina þegar lið hennar Limhamn Bunkeflo bjargaði sér frá falli í sænsku úrvalsdeildinni á síðustu stundu á nýliðinni leiktíð. Hún var iðin við kolann við markaskorun á sínu fyrsta keppnistímabili með liðinu.**

**FÓTBOLTI** Rakel Hönnudóttir, landsliðskona í knattspyrnu, er nýkomin heim til Íslands í langþráð frí. Hún og Anna Björk Kristjánsdóttir, samherji hennar í landsliðinu, hafa háð harða fallbaráttu með liði sínu Limhamn Bunkeflo í sænsku úrvalsdeildinni sem lauk um síðustu helgi. Útlitið var afar svart hjá liðinu þegar sex umferðir voru eftir af deildarkeppninni.

Liðið var með tólf stig í fallsæti, átta stigum frá öruggu sæti þegar sex umferðir voru eftir af deildinni og fall úr efstu deild blasti við. Rakel og félagar hrukku hins vegar í gang, höfðu betur í fjórum af síðustu fimm leikjum sínum í deildinni. Sætið var svo gulltryggt með 1-0 sigri gegn Guðbjörgu Gunnarsdóttur, Ingibjörgu Sigurðardóttur og liðsfélögum þeirra hjá Djurgården í lokaumferð deildarinnar.

„Lokaleikurinn var mjög stressandi, ég viðurkenni það alveg. Við vorum sterkari aðilinn lengstan hluta af leiknum. Það lá hins vegar töluvert á okkur síðustu tíu mínúturnar um það bil. Ég fékk gott færi til þess að koma okkur tveimur mörkum yfir þar sem ég skaut fram hjá. Við vissum að jafntefli myndi ekki duga okkur. Ég var því sérstaklega sátt við að við næðum að landa sigrinum,“ segir Rakel um síðasta leik liðsins í deildinni.

„Við vorum í afar erfiðri stöðu eftir tap fyrir Hammarby um miðjan september. Við tókum þá góðan fund í klefanum þar sem við ræddum málin. Þar förum við vel yfir hlutina og hver einasti leikmaður bætti frammistöðu sína töluvert eftir þann fund. Við ræddum þar að við yrðum að gera betur, léttum á okkur og ýttum frá okkur þyngslum sem höfðu haft áhrif á spilamennsku okkar fram að þeim fundi. Það voru því frekar hugarfarslegir hlutir sem urðu til þess að þetta small saman frekar en einhverjar taktískar breytingar eða breytingar á leikstíl,“ segir hún um góðan lokakafla liðsins.

> **Samningur minn við félagið er runninn út. Ég mun ræða við umboðsmann minn um framtíðina í rólegheitum á næstu dögum.**
>
> Rakel Hönnudóttir

Rakel átti stóran þátt í því að lið hennar hélt sæti sínu í deild þeirra bestu. Hún var að leika með liðinu á sinni fyrstu leiktíð eftir að hafa gengið til liðs við félagið frá Breiðabliki síðastliðið haust. Rakel var á skotskónum í þremur af þessum fjórum sigurleikjum og þegar upp var staðið hafði hún skorað ellefu mörk fyrir liðið í deild og bikar í frumraun sinni á sænskri grund. Mörkin þrjú sem komu í sigurleikjunum voru sigurmark þegar liðið vann með einu marki gegn engu, annað marka liðsins í 2-1 sigri og eitt marka í leik sem endaði 3-0.

„Ég var ein af þeim sem vissu að þær gætu gert betur en þær höfðu gert framan af mótinu. Ég lék aðallega sem framherji og stundum sem fremsti miðjumaður. Það var því mitt hlutverk að skora fyrir liðið og ég náði að sinna því hlutverki þegar mest á reyndi. Það er mjög gaman að hafa það nokkuð skýrt hvar á vellinum ég spila þrátt fyrir að ég geti leyst margar stöður og spili bara þar sem þjálfaranum finnst það henta best,“ segir Akureyringurinn um sína eigin frammistöðu á keppnistímabilinu.

„Þessi fallbarátta hefur legið þungt á mér og liðsfélögum mínum í langan tíma. Það er þar af leiðandi mikill léttir að sætið í efstu deild sé í höfn. Nú tekur við tveggja vikna frí sem ég ætla að verja hér heima með vinum og vandamönnum. Það er mjög þægileg tilfinning að koma hingað heim með það í farteskinu að liðið verði áfram í efstu deild á næstu leiktíð,“ segir landsliðskonan um framhaldið.

„Mér líður mjög vel í Malmö og það skemmir alls ekki fyrir að Anna Björk og Glódís Perla Viggósdóttir búa einnig í borginni. Samningur minn við Limhamn Bunkeflo rann út eftir tímabilið og ég hef ekkert spáð mikið í framtíðina. Ég gæti vel hugsað mér að spila áfram fyrir liðið, en ég mun ræða það við umboðsmann minn í rólegheitunum hvort mér standi eitthvað annað til boða. Ef ég fæ eitthvert freistandi tilboð mun ég klárlega skoða það með opnum huga,“ segir hún enn fremur um áform sín fyrir næsta tímabil. **hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

### Olís-deild kvenna

**KA/Þór - Fram 24-23**
**KA/ÞÓR.:** Martha Hermannsdóttir 8, Anna Þ. Halldórsdóttir 5, Sólveig L. Kristjánsdóttir 4, Katrín Vilhjálmsdóttir 3, Hulda B. Tryggvadóttir 2, Ásdís Sigurðarsdóttir 2.
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Elva Þóra Arnardóttir 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 4, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Lena Margrét Valdimarsdóttir 2.

**ÍBV - Selfoss 25-21**
**ÍBV:** Ester Óskarsdóttir 7, Greta Kavaliuskaeite 4, Arna Sif Pálsdóttir 4, Karólína Bæhrenz 3, Sunna Jónsdóttir 3, Ásta B Júlíusdóttir 2.
**Selfoss:** Perla R. Albertsdóttir 6, Hrafnhildur H. Þrastardóttir 4, Rakel Guðjónsdóttir 3, Sarah B. Sörensen 3, Harpa S. Brynjarsdóttir 2, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 2.

**Valur - HK 26-19**
**Valur:** Alina Molkova 5, Sandra Erlingsdóttir 5, Lovísa Thompson 4, Morgan M. Þorkelsdóttir 3, Anna Ú. Guðmundsdóttir 2, Hildur Björnsdóttir 2, Gerður Arinbjarnar 2.
**HK:** Díana Kristín Sigmarsdóttir 8, Elva Arinbjarnar, 3, Sigríður Hauksdóttir 2, Þórunn Friðriksdóttir 2.

**Haukar - Stjarnan 32-18**
**Haukar:** Ragnheiður Ragnarsdóttir 7, Karen H. Díönudóttir 4, Berta R. Harðardóttir 4, Þórhildur B. Þórðardóttir 3, Maria Pereira 2, Ragnheiður Sveinsdóttir 2, Ramune Pekarskyte 2, Vilborg Pétursdóttir 2,Turið Samuelsen 2, Hekla R. Ámundadóttir 2.
**Stjarnan:** Þórey Anna Ásgeirsdóttir 3, Steinunn Guðjóns 3, Kristín Guðmdundsóttir 3, Dagný Huld Birgirsdóttir 3, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 2.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 11 | Haukar | 8 |
| Fram | 10 | HK | 6 |
| ÍBV | 9 | Stjarnan | 3 |
| KA/Þór | 8 | Selfoss | 1 |

# Guðrún Brá reynir við LET

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Guðrún Brá Björgvinsdóttir hefur í dag leik á fyrsta stigi úrtökumótsins fyrir LET, Evrópumótaröðina. Er þetta fyrri hlutinn af tveimur úrtökumótum fyrir Evrópumótaröðina, sterkustu mótaröð Evrópu.



Er þetta annað árið í röð sem Guðrún gerir atlögu að því að komast inn á Evrópumótaröðina eftir að hafa keppt á LETA-mótaröðinni á þessu tímabili.

Fer mótið fram á Palm-Golf-vellinum í Marokkó og er Guðrún í fyrsta ráshóp ásamt Sien Evans og Georgiu Oboh. **– kpt**

NÆST Á DAGSKRÁ
MÁLÞING UM BÖRN, UNGT FÓLK OG MIÐLUN TIL FRAMTÍÐAR
Í Efstaleiti í dag kl. 15-17 Allir velkomnir Nánar á ruv.is
RÚV
BBC
NRK


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 31. október 2018 | 40. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Fjárfestar flýja hlutabréfasjóði

Eignir íslenskra hlutabréfasjóða hafa nær helmingast á þremur árum. Innlausnir fjárfesta, sér í lagi lífeyrissjóða, skýra stóran hluta minnkunarinnar. Svo virðist sem fjárfestar forðist að kaupa hlutabréf, að sögn dósents í hagfræði. 6-7



»2

### FME sektar Landsbankann um hálfa milljón á dag

Landsbankinn hefur þurft að greiða FME 23 milljónir króna í sekt frá því í september. Eftirlitið sektar bankann um hálfa milljón á dag til þess að knýja á um að hann selji hlut sinn í Eyri Invest.

»4

### Verðið á Marel rjúki upp við skráningu erlendis

Verði af skráningu Marels í erlenda kauphöll má búast við helmingshækkun hlutabréfaverðs samkvæmt verðmati bresks greiningarfyrirtækis. Gæti greitt götuna fyrir yfirtöku á Marel. Yfirtökuverðið metið 60 prósentum yfir markaðsvirði.

»10

### Hótanir Helgu Hlínar komu á óvart

„Við njótum mikils stuðnings hluthafa á þeirri vegferð, en furðu mikillar fyrirstöðu frá aðilum sem engra hagsmuna eiga að gæta hjá félaginu,“ segir Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, stjórnarmaður í VÍS, í aðsendri grein.




# Bestseller á Íslandi tapaði 105 milljónum

Bestseller á Íslandi, sem rekur meðal annars tískuvöruverslanirnar Vero Moda, Vila, Jack & Jones, Selected og Name It, tapaði liðlega 105 milljónum króna í fyrra samkvæmt ársreikningi félagsins, V.M. ehf.

Til samanburðar hagnaðist félagið um 316 milljónir króna árið 2016 en söluhagnaður rekstrarfjármuna upp á 489 milljónir króna litaði afkomuna það árið.

Bestseller á Íslandi seldi vörur fyrir samanlagt 1.379 milljónir króna á síðasta ári og dróst salan saman um 9,6 prósent frá fyrra ári. Álagning af vörusölunni nam tæpum 816 milljónum króna í fyrra en hún var um 893 milljónir króna árið 2016.

Rekstrartap félagsins nam 7 milljónum á síðasta ári borið saman við rekstrarhagnað upp á 152 milljónir árið 2016.

Félagið átti eignir upp á 1.295 milljónir króna í lok síðasta árs en þar af námu veltufjármunir 1.105 milljónum. Skuldirnar námu um 1.267 milljónum króna og þar af voru skammtímaskuldir 684 milljónir króna.

Var eigið fé félagsins ríflega 28 milljónir króna í lok ársins og eiginfjárhlutfallið því um 2,2 prósent.

V.M. er í eigu fjárfestingafélagsins Vörðu Capital sem er að stærstum hluta í eigu Jónasar Hagan Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar. Í ársreikningnum er tekið fram að fjárfestingafélagið sé tilbúið til þess að styðja við áframhaldandi rekstur V.M. með eiginfjárframlagi sem nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarhæfi félagsins. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri. Bankinn segir ekkert viðunandi tilboð hafa borist í hlut hans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sektar Landsbankann um hálfa milljón á dag

**Landsbankinn hefur þurft að greiða Fjármálaeftirlitinu 23 milljónir króna í sekt frá því í september. Eftirlitið sektar bankann um hálfa milljón á dag til þess að knýja á um að hann selji hlut sinn í Eyri. Bankinn segist vinna að lausn málsins.**

Fjármálaeftirlitið hefur frá því um miðjan síðasta mánuð sektað Landsbankann um hálfa milljón króna á dag til þess að knýja á um að bankinn selji 22 prósenta hlut sinn í Eyri Invest, stærsta einstaka hluthafa Marels. Bankinn hefur haft hlutinn til sölu með opinberum hætti frá því í maí árið 2016 án þess að viðunandi tilboð, að hans mati, hafi borist.

Frá því að Fjármálaeftirlitið hóf að leggja dagsektir á Landsbankann þann 15. september síðastliðinn hafa sektarnar numið samanlagt 23 milljónum króna. Í svari bankans við fyrirspurn Markaðarins segir að bankinn hafi lengi reynt að selja bréfin í Eyri Invest og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins geri það enn brýnna en áður.

„Bankinn er að meta möguleg viðbrögð í framhaldi af ákvörðun Fjármálaeftirlitsins,“ segir jafnframt í svarinu.

Eyrir Invest fer með 25,9 prósenta hlut í Marel, langsamlega stærsta félaginu í Kauphöllinni, og er óbeinn eignarhlutur Landsbankans í hátæknifyrirtækinu metinn á rúmlega 16 milljarða króna. Til viðbótar á fjárfestingafélagið 43,4 prósenta hlut í Eyri Sprotum, sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum, og þriðjungshlut í Efni Media, sem selur vörur og þjónustu í gegnum netið og samfélagsmiðla.

Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsbankanum, situr í stjórn Eyris Invest fyrir hönd bankans.

**16**

**milljarðar króna er virði óbeins eignarhlutar Landsbankans í Marel í gegnum Eyri Invest.**

Eignarhald Landsbankans í Eyri Invest telst fela í sér tímabundna starfsemi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, enda er um að ræða félög í óskyldum rekstri, og hefur Fjármálaeftirlitið á undanförnum árum veitt bankanum fresti til þess að minnka hlut sinn í fjárfestingafélaginu.

Fjármálaeftirlitið hefur sagt í fyrri tilkynningum að geti fjármálafyrirtæki ekki staðið við gefna fresti og ekki liggi fyrir fullnægjandi rök, að mati eftirlitsstofnunarinnar, fyrir veitingu viðbótarfrests muni stofnunin beita dagsektum og/eða stjórnvaldssektum til þess að knýja á um aðgerðir.

**Bréfin snarhækkað í verði**

Í svari Landsbankans er tekið fram að bankinn hafi boðið eignarhlutinn, sem þá nam 23,3 prósentum af hlutafé Eyris Invest, til sölu í opnu söluferli í maí árið 2016. Fimm tilboð bárust og var þeim öllum hafnað þar sem þau þóttu óviðunandi að mati bankans.

Á þeim tíma var óbeinn hlutur bankans í Marel – í gegnum Eyri Invest – metinn á tæplega 12 milljarða króna miðað við þáverandi gengi bréfa félagsins en síðan þá hafa bréfin hækkað um tæplega 50 prósent í verði.

Í skýrslu bankaráðs Landsbankans, sem fylgir fjórðungsuppgjöri bankans sem birt var í síðustu viku, kemur fram að Fjármálaeftirlitið muni leggja dagsektir á bankann þar til hann hefur „orðið við úrbótakröfu um að ljúka tímabundinni starfsemi“ í Eyri Invest, eins og það er orðað. Er bankinn sagður vinna sem fyrr að lausn málsins.

Rekstur Marels hefur gengið afar vel á undanförnum misserum og skilaði hátæknifyrirtækið met-tekjum upp á 297 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi. Jukust tekjurnar um 22 prósent á milli ára. Hagnaður Marels nam 29,5 milljónum evra á fjórðungnum og jókst um 59 prósent frá fyrra ári.

Hagnaður Eyris Invest nam 110 milljónum evra í fyrra, samkvæmt ársreikningi fjárfestingafélagsins, og jókst um 163 prósent á milli ára. Var arðsemi eigin fjár 34 prósent á árinu. Heildareignir félagsins námu ríflega 560 milljónum evra í lok síðasta árs borið saman við 465 milljónir evra í lok árs 2016.

Fyrir utan Landsbankann eru stærstu hluthafar Eyris Invest Þórður Magnússon stjórnarformaður með 19 prósenta hlut og Árni Oddur Þórðarson, sonur hans og forstjóri Marels, með 16 prósenta hlut.

**hordur@frettabladid.is,**
**kristinningi@frettabladid.is**







## Hætt í starfshópi um hvítbók um fjármálakerfið

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, sem hefur átt sæti í starfshópi sem vinnur að hvítbók um framtíðarsýn og stefnu fyrir íslenska fjármálakerfið, hefur hætt öllum störfum fyrir hópinn. Sylvía vildi ekkert tjá sig um ákvörðunina en samkvæmt upplýsingum Markaðarins dró hún sig formlega út úr hópnum í síðasta mánuði.

Sylvía tók við starfi nýrrar stuðningsdeildar flugrekstus Icelandair í júlí síðastliðnum en auk þess situr hún stjórn Ölgerðarinnar og Símans. Áður var hún deildarstjóri jarðvarmadeildar Landsvirkjunar á orkusviði.



Sylvía Kristín Ólafsdóttir.

Áætlað er að starfshópurinn muni skila niðurstöðum sínum með skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra í lok nóvembermánaðar. Vinna við gerð hvítbókarinnar hefur tafist nokkuð en þegar starfshópurinn var skipaður í byrjun febrúar á þessu ári var gert ráð fyrir að hann myndi ljúka vinnu sinni fyrir miðjan maímánuð.

Kveðið var á um stofnun hópsins í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar sagði að hvítbókin yrði lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir yrðu teknar um fjármálakerfið. Á hvítbókin að hafa að leiðarljósi aukið traust á íslenskum fjármálamarkaði, aukið gagnsæi og fjármálastöðugleika.

Eftir brotthvarf Sylvíu er starfshópurinn skipaður þeim Lárusi Blöndal, hæstaréttarlögmanni og jafnframt formanni hópsins, Guðrúnu Ögmundsdóttur, forstöðumanni lausafjáráhættu og fjármálafyrirtækja hjá Seðlabankanum, Guðjóni Rúnarssyni lögmanni og Kristrúnu Tinnu Gunnarsdóttur, hagfræðingi hjá Oliver Wyman í Svíþjóð. **– hae**

# BESTU LÚXUSJEPPARNIR ERU FRÁ VOLVO

### VOLVO XC60 AWD
## HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá EURO NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.
Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.290.000 kr.
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.890.000 kr.

### VOLVO XC90 AWD
## MARGVERÐLAUNAÐUR LÚXUSJEPPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af EURO NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggis-stofnuninni (IIHS).
Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.190.000 kr.

### VOLVO XC40 AWD
## BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar.
Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft.
Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstrarprófunum EURO NCAP.
Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.290.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.690.000 kr.



MADE BY SWEDEN

**Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajeppa í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Verðið rjúki upp við skráningu erlendis

**Verði af skráningu Marels í erlenda kauphöll má búast við helmingshækkun hlutabréfaverðs samkvæmt ýtarlegu verðmati bresks greiningarfyrirtækis. Skráning erlendis gæti greitt götuna fyrir yfirtöku á Marel. Yfirtökuverðið metið 60 prósentum yfir markaðsvirði.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Skráning Marels í erlenda kauphöll getur leitt til þess að hlutabréfaverðið hækki um 40 til 60 prósent vegna virkari verðmyndunar og aukinna líka á yfirtökutilboði í fyrirtækið. Þetta kemur fram í ýtarlegu verðmati breska greiningarfyrirtækisins Stockview, sem Markaðurinn hefur undir höndum og ber yfirskriftina Too hot for Iceland, en um er að ræða fyrsta verðmatið sem erlent greiningarfyrirtæki gerir á Marel.

Greinandi Stockview fer ýtarlega yfir rekstur Marels og metur það svo að heilt yfir sé virði fyrirtækisins um 51 prósenti yfir markaðsvirði. Marel horfi fram á töluverða arðsemi og vöxt næsta áratuginn og það sé fágæt samsetning.

„Markaðsaðilar hafa horft fram hjá Marel þrátt fyrir að fyrirtækið sé leiðandi á sínu sviði, og viðskipti með hlutabréfin einskorðast við fá íslensk verðbréfafyrirtæki. Það kemur okkur á óvart í ljósi markaðsvirðis upp á tvo milljarða evra, arðsemi heildarfjármagns upp á 40 prósent og sjálfbærs vaxtar upp á 6 prósent,“ segir í verðmatinu.

Verð hlutabréfa í Marel stendur í 389 krónum og nemur markaðsvirði þess tæplega rúmum 286 milljörðum króna. Samkvæmt verðmatinu og forsendum þess um skráningu erlendis mun gengið hækka upp í 588,48 krónur á næstu 12 til 18 mánuðum og markaðsvirðið þá nema 433 milljörðum. Gangi spá Stockview eftir um yfirtökugengi á Marel upp á um 630 krónur á hlut, eða um 60 prósentum hærra en núverandi gengi, þá jafngildir það því að markaðsvirði Marels sé um 470 milljarðar.

Ásthildur Otharsdóttir, stjórnarformaður Marels, tilkynnti á aðalfundi í mars að Marel hefði ráðið STJ, óháðan alþjóðlegan ráðgjafa, til að greina mögulega skráningarkostnaði. Marel hefur áður gefið út sams konar tilkynningar, fyrst árið 2009 og aftur árið 2011, en horfið var frá áformunum vegna markaðsaðstæðna. Telur greinandi Stockview að líklegra sé nú en áður að stjórn Marels láti verða af áformum um að skrá fyrirtækið í erlenda kauphöll og nefnir þrjár ástæður því til stuðnings.

Árni Oddur Þórðarson hefur gegnt stöðu forstjóri Marels frá nóvember 2013. Fréttablaðið/Valli



### Smæð Kauphallarinnar háir Marel

Í fyrsta lagi eru áformin trúverðugri en áður með ráðningu STJ og setningu tímamarka. Er ráðgert að taka endanlega ákvörðun fyrir lok þriðja fjórðungs þessa árs og að framkvæmdin taki síðan sex til tólf mánuði. Þá túlkaði greinandinn orð Ásthildar stjórnarformanns á aðalfundinum á þá vegu að skráning Marels í íslensku Kauphöllinni hefði aftrað fyrirtækinu frá samruna við stærri fyrirtæki.

Í öðru lagi telur greinandi Stockview að Marel sé betur í stakk búið til að vera verðmetið hærra. EBIT-framlegðin hafi til að mynda vaxið úr 11 prósentum árið 2011 upp í 15 prósent árið 2017 á sama tíma og umsvif fyrirtækisins hafi aukist um meira en helming. Smæð íslensku Kauphallarinnar og sveiflur íslensku krónunnar bjagi hins vegar verðmyndun á hlutabréfum í Marel. Með skráningu á erlendan hlutabréfamarkað og aukinni virkni í viðskiptum yrðu bréf í Marel verðlögð með sambærilegum hætti og bréf í öðrum framleiðendum vinnslubúnaðar.

**470**

**milljarðar er markaðsvirði Marels samkvæmt spá um mögulegt yfirtökugengi.**

Bendir greinandinn á að margfeldið EV/EBITDA, þ.e.a.s. heildarvirði fyrirtækisins sem hlutfall af EBITDA-hagnaði, hafi staðið í stað frá árinu 2011 en hækkað hjá öðrum framleiðendum vinnslubúnaðar. Margfeldið hjá Marel hafi verið 12 árið 2011 og 13 í október 2018. Til samanburðar hafi margfeldið hjá bandaríska fyrirtækinu JBT hækkað úr 7 upp í 19, og margfeldið hjá sænska fyrirtækinu Alfa Laval hækkað úr 11 upp í 16. Virkari viðskipti með bréf í Marel hefði í för sér 39 prósenta hærra hlutabréfaverð að mati greinandans.

### Yfirtökuverðið yrði hátt

Í þriðja lagi er metið að skráning Marels á erlendan hlutabréfamarkað geti orðið kveikja að samruna eða yfirtökutilboði frá stærri framleiðendum. Bandarísku fyrirtækin JBT og The Middleby Corporation eru nefnd í því samhengi. JBT hefur ráðist í átta yfirtökur frá árinu 2014 og samkvæmt nýlegri kynningu fyrirtækisins eru frekari yfirtökur, sem snúa að vinnslu á nautakjöti, svínakjöti og fiski, í kortunum.

Samantekt á yfirtökum JBT og Middleby sýnir að yfirtökuverð fyrirtækis sem margfeldi af tekjum þess hafi að jafnaði verið um 1,5. Svipað margfeldi má einnig sjá í yfirtökum Marels. Greinandinn telur hins vegar að vegna stærðar, tækniþróunar og hugbúnaðarlausna Marels verði yfirtökuverð á fyrirtækinu nær margfeldinu 3. Miðað við afkomuspá Marels fyrir árið 2018 verði yfirtökuverðið því 62 prósentum hærra en núverandi markaðsvirði fyrirtækisins.

### Pantanabókin vanmetin

Greinandinn telur að fyrirtækið geti aukið EBIT-framlegð úr 15 prósentum í 17 prósent fyrir lok árs 2022, nái það aukinni stöðlun í framleiðslu og að draga lítillega úr kostnaði. Hlutabréfaverðið eins og það stendur í dag gefi hins vegar til kynna að EBIT-framlegðin sé um 14 prósent.

Þá tekur hann fram að pantanabók Marels á fyrsta helmingi þess árs hafi numið 50 prósentum af árstekjunum 2017 og að hlutfallslega mjög stór hluti pantana sé vegna glænýrra verkefna sem skapa aukið tekjustreymi í framtíðinni. Marel skapar yfir tvöfalt meiri tekjur af þjónustu, varahlutum og sölu vegna viðbótarfjárfestinga viðskiptavina heldur en af sölu vegna nýrra verkefna.

„Við teljum að pantanabókin á fyrri helmingi 2018 nái ekki að fanga virðið í því þegar viðskiptavinir auka framleiðslugetuna og/eða bæta við nýjum búnaði. Sumir viðskiptavinir gætu einnig viljað gera þjónustusamninga um viðhald á seinni stigum en pantanabókin nær ekki heldur að fanga það,“ segir í verðmatinu.

Verð hlutabréfa í Marel hefur hækkað um 20,4 prósent frá byrjun árs og 70 prósent á síðustu þremur árum. Stærsti hluthafinn er Eyrir Invest sem fer með 25,9 prósenta hlut en samanlagt eiga lífeyrissjóðir um 40 prósenta hlut. Marel mun birta uppgjör þriðja ásfjórðungs 2018 eftir lokun markaðar í dag.

# VÍS ekki lengur stærsti hluthafi Kviku banka

VÍS hefur selt ríflega hálfs prósents eignarhlut í Kviku banka og er þar með ekki lengur stærsti hluthafi fjárfestingarbankans. Í kjölfar sölunnar fer tryggingafélagið með 9,04 prósenta hlut í Kviku, samkvæmt nýuppfærðum hluthafalista bankans.

VÍS kom fyrst inn í eigendahóp Kviku í ársbyrjun 2017 þegar félagið keypti tæplega 22 prósenta hlut í bankanum fyrir um 1.655 milljónir króna. Þremur mánuðum síðar stækkaði eignarhlutur félagsins um rúmlega þrjú prósent þegar VÍS keypti hlut eignasafns Seðlabanka Íslands í bankanum.

Hluthafafundur tryggingafélagsins samþykkti sem kunnugt er í sumar að lækka hlutafé félagsins með 1,8 milljarða króna greiðslu til hluthafa í formi bréfa í Kviku. Við greiðsluna fór eignarhlutur VÍS í bankanum úr 21,8 prósentum í 9,6 prósent.

Hlutur tryggingafélagsins var metinn á 1.379 milljónir króna í bókum félagsins í lok septembermánaðar en um er að ræða stærstu einstöku fjárfestingareign þess.

Á meðal umsvifamestu hluthafa VÍS eru félög í eigu hjónanna Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, stjórnarmanns í tryggingafélaginu, og Guðmundar Arnar Þórðarsonar með samtals um sjö prósenta hlut. Félag þeirra er einnig í hópi stærstu eigenda Kviku banka með 7,7 prósenta eignarhlut og þá situr Guðmundur Örn í stjórn bankans.

Eftir söluna er Lífeyrissjóður verslunarmanna stærsti hluthafi Kviku með tæplega 9,5 prósenta hlut en RES II, sem er í eigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis, er næststærsti hluthafinn með 9,17 prósenta hlut. – kij

Gögnin í skýið með NetApp

Sensa og NetApp einfalda skýjavegferðina



Er þitt fyrirtæki byrjað að nota skýjalausnir? Hádegisfyrirlestur þar sem NetApp og Sensa kynna lausnir sem einfalda skýjavegferðina.

- Sérfræðingar NetApp og Sensa kynna með hvaða hætti lausnir NetApp geta gert þá vegferð auðveldari.
- Hvernig er hægt að hafa stjórn á gögnum sem þurfa að flæða á milli eigin búnaðar og AWS eða Azure?
- Hvaða kostir og gallar eru við blandað umhverfi?

Nauthóll, Nauthólsvegi 106
Miðvikudagur 7. nóvember kl. 12 - 14:30

Nánar um dagskrá og skráningar á
www.sensa.is/netapp-event/

NetApp sensa

TOYO TIRES
*driven to perform*

# Nesdekk verkstæði í næsta nágrenni við þig!




**Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi við misjöfn akstursskilyrði.**

**Fáðu ráðleggingar fagmanna okkar við val á réttum dekkjum fyrir þig.**



| TOYO TIRES *harðskeljadekk* | TOYO TIRES *harðskeljadekk* | TOYO TIRES *driven to perform* | TOYO TIRES *driven to perform* | TOYO TIRES *driven to perform* | TOYO TIRES *driven to perform* |
|---|---|---|---|---|---|
| GSI-5 | G3S - ICE | Snowprox S 953 | H09 | Toyo AT | Toyo MT |

Breiðhöfða 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200




Eignir íslenskra hlutabréfasjóða drógust saman um tæp 19 prósent frá byrjun árs til loka september en á sama tíma jókst samanlagt markaðsvirði skráðra félaga um nærri fimmtung. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eignirnar helmingast á þremur árum

**Eignir íslenskra hlutabréfasjóða hafa nær helmingast á þremur árum. Talsvert hefur verið um innlausnir fjárfesta, sér í lagi lífeyrissjóða. Framkvæmdastjóri Íslandssjóða segir áhyggjuefni að innlendir langtímafjárfestar sjái ekki tækifæri í að viðhalda hlut sínum á markaði.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Eignir í stýringu íslenskra hlutabréfasjóða námu ríflega 63 milljörðum króna í lok síðasta mánaðar og hafa nær helmingast frá því þær voru hvað mestar, um 118 milljarðar króna, fyrir réttum þremur árum.

Minnkandi eignir hlutabréfasjóðanna skýrast aðeins að litlu leyti af verðlækkunum á hlutabréfamarkaði – en markaðsvirði skráðra bréfa á aðallista Kauphallarinnar hefur fallið um 6,5 prósent undanfarin þrjú ár – heldur má rekja minnkunina að stórum hluta til innlausna fjárfesta.

Eignir hlutabréfasjóða voru samanlagt tæpir 62 milljarðar króna í lok júlí síðastliðins og höfðu þá ekki verið minni, í krónum talið, í hátt í fimm ár eða frá því í október árið 2013 þegar eignirnar námu alls 61 milljarði króna.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að svo virðist sem almennir fjárfestar forðist hálfvegis að fjárfesta í hlutabréfum. Fasteignamarkaðurinn hafi að einhverju leyti tekið við af hlutabréfamarkaðinum sem eins konar sparnaðarleið fyrir almenna fjárfesta.

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslandssjóða, segist hugsi yfir því að innlendir langtímafjárfestar sjái ekki tækifæri í að viðhalda hlut sínum á innlendum markaði þegar verðlagning sé almennt hagstæð. Það sé ákveðið áhyggjuefni.

Samkvæmt nýbirtum hagtölum Seðlabanka Íslands drógust eignir hlutabréfasjóða saman um 18,7 prósent frá byrjun þessa árs til loka septembermánaðar þrátt fyrir að á tímabilinu hafi tvö félög, Arion banki og Heimavellir, verið skráð í Kauphöllina. Á sama tíma jókst samanlagt markaðsvirði skráðra hlutabréfa á aðallista Kauphallarinnar um allt að fimmtung og úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði um 0,9 prósent.

**Innlausnir töluvert umfram sölu**

Tölur Seðlabankans um innlausnir hlutdeildarskírteina í hlutabréfasjóðum bera skýran vott um minnkandi áhuga fjárfesta á sjóðunum en til marks um það námu innlausnir 9,3 milljörðum króna umfram sölu frá byrjun þessa árs til loka september. Salan nam nánar tiltekið 12,3 milljörðum króna en innlausnirnar voru 21,6 milljarðar króna. Sé litið til ársbyrjunar 2017 hafa innlausnir hlutdeildarskírteina verið samanlagt 28,7 milljarðar króna umfram sölu, samkvæmt Seðlabankans.

Þróunin er sú sama ef horft er til nokkurra af stærstu hlutabréfasjóðum landsins. Þannig voru innlausnir um 6,7 milljarðar króna umfram sölu á fyrri helmingi ársins í stærsta sjóðnum, ÍS 15, sem er í stýringu sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis. Sjóðurinn var 26,1 milljarður króna að stærð í lok síðasta árs en 18,3 milljarðar króna að stærð í lok síðasta mánaðar. Eignir hans drógust því saman um 30 prósent á níu mánuðum.

Þá námu innlausnir tæplega 1,7 milljörðum króna umfram sölu í hlutabréfasjóðnum Equity, í stýringu GAMMA Capital Management, á fyrri árshelmingi en það er umtalsverð breyting frá síðasta ári þegar salan var 539 milljónir króna umfram innlausnir. Heildareignir umrædds sjóðs námu um 3,4 milljörðum króna í byrjun þessa árs en í lok septembermánaðar voru eignirnar 994 milljónir króna. Minnkunin nemur þannig 71 prósenti á níu mánaða tímabili.

Einn viðmælenda Markaðarins á fjármálamarkaði nefnir að minna fjármagn hlutabréfasjóðanna helgist að miklu leyti af innlausnum lífeyrissjóða sem hafi aukið fjárfestingar sínar erlendis og lánað í meiri mæli til sjóðfélaga. Margir sjóðir hafi auk þess á síðustu tólf til átján mánuðum tekið eignir úr stýringu í hlutabréfasjóðum og farið að stýra þeim sjálfir.

Lífeyrissjóðirnir áttu í lok síðasta mánaðar um 33,5 prósent af útgefnum hlutdeildarskírteinum í hlutabréfasjóðum en til samanburðar var hlutfallið 42,8 prósent í árslok 2017 og 49,3 prósent í lok árs 2016. Áttu sjóðirnir 21 milljarð króna í hlutabréfasjóðum í september og hefur eign þeirra ekki verið minni í krónum talið síðan í apríl árið 2013.

Viðmælandi Markaðarins bendir einnig á að margir einkafjárfestar hafi leitað betri ávöxtunar í öðrum fjárfestingarkostum en hlutabréfasjóðum enda hafi hlutabréf ekki gefið vel af sér á undanförnum mánuðum. Verðlækkanir á markaði ýti þannig bersýnilega undir innlausnir. Annar viðmælandi bendir jafnframt á að Icelandair Group vegi þungt í eignasöfnum stærstu hlutabréfasjóða landsins og því hafi gengishrun bréfanna – en þau hafa lækkað um 82 prósent í verði frá því í apríl árið 2016 – mikil áhrif á gengi og stærð sjóðanna.

**Stýra eignunum sjálfir**

Kjartan Smári segir einkum tvennt geta útskýrt minni eignir í stýringu hlutabréfasjóða.

„Í fyrsta lagi hafa lífeyrissjóðir flutt töluvert af eignum úr virkri stýringu hlutabréfasjóða á síðustu misserum og farið að stýra þeim sjálfir. Þetta hefur eðli málsins samkvæmt haft mest áhrif á þá hlutabréfasjóði sem sögulega hafa stýrt miklum eignum fyrir lífeyrissjóðina,“ útskýrir hann.

Sem dæmi stýri bæði Arion banki og Landsbanki nokkrum lífeyrissjóðum. „Þessir lífeyrissjóðir hafa í gegnum tíðina haft nokkuð stóran hluta af sinni hlutabréfaeign í

## Vill skoða leiðir til að auka áhuga almennings

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að hrun hlutabréfamarkaðarins árið 2008 hafi verið gríðarlegt áfall. Svo virðist sem markaðurinn hafi ekki alveg öðlast sama trúverðugleika og áður.

„Almennir fjárfestar virðast hálfvegis forðast að fjárfesta í hlutabréfum,“ nefnir Ásgeir. „Víða erlendis, til dæmis vestanhafs, hefur almenningur lagt mikið fjármagn í svokallaða vísitölusjóði sem hafa verið leiðandi í þeim uppgangi sem verið hefur á mörkuðum þar. Hér á landi eru slíkir sjóðir hins vegar mjög smáir og hafa lítið stækkað á síðustu árum.

Það má segja að fjárfestar hafi fremur keypt fasteignir en hlutabréf eftir hrun. Fasteignamarkaðurinn hefur að einhverju leyti tekið við af hlutabréfamarkaðinum sem eins konar sparnaðarleið fyrir almenna fjárfesta.“

Kanna mætti leiðir til þess að auka áhuga almennra fjárfesta á hlutabréfamarkaðinum. Ásgeir bendir meðal annars á að hlutabréfamarkaðinum hafi á tíunda áratugnum verið ýtt af stað með skattaafslætti. „Það má velta því fyrir sér hvort beita eigi slíkum aðferðum til þess að auka eftirspurn almennings eftir hlutabréfum. Einnig mætti leggja ríkari áherslu á að kynna vísitölusjóði fyrir fólki sem leið til fjárfestingar,“ segir hann.

**Almennir fjárfestar virðast hálfvegis forðast að fjárfesta í hlutabréfum.**



Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands

**19%**

**drógust eignir í stýringu hlutabréfasjóða saman frá byrjun árs til loka september.**

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 31. OKTÓBER 2018



# Gæðastund í miðborginni

Um sex áratuga skeið hefur Bókabúð Máls og menningar verið eitt af kennileitum miðborgarinnar. Þar er boðið upp á frábært úrval bóka, ritfanga og gjafavöru auk þess sem kaffihúsið býður upp á ljúffengar veitingar. →2

Eigendur Bókabúðar Máls og menningar undanfarin sjö ár eru Bára Kristinsdóttir (t.v.) og Arndís Björg Sigurgeirsdóttir. MYND/SIGTRYGGUR ARI

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ




Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og www.heilsanheim.is




Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Gildir til 3. nóv.



„Fram undan er líflegur tími í búðinni á Laugaveginum en við fáum næstum því nýjar bækur inn á hverjum degi,“ segja Bára Kristinsdóttir og Arndís Björg Sigurgeirsdóttir. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg 18 hefur þjónað landsmönnum um nær 60 ára skeið og er fyrir löngu orðin eitt af helstu kennileitum miðborgarinnar. Búðin hefur þjónað mjög mikilvægu menningarlegu hlutverki í gegnum tíðina og á vonandi eftir að halda því áfram um ókomin ár segja eigendur hennar, Arndís Björg Sigurgeirsdóttir og Bára Kristinsdóttir, en þær tóku við rekstri bókabúðarinnar fyrir sjö árum eða árið 2011. „Það má með sanni segja að Bókabúð Máls og menningar sé eins og mubla við Laugaveginn. Þótt Mál og menning hafi skipt um eigendur í gegnum árin þá er búðin alltaf eins, næstum eins og hún ráði sér sjálf enda nær sextug,“ segir Arndís.

## Fyrst og fremst bókabúð

Þær Arndís og Bára stofnuðu bókabúðina Iðu í Lækjargötu árið 2004 og ráku hana fram til ársins 2016 en þá seldu þær hana. Iða flutti inn nokkuð mikið af gjafavöru og ritföngum og því voru bestu birgjarnir fluttir yfir til Bókabúðar Máls og menningar, eins og t.d. Peter Pauper sem býður upp á gríðarlega vinsælar dagbækur. Árið 2012 opnuðu þær svo aðra Iðu að Vesturgötu 2a, sem er í daglegu tali kölluð Iða Zimsen bókakaffi.

„Mál og menning er fyrst og fremst bókabúð sem býr í þessu rúmgóða 700 fermetra plássi. Við bjóðum upp á bækur í miklu úrvali, bæði íslenskar og erlendar, enda taka bækur um 60% af þessum 700 fermetrum. Síðan eru það ritföng og föndur sem fylla hátt í tvær hæðir eða hátt í fjórðung rýmisins og gjafavaran rekur lestina. Þannig hefur þetta verið í allmörg ár,“ segir Bára.

## Notalegt kaffihús

Árið 2016 ákváðu þær að kaupa einnig kaffihúsið í Mál og menningu og reka það sem part af bókabúðinni. „Margir af viðskiptavinum okkar hafa sína föstu rútínu hér í búðinni, heilsa upp á bækurnar og fara svo upp og fá sér hressingu“. Kaffihúsið hefur fest sig vel í sessi í húsinu og er að þeirra mati orðið hluti af búðinni og þeirri upplifun sem hún býður upp á. „Enda líta flestir viðskiptavina okkar á að kaffihús og bókabúð fari mjög vel saman. Fátt er notalegra en kaffi- eða tesopi innan um bækurnar.“

## Líflegur tími

Bæði verslunin og kaffihúsið eru einnig vinsæl fyrir hvers konar viðburði svo sem útgáfuhóf, upplestra, tónleika, listaverka- og ljósmyndasýningar og hvers konar skemmtilegar uppákomur segja þær. „Uppi á kaffihúsinu hefur verið útbúið sýningarými eða lítið gallerí og þar eru sýningar settar upp reglulega. Fram undan er líflegur tími í búðinni á Laugaveginum en við fáum næstum því nýjar bækur inn á hverjum degi þannig að bæði starfsfólk okkar og viðskiptavinir bíða spenntir eftir hverjum titli. Svo má búast við miklu lífi og fjöri þegar líður að jólum en þá er aldrei dauður tími í Máli og menningu.“




Bækur taka um 60% af þeim 700 fermetrum sem verslunin býr yfir enda er boðið upp á mikið úrval innlendra og erlendra bóka.



Verslunin og kaffihúsið eru vinsæl fyrir hvers konar viðburði, t.d. útgáfuhóf, upplestra, tónleika, listaverka- og ljósmyndasýningar og aðrar skemmtilegar uppákomur.






Kaffihúsið hefur fest sig vel í sessi.

> Það má með sanni segja að Bókabúð Máls og menningar sé eins og mubla við Laugaveginn. Þótt Mál og menning hafi skipt um eigendur í gegnum árin þá er búðin alltaf eins, næstum eins og hún ráði sér sjálf enda nær sextug.
>
> Arndís Björg Sigurgeirsdóttir

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Verkfræði og arkitektúr

MIÐVIKUDAGUR 31. OKTÓBER 2018

Kynningar: VSÓ, Lota, Verkfæri, Kapp, Mannvit




VSÓ Ráðgjöf er alhliða ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki sem er leiðandi í að skoða áhrif mannvirkja á loftslagsbreytingar og býður alls kyns úrlausnir til að reyna að draga úr og bregðast við. MYND/ERNIR

# Draga úr loftslagsáhrifum bygginga

Verkfræðistofan VSÓ Ráðgjöf skoðar umhverfisáhrif mannvirkja og býður upp á ýmsar lausnir til að auka sjálfbærni og draga úr loftslagsáhrifum þeirra, allt frá hönnun og skipulagi til niðurrifs. →2



**Það er þörf á ráðgjöf sérfræðinga þegar kemur að því að takmarka umhverfisáhrif bygginga. Þetta er mikilvægt viðfangsefni, það er í ótal horn að líta og framfarir á þessu sviði eru mjög hraðar.** MYND/ERNIR

**Framhald af forsíðu ➜**

VSÓ Ráðgjöf er alhliða ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki sem leggur áherslu á trausta og faglega þjónustu sem tryggir viðskiptavinum hagkvæmustu lausnir hverju sinni, skilar raunverulegum árangri og stuðlar að samkeppnisforskoti. Á skrifstofum VSÓ í Reykjavík og í Noregi starfar 85 manna samhentur hópur verkfræðinga og annarra tæknimenntaðra starfsmanna.

„Víðtæk reynsla og þekking starfsmanna VSÓ byggir meðal annars á fjölbreyttum verkefnum sem fyrirtækið hefur unnið að hér á landi og erlendis á þeim 60 árum sem liðin eru frá því fyrirtækið var stofnað árið 1958,“ segir Sigríður Ósk Bjarnadóttir, doktor í byggingaverkfræði. „Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingaverkfræði en á áttunda áratugnum var farið inn á nýjar brautir með fjölbreyttari þjónustu til að mæta kröfum viðskiptavina. Starfsemi VSÓ er í dag skipulögð í sex meginfagsvið; framkvæmdaráðgjöf, samgöngur, tæknikerfi, umhverfi og skipulag, byggðatækni og burðarvirki.“

## Bjóða leiðir til að minnka loftslagsáhrif

„VSÓ er leiðandi í að skoða áhrif mannvirkja á loftslagsbreytingar og býður upp á alls kyns úrlausnir sem byggja á sérþekkingu starfsmanna til að reyna að draga úr og bregðast við loftslagsbreytingum,“ segir Sigríður. „Við bjóðum verkkaupum upp á að fara það sem við köllum grænu leiðina og höfum gert það undanfarin ár. Þetta eru sem sagt lausnir sem henta við ýmis verkefni, til dæmis mannvirkjahönnun, umhverfi og skipulag og samgöngur.

> **Þegar kemur að hönnun bygginga þarf að draga úr mengun og losun kolefnis bæði úr byggingunni sjálfri og við uppbyggingu hennar.**
>
> Sigríður Ósk Bjarnadóttir

Við erum að vinna í mjög mörgum verkefnum varðandi loftslagsbreytingar og höfum gert það svolítið lengi,“ segir Sigríður. „Það þarf að draga úr loftslagsbreytingum og við þurfum öll að gera það sem við getum til að vinna að því markmiði. VSÓ býður upp á mikið af lausnum sem gagnast við það.“

## Skoða heildarmyndina

„Þegar kemur að hönnun bygginga þarf að draga úr mengun og losun kolefnis bæði úr byggingunni sjálfri og við uppbyggingu hennar,“ segir Sigríður. „Við bjóðum upp á svokallað „Life Cycle Cost Analysis“ á sviði mannvirkjahönnunar, sem er mitt sérsvið. Þá skoðum við kostnaðinn við hönnun, uppbyggingu, afnot, viðhald og loks niðurrif byggingarinnar og reynum að finna hagkvæmustu og um leið umhverfisvænustu lausnina. Það sem er kannski ódýrast þegar kemur að hönnun og byggingu er ekki endilega ódýrast þegar horft er á heildarmyndina. Ef maður reynir að spara í uppbyggingunni getur byggingin til dæmis orðið dýrari í rekstri eða niðurrifi og þá hækkar heildarkostnaðurinn.

Við viljum auka sjálfbærni og skoðum til dæmis efnisval og nýtingu efna og athugum hvort hægt sé að nota svokölluð léttburðarvirki. Þá eru efnin valin þannig að þau passi sem best saman og þá getur grunnurinn orðið ódýrari,“ segir Sigríður. „Við reynum líka mikið að draga úr úrgangi með því að endurnýta úrgang við aðra hluta byggingarinnar eða einhverja aðra byggingu.“




**Þessi yfirlitsmynd sýnir hvernig starf sérfræðinga VSÓ Ráðgjafar snýr að ótal mörgum ólíkum vandamálum og verkefnum.** MYND/VSÓ RÁÐGJÖF

## Mikilvæg og fagleg þjónusta

„Byggingar valda gríðarlegri kolefnislosun, þannig að þetta er svið sem við ættum að horfa til og reyna að bæta,“ segir Sigríður. „Það eru líka miklir möguleikar, sérstaklega með græna steypu og alls konar öðruvísi byggingar- og fyllingarefni. Það er ýmislegt til og það hafa orðið mjög miklar framfarir á þessu sviði á síðustu árum, en vandamálið er að fólk veit almennt ekki af því sem býðst.

Það er í mörg horn að líta þegar maður fer að hugsa um þessa þætti og framfarirnar á þessu sviði eru stanslausar, en þetta er mjög mikilvægt. Þess vegna er full þörf á að fá ráðgjöf sérfræðinga í þessum efnum,“ segir Sigríður. „Við getum þjónustað allar gerðir af byggingarframkvæmdum, hvort sem það er sumarbústaður í sveitinni eða nýr Landspítali við Hringbraut.

Við sjáum um allar hliðar skipulags og hönnunar og lítum til allra nauðsynlegra þátta til að reyna að draga eins mikið úr loftslagsbreytingum og við getum. Þeir sem vilja byggja geta komið til okkar og fengið þá vissu að það sé allt unnið eftir bestu mögulegu aðferðum,“ segir Sigríður. „Við gerum líka allt sem við getum til að sníða þjónustuna að þörfum hvers og eins og að sjá til þess að fólk fái það sem það vill út úr mannvirkinu.“

## Alls kyns mikilvæg verkefni í vinnslu

„Við vinnum í mörgum og fjölbreyttum verkefnum. Við erum með Borgarlínuna og erum að skoða vistvæna ferðamáta, sem er mjög í anda þess að draga úr loftslagsbreytingum,“ segir Sigríður. „Svo erum við að skoða ýmis mál sem tengjast orkuskiptum. Við höfum m.a. hannað 47 rafhleðslustöðvar. Við höfum líka kortlagt svæði sem eru í flóðahættu í tengslum við hækkun sjávarborðs. Það er enn eitt vandamálið sem tengist loftslagsbreytingum. Það hefur ekki verið skoðað mikið hér á landi en er mikilvægt viðfangsefni fyrir samfélagið.

Við höfum mikið unnið að skipulagsmálum í kringum þéttingu byggðar og unnið umhverfismat á ýmsum verkefnum,“ segir Sigríður. „Við höfum líka komið að rannsóknum á sviði úrgangsstjórnunar til að minnka úrgang sem fylgir byggingum. Þar hefur verið skoðað að minnka urðun úrgangs, flokka betur og koma meira af efnum til endurvinnslu og jarðgerðar.

Þetta er bara brot af þeim ótal mörgu verkefnum sem VSÓ sinnir á þessu sviði,“ segir Sigríður. „Það er hægt að bæta nýtingu og minnka kolefnislosun í byggingum á mjög marga mismunandi vegu og VSÓ skoðar vandamálið frá mörgum ólíkum hliðum.“

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 512 5439 | **Veffang:** frettabladid.is

# Huga þarf að öryggishönnun

**Þekkingarfyrirtækið Lota hefur yfir að ráða reynslumiklum sérfræðingum í öryggishönnun og hefur fyrirtækið komið að hönnun öryggislausna fyrir mörg stór fyrirtæki og stofnanir á landinu.**

Við þurfum að horfa á það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur," segir Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur hjá Lotu, og kallar eftir því að vakning verði í öryggishönnun til að draga úr afbrotum. Hann segir að miklar breytingar hafi orðið í Bandaríkjunum og Evrópu á undanförnum árum, ekki síst vegna nýrra aðferða afbrotamanna, og þó að ógnin sé vissulega minni hér á landi þá sé engu að síður mikilvægt að gefa öryggishönnun gaum við hönnun nýrra mannvirkja, hvort sem um er að ræða fyrir verslun og þjónustu eða íbúðir.

Öryggishönnun til að draga úr afbrotum er fræðigrein sem nefnist á ensku Crime Prevention Through Environmental Design (CPTED). Upphaf hennar má rekja til miðrar síðustu aldar í Bandaríkjunum og byggir meðal annars á því að kortleggja öryggisþætti í tengslum við hönnun bygginga, þá bæði sem tengjast byggingunni sjálfri og einnig umhverfi hennar. Um er að ræða hugmyndafræði sem notið hefur mikilla vinsælda vestan hafs en hefur auk þess rutt sér til rúms í Evrópu með aukinni hryðjuverkaógn. „En greinin hefur einnig tekið stökkbreytingum vegna nýrra




Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur hjá Lotu, kallar eftir því að vakning verði í öryggishönnun til að draga úr afbrotum. MYND/STEFÁN

Þekkingarfyrirtækið Lota býður alla almenna verkfræðiþjónustu ásamt ráðgjöf á sviði öryggismála og vinnuverndar. Fræðast má frekar um starfsemi Lotu á heimasíðu fyrirtækisins, lota.is.

> Það er ekki aðeins húsnæði sem þarf að vera búið öryggisbúnaði því göngustígar, torg og markaðir skipta einnig máli.

aðferða afbrotamanna. Það er ekki aðeins húsnæði sem þarf að vera búið öryggisbúnaði því göngustígar, torg og markaðir skipta einnig máli. Þetta er því hugmyndafræði sem er orðin stór þáttur í þróun þéttbýliskjarna."

Eyþór tekur sem dæmi hönnun og byggingu nýrra húsa í miðborg Reykjavíkur. „Mikilvægt er að arkitektar og hönnuðir horfi til allra öryggissjónarmiða, til dæmis út frá gangandi vegfarendum, umferð og notkun rýma og þeirrar þróunar sem verður á miðborginni til næstu ára og áratuga. Þetta eru allt þættir sem skoðaðir eru í áhættumati ásamt fleiru en það er meðal annars okkar hlutverk."

## Kallaðir til á seinni stigum

Arkitektar og verkfræðingar hér á landi hafa sumir hverjir tileinkað sér hugmyndafræðina sem felst í öryggishönnun til að draga úr afbrotum en þegar það er ekki gert segir Eyþór að það leiði oft til þess að öryggissérfræðingar séu kallaðir til á seinni stigum. „Það getur verið þegar búið er að hanna húsið og jafnvel byggja það. Þá vakna spurningar um öryggi og framkvæmdaaðilar geta lent í vandræðum með því að bæta úr þáttum sem hefði verið hægt að benda á þegar húsið var á hönnunarstigi. Í mörgum tilfellum er hægt að komast hjá miklum kostnaði með því að áhættumeta starfsemi og umhverfi og gera ráð fyrir ýmsum öryggislausnum á hönnunarstigi."

Sem dæmi um íbúðarkjarna þar sem ekki var litið til hugmyndafræðinnar nefnir Eyþór Breiðholtið. „En það var auðvitað vegna þess að greinin var ekki komin til landsins þegar Breiðholtið byggðist upp. Eflaust hefði ýmislegt verið gert öðruvísi í dag og það er mjög gott að hugsa út í þessi atriði á hönnunarstiginu enda er þetta hugmyndafræði sem gefur kost á því að horfa á öryggismál í hverfinu út frá alls kyns breytum og mögulegri þróun. Það eitt að skoða t.d. lýsinguna er mjög mikilvægt, hvort hún eigi að henta bílum eða gangandi vegfarendum, hvernig hún eigi að vinna með umhverfinu o.s.frv. Það getur skipt miklu máli fyrir öryggi, íbúa og vegfarenda."

## Áratugalöng reynsla

Á öryggissviði Lotu eru reynslumiklir sérfræðingar sem sinna öryggishönnun, áhættumati, þarfagreiningu og hönnun á innbrotaviðvörunarkerfum, brunaviðvörunarkerfum, myndavélakerfum og aðgangsstýrikerfum. Sérfræðingar Lotu búa yfir áratugalangri reynslu af öllu sem viðkemur forvörnum og viðbrögðum er snerta þjófnaði og rýrnun, innbrot, vopnuð rán og ofbeldi á vinnustöðum.

Lota hefur unnið fyrir stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins. Eyþór segir að meðal verkefna hjá Lotu um þessar mundir sé nýtt húsnæði fyrir Kvennaathvarfið. Þar verða sextán íbúðir og eðli málsins samkvæmt þarf að gæta vel að öryggi íbúa. „Við höfum tekið þátt í hönnun hússins en þar er litið til allra öryggisþátta með tilliti til starfseminnar. Við komum með okkar hugmyndir snemma í ferlinu og munum svo fylgja þeim eftir þegar næsta skref verða tekin. Þetta er mikilvægt verkefni og brýnt að vandað sé til verka. Þetta eru heimili og inni í miðju í íbúðahverfi og því mikilvægt að á meðan gætt sé að fyllsta öryggi þá eigi það ekki að bitna á nágrönnum né heimilisbrag. Það gerir snemmbúna nálgun öryggishönnuða enn mikilvægari."



# Pritzker verðlaunahafi 2018

Indverski arkitektinn Balkrishna Doshi hlaut hin eftirsóttu Pritzker arkitektaverðlaun árið 2018 fyrir framlag sitt til arkitektúrs. Oft er talað um þau sem Nóbelsverðlaun arkitektaheimsins.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Balkrishna Doshi hefur lagt sitt af mörkum til arkitektúrs í yfir sextíu ár. Hann vann með tveimur meisturum tuttugustu aldar í byrjun ferils síns, þeim Le Corbusier og Louis Kahn, og eru fyrstu verk arkitektsins undir áhrifum frá verkum þeirra.

Doshi þykir lesa afar vel í menningu, sögu og umhverfi heimalands síns Indlands í hönnun sinni. Hann þykir skynsamur og alvarlegur, aldrei glysgjarn og fylgir ekki tískubylgjum. Hann þykir ábyrgðarfullur gagnvart landi sínu og þjóð og hefur hannað opinberar byggingar, skóla- og menningahús og heimili.

Á sjötta áratugnum hannaði hann fyrstu híbýlin fyrir láglaunafólk og hefur gert það nokkrum sinnum síðan.



Balkrishna Doshi.



Premabhai Hall er leikhús í Ahmedabad sem Doshi hannaði árið 1956. Leikhúsinu var lokað árið 1997.



Húsnæði fyrir láglaunafólk í Aranya. Doshi er ávallt meðvitaður um umhverfi, menningu, sögu og sjálfbærni. Þannig hannar hann svalir, húsagarða og yfirbyggða gangstíga sem verja fólk fyrir sólinni.



Sangath, arkitektastofa Doshi í Ahmedabad á Indlandi. Sangath er orð úr sanskrít sem þýðir að vera samferða.



Amdavad Ni Gufa er neðanjarðargallerí þar sem sýnd eru verk indverska listamannsins Maqbool Fida Husain.

# TOPCON

# GPS búnaður fyrir fagmenn

Verkfæri ehf. býður breitt úrval GPS-lausna fyrir jarð- og byggingaverktaka og verkfræðistofur.

Fyrirtækið Verkfæri ehf. úr Kópavogi sinnir þjónustu og sölu á búnaði fyrir jarð- og byggingarverktaka ásamt tengdum aðilum eins og verkfræðistofum, bæjarfélögum, ríkisstofnunum og fleiri aðilum að sögn Ólafs Baldurssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Sérstaða okkar er hversu margt við gerum í greininni þar sem við seljum og þjónustum landmælingabúnað, vélstýringar fyrir gröfur og lasera fyrir verktaka. Þar að auki erum við líka með sölu og leigu á gröfum, byggingarkrönum, skotbómulyfturum og fleiri tækjum.“

## Yfir 60 vélstýringar

Verkfæri ehf. selur líka GPS-búnað frá TOPCON og er sá búnaður einnig fyrir gröfur og landmælingar bætir Bogi Auðarson markaðsstjóri við. „Þeir sem kaupa slíkan búnað eru einna helst jarðvinnuverktakar því vélstýringar auðvelda mönnum vinnuna í vegagerð eða öðrum krefjandi verkefnum. Okkar stærsti viðskiptamannahópur í GPS-búnaði frá Topcon eru verkfræðistofur, mælingamenn, byggingaverktakar og jarðvinnuverktakar en í dag eru yfir 60 vélstýringar frá Topcon í gröfum hér á landi.“

## Nákvæmni og góð ending

Auk þess rekur Verkfæri ehf. leiðréttingarstöðvar fyrir GPS sem eru staðsettar um land allt. „Þessar stöðvar gefa leiðréttingu með GSM-tengingu og nákvæmnin er um 1-2 cm á 25 km fjarlægð frá NET-BASE,“ bætir Bogi við.

Topcon hefur einnig verið leiðandi í framleiðslu á laserum í heiminum að sögn þeirra félaga og voru þeir fyrstir að bjóða vörur sínar með fimm ára ábyrgð. „Laserarnir okkar eru mikið notaðir af fagmönnum í byggingariðnaði og jarðvinnu þar sem nákvæmni, ending og þjónusta skipta máli.“

## Fræðsla í forgangi

Undanfarið hefur verið mikið að gera í mælingadeildinni hjá Verkfærum þar sem framkvæmdir eru víða um land. „Núna í vetur stöndum við m.a. fyrir námskeiðahaldi í tengslum við mælitæki frá Topcon og SPX (Kapalleitartæki). Fyrstu námskeiðin verða dagana 13.-14. nóvember og eru nokkur sæti laus en áhugasamir geta skráð sig á verkfaeriehf.is.“




Lukas Pauzuolis mælingaverkfræðingur (t.v.) og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri Verkfæra ehf., taka vel á móti viðskiptavinum. MYND/ANTON BRINK

## Vönduð þjónusta og gott verð

Auk þess að vera umboðsaðili fyrir Topcon er Verkfæri ehf. líka umboðsaðili fyrir SPX en fyrirtækið hefur sinnt báðum vörumerkjunum í mörg ár. „Á þessum tíma höfum við lagt ríka áherslu á þjónustu og gott verð til viðskiptavina okkar. Hjá fyrirtækinu starfa tólf manns, þar af þrír starfsmenn sem koma að þjónustu og viðgerðarmálum á okkar tækjum frá Topcon.“ Þeir segja þjónustuna á Topcon hafa að mestu leyti verið fólgna í aðstoð við uppsetningu á gögnum fyrir vélstýringar, mælingavinnslu fyrir viðskiptamenn og viðgerðir á laserum. „Annars erum við svo heppnir að bilanir í Topcon og SPX búnaði eru hverfandi svo þjónusta við vinnslu gagna viðskiptavina hefur aukist til muna. Helstu tengiliðir þjónustu við mælitæki eru Oliver Gústafsson sölustjóri og Lukas Pauzuolis mælingaverkfræðingur. Varahlutadeildin hefur mikla reynsla af varahlutum og fylgihlutum fyrir allar tegundir beltagrafa og tækja, lyftara, vinnulyftur, brettatjakka, dráttarvélar, þriftæki og gólfbíla svo eitthvað sé nefnt.“

Nánari upplýsingar á www.verkfaeriehf.is.




# Gerum allt mögulegt á nýjum stað

EFLA hefur nú flutt höfuðstöðvar sínar að Lynghálsi 4.

**Hlutverk EFLU verkfræðistofu er að koma fram með lausnir sem stuðla að framförum viðskiptavina og efla samfélög.**

**Með nýrri aðstöðu að Lynghálsi 4 verðum við enn betur í stakk búin til að rækja okkar hlutverk og hlökkum til að bjóða viðskiptavini og samstarfsaðila velkomna í nýjar höfuðstöðvar.**

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

# Kolefnisfótsporið skiptir máli

**Kolsýrukerfi hafa rutt sér til rúms á undanförnum árum enda þykja þau umhverfisvænn og hagkvæmur kælimiðill. KAPP ehf. býður upp á heildarlausnir þegar kemur að kolsýrukerfum.**

Baráttan gegn loftslagsbreytingum hefur í för með sér ýmsar hliðarverkanir og ein þeirra er stærri hlutur kolsýrukerfa hjá fyrirtækjum sem þurfa að kæla hráefni, vörur eða tiltekin rými. Evrópusambandið samþykkti að banna kælimiðla sem eru með hærri GWP (e. Global Warming Potential), eða virkni efna til hnattrænar hlýnunar, en 2.500 frá 1. janúar 2020 og veldur það því að skipta þarf út ýmsum freonkerfum eða álíka kerfum sem nota kælimiðil með hærri GWP-stuðul en 2.500. „Til dæmis er ein vinsælasta tegund kælikerfis sem keyrir á freon, R404A, með GWP upp á 3.922 en kolsýrukerfin eru með GWP-stuðul upp á 1,“ segir Friðrik Ingi Óskarsson, tæknistjóri hjá KAPP ehf., en fyrirtækið hefur að undanförnu sett upp fimm kolsýrukerfi og er í startholunum með tvö kerfi til viðbótar í ár eða byrjun næsta árs.

KAPP hefur sótt hratt inn á markað kolsýrukerfa og segir Friðrik Ingi að líklega hafi fyrirtækið sett upp flest slík kerfi hér á landi. „Við höfum sett upp kolsýrukerfi fyrir sjávarútveginn, verslanir og heildverslanir og bjóðum upp á heildarlausnir þegar kemur að kolsýrukerfum. Við höfum mikla þekkingu og reynslu af öllum kæli- og frystikerfum, þar á meðal freon- og ammoníakskerfum, og hefur KAPP lagt áherslu á að mennta starfsfólk sitt sérstaklega í kolsýrukerfum að undanförnu, meðal annars með ferðum á námskeið erlendis.“



Friðrik Ingi Óskarsson, tæknistjóri hjá KAPP ehf. MYND/SIGTRYGGUR ARI

> **Við höfum sett upp kolsýrukerfi fyrir sjávarútveginn, verslanir og heildverslanir og bjóðum upp á heildarlausnir þegar kemur að kolsýrukerfum.**

Friðrik segir að KAPP sé með viðhaldsþjónustu fyrir öll þau kerfi sem fyrirtækið hefur sett upp. „Ég myndi segja að 80% af kerfunum sem við þjónustum séu nettengd þannig að við fáum skilaboð um leið og upp koma frávik í kerfunum. Þegar slíkt gerist sendum við starfsmann á staðinn undir eins til að athuga málið, gera við og koma í veg fyrir tjón. Og við erum með sólarhringsvöktun.“

Spurður um það hverjir helstu kostir séu við kolsýrukerfi segir Friðrik Ingi að helsti kosturinn sé hversu umhverfisvænn kælimiðill kolsýran sé. Fyrirtæki séu farin að sjá að kolefnisfótsporið skipti máli og þá hefur það mikið að segja. „En svo eru aðrir kostir einnig, til dæmis minni rafmagnsnotkun, grennri lagnir og svo er kolsýran töluvert ódýrari kælimiðill en freon.“

Lesa má frekar um þjónustu KAPP ehf. á vefsvæði fyrirtækisins, kapp.is.

## KAPP er alhliða fyrirtæki

Hjá KAPP starfa 33 starfsmenn og segja má að um alhliða fyrirtæki sé að ræða þar sem rekin eru kæliverkstæði, renniverkstæði, vélaverkstæði og framleiðsludeild. Kæliverkstæðið sér um viðgerðir og viðhald á stórum sem litlum kæli- og frystikerfum auk þess að þjónusta verslanir og sjávarútveginn.

Framleiðsludeildin framleiðir ískrapavélar og forkæla sem ganga undir nafninu OPTIM-ICE og eru aðallega fyrir sjávarútveginn. „Við höfum mikið verið að sækja á erlenda markaði, til dæmis í Rússlandi og Bandaríkjunum. Ískrapavélarnar eru notaðar til að kæla hráefnið eins hratt og auðið er til að minnka bakteríumyndun í því en við þetta aukast gæðin og líftími hráefnisins lengist. Jafnframt erum við um þessar mundir að þróa ískrapavél sem mun ganga á kolsýru í stað freons. Áfram munum við samt bjóða upp á ískrapavél sem gengur á freon,“ segir Friðrik Ingi.

Vélaverkstæðið sinnir viðgerðum á vélum, til dæmis við að plana hedd, slípa sveifarása, bora blokkir og fleira í þeim dúr og renniverkstæðið þykir mjög góð viðbót en það veitir öðrum verkstæðum og deildum þjónustu.

# Hvernig líður þér?

**Ein mikilvægasta spurning er varðar vinnuumhverfi er um líðan starfsfólks. Mannvit veitir ráðgjöf á sviði mygluvandamála og bættrar innivistar hjá fyrirtækjum og stofnunum.**



Alma Dagbjört Ívarsdóttir, sérfræðingur á sviði innivistar, og Kristján Guðlaugsson verkfræðingur. MYND/ERNIR



Vinnuferli sem Mannvit fylgir til að stuðla að sem bestri innivist.

Umfram allt er mikilvægt að við leggjum áherslu á að tryggja fólki heilnæmt húsnæði. Við verjum mestum tíma okkar innanhúss og hefur því innra umhverfið gríðarlega mikil áhrif á heilsu okkar og vellíðan,“ segir Alma Dagbjört Ívarsdóttir, sérfræðingur á sviði innivistar hjá Mannviti. Til að skapa heilnæmt innra umhverfi telur hún mikilvægt að hugað sé að fjölmörgum þáttum þegar kemur að hönnun nýbygginga og framkvæmdum en ekki sé síður mikilvægt að grípa til aðgerða til að bæta ástand eldra húsnæðis og tryggja heilnæmi þess.

„Mörg dæmi eru um að fólk hafi verið lengi í skemmdu eða menguðu húsnæði áður en gripið var til réttu aðgerðanna til að greina ástandið og gera viðeigandi úrbætur. Dæmi eru um að fólk hafi lengi lifað við óeðlilegt heilsufarslegt ástand, og leitað skýringa í mörgum öðrum atriðum, þegar orsakirnar voru í raun rakaskemmdir í húsnæði sem það notaði.“ Alma segir einnig dæmi um að eftir langvarandi óásættanlegt ástand hafi stórir vinnustaðir orðið að flytja alla starfsemina í annað húsnæði af því að skemmdir á húsnæðinu menguðu inniloft svo mikið að það olli starfsfólki erfiðleikum.

### Mikilvægasta spurningin?

„Að okkar mati er mikilvægasta spurningin ávallt: „Hvernig líður þér?“ Það ættu allir að geta verið nokkuð sammála um að almennt eigum við rétt á að okkur líði vel og að ástand húsnæðis hafi ekki áhrif á heilsu okkar. Að sjálfsögðu hafa óteljandi þættir áhrif á það hvernig okkur líður, en ef okkur líður t.d. almennt ekki vel í einhverri byggingu og hvað þá ef hún kallar fram hjá okkur lasleika eða veikindi er það mjög skýr merki um að ástæða sé til að kanna ástandið.

### Skoðun, viðtöl, mælingar

Orðið „innivist“ er notað sem heildarhugtak yfir alla þætti þess manngerða umhverfis sem bíður fólks þegar komið er inn í húsnæði. „Mannvit býður fyrirtækjum og stofnunum að skoða húsnæði með tilliti til gæða innivistar. Farið er um húsnæðið og grafist fyrir um rakaskemmdir, gæði innilofts eru metin, m.a. með mælingum, talað við starfsfólk um líðan á vinnustað og fleira,“ segir Kristján Guðlaugsson, verkfræðingur hjá Mannviti.

Í mjög mörgum tilfellum hefur skoðun Mannvits leitt til ábendinga um aðgerðir sem gætu bætt innivistina og iðulega snúa ábendingarnar ekkert síður að umgengni og notkun húsnæðisins, en að lagfæringum á skemmdum. „Í þessu samhengi er einnig ástæða til að nefna að sjaldnast er ástandið einhverju einu „að kenna“. Oftast eru vandamál við innivist flókin, skemmdir geta verið til staðar en eru ekki sýnilegar, loftskipti ekki nægileg, útgufun rokgjarnra lífrænna efnasambanda frá byggingarefnum, óheppileg efni eru notuð við þrif o.s.frv. Einnig er mikilvægt að engin mannanna verk eru fullkomin, ekki byggingar fremur en annað og jafnvel þó það skyldi takast að reisa svo gott sem fullkomna byggingu, þá er áður en varir komið að viðhaldi og líklega má fullyrða að það sé aldrei fullkomið.“

### Vöktun innivistar

Mannvit býður fyrirtækjum og stofnunum að vakta innivist vinnustaða. Í því felst að koma reglulega í heimsóknir á staðinn, skoða húsnæðið með tilliti til rakaskemmda, að mæla grunnatriði í loftgæðum og að tala við starfsfólk út frá spurningunni „Hvernig líður þér?“ Síðan er því sem við verðum áskynja stillt upp í mynd af ástandinu sem gefur vísbendingar um þætti sem gæti þurft að lagfæra til að tryggja góða innivist og þar með auka líkur á að fólki líði vel. Þannig er þessi mikilvægasti mælikvarði á gæði innivistar virkjaður til hagsbóta fyrir starfsfólk og á endanum þar með einnig ávinningur fyrir fyrirtæki og stofnanir.




Verkís er fyrsta verkfræðistofan á Íslandi til að hljóta jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Verkís verkfræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

# Hönnunarverðlaun 2018 veitt á föstudaginn

Hönnunarverðlaun Íslands 2018 verða afhent í fimmta sinn föstudaginn 2. nóvember. Hátt í 100 tilnefningar bárust dómnefnd sem valdi fjögur verk sem þykja framúrskarandi. Bækur í áskrift fyrir Angústúru forlag eru tilnefndar en Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir, grafískir hönnuðir, hönnuðu heildarútlit áskriftarbókaraðarinnar. Bækurnar þykja sérlega læsilegar í uppsetningu og fara vel í hendi og útlitið mínímalískt og nostalgískt.

The Retreat við Bláa Lónið og Geosea sjóböð á Húsavík, hannað af Basalt Arkitektum í samstarfi við Design Group Italia og Sigurð Þorsteinsson, fær tilnefningu en arkitektarnir þykja hafa sýnt gott fordæmi og fyrirmynd þegar kemur að hönnun baðstaða og ná að tvinna vel saman mannvirki og náttúru. Verkefni Björns Steinars Blumenstein, Catch of the Day, sem snýst um að berjast gegn matarsóun, fær tilnefningu en með aðferðafræði hönnunar hefur Birni tekist að beina athygli að matarsóun. Þá fær Norðurbakki tilnefningu. Verkefnið samanstendur af tveimur fjölbýlishúsum, ásamt garði sem tengir þau saman nálægt gömlu höfninni í Hafnarfirði. Hönnuðir eru pkdm arkitektar í samstarfi við Teiknistofuna Storð.




Hönnunarverðlaun Íslands verða afhent á föstudaginn.



56 Leonard Street í New York eftir arkitekta Herzog & de Meuron.

## Byggingar í Jenga-stíl

Jenga er klassískt og vinsælt spil sem kom á markað 1983. Spilið virðist síðan hafa orðið mörgum arkitektum innblástur. Sér í lagi hafa byggingar í Jenga-stíl orðið vinsælar hin síðari ár og hafa arkitektastúdíó á borð við Herzog & de Meuron og OMA komið fram með slík hús. Meðfylgjandi eru nokkur dæmi um byggingar í þessum sérstæða og flotta stíl.





Timmerhuis í Rotterdam er teiknað af arkitektum stofunnar OMA.



Nakagin Capsule Tower byggingin í Japan er frá árinu 1972 en arkitekt hússins er Kisho Kurokawa.





Sérhæfð ráðgjöf við viðhald
og endurbætur á mannvirkjum

VERKSÝN

VERKSÝN ehf Síðumúla 1
108 Reykjavík Sími 5176300
www.verksyn.is
verksyn@verksyn.is

# Varmadælur lækka kostnað við húshitun verulega

**Varmadælur ryðja sér nú til rúms til húshitunar í æ ríkari mæli enda bæði ódýrari og hagkvæmari kostur en venjuleg rafhitun. Björgvin Ingvason, framkvæmdastjóri Vörukaupa ehf., og Emil Hechmann, starfsmaður í kælideild og sérfræðingur í varmadælum, segja hér frá kostum varmadæla.**

Vörukaup ehf. er rótgróin heildverslun sem var stofnuð 1973 og byrjaði þá að flytja inn búnað til kæli- og frystikerfa og hefur verið birgir fyrir kæliverktaka á Íslandi alla tíð síðan. „Einnig flytjum við inn og seljum allar gerðir af lokum fyrir sjávarútveg, veitur og allan almennan iðnað. Það má því segja að þetta séu okkar meginsvið í dag,“ segir Björgvin Ingvason, framkvæmdastjóri Vörukaupa ehf. og bætir við að í kælideildinni selji Vörukaup ehf. varmadælur til að hita upp hús. „Varmadæla er í rauninni öfugt kælikerfi þar sem þú nýtir varmann úr útiloftinu til að hita upp húsnæðið,“ segir Björgvin. „Sífellt hækkandi orkuverð hefur gert varmadælur að hagkvæmum kosti, sérstaklega á köldum svæðum á Íslandi þar sem rafmagnshitun er mjög dýr. Tæknin er í stöðugri framför svo þú ert alltaf að fá meira og meira fyrir peningana.“ Hann segir að unnt sé að lækka kostnað við upphitun húsa á köldum svæðum verulega með rétt valinni varmadælu. „Dælurnar sem við seljum eru sérhannaðar til notkunar á norðlægum slóðum þar sem hitastig yfir vetrarmánuðina getur farið niður fyrir -20°C. Ákveðnar gerðir af Mitsubishi varmadælum skila sömu nýtni frá +5°C og niður í -15°C.“



Björgvin Ingvason og Emil Heckmann hja Vörukaupum hafa mikla trú á kostum varmadæla til hitunar á sumarhúsum. Með þeim á myndinni er Óskar Hraundal Tryggvason. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Mitsubishi Electric varmadælan er ein mest selda varmadælan á Norðurlöndum en með notkun á henni næst fram veruleg lækkun á upphitunarkostnaði.

Emil Hechmann, sölumaður í kælideild Vörukaupa ehf., er sérfróður um varmadælur. „Varmadælumarkaðurinn á Íslandi er frumskógur og margir hafa neikvæða mynd af varmadælum þar sem þeir hafa keypt of litla eða lélega dælu sem hentar ekki á íslenskum vetri,“ segir Emil og bætir við: „Það er úr ýmsu að velja og einnig ólíkar skoðanir á því hvaða stærðir henta best í mismunandi hús og stundum eru dælurnar sem valdar eru hreinlega of litlar miðað við væntingar. Við hjá Vörukaupum viljum bjóða upp á sérhannaðar lausnir sem henta hverjum og einum viðskiptavini. Stærð húsa er ekki endilega það sem skiptir mestu máli þegar varmadæla er valin heldur skiptir einnig máli hvernig húsið er byggt, þ.e.a.s. einangrun, hvort á að nota húsið yfir vetrartímann og svo framvegis.“ Vörukaup ehf. mæla með Mitsubishi Electric varmadælunni sem er ein mest selda varmadælan á Norðurlöndum.

Laugardaginn 3. nóvember verður haldinn varmadæludagur í húsakynnum Vörukaupa ehf. að Miðhrauni 15 í Garðabæ kl. 10-14.

Allar nánari upplýsingar veita sölumenn Vörukaupa ehf. en einnig er hægt að finna upplýsingar á vorukaup.is.



## Sala og innlausn í hlutabréfasjóðum

Í milljónum króna




**Eftir langan tíma í gjaldeyrishöftum voru eignasöfn almennra sparifjáreigenda orðin of einsleit.**

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslandssjóða



virkri stýringu hjá rekstrarfélögum viðkomandi banka og fyrir því eru bæði faglegar og rekstrarlegar ástæður.

Innan rekstrarfélaganna starfa sterk teymi sem einbeita sér eingöngu að innlendum hlutabréfum. Mun hagkvæmara er að nýta þessi teymi betur í stað þess að ráða inn sérhæft starfsfólk hjá hverjum og einum lífeyrissjóði til að stýra sömu bréfunum. Þó að huga verði að fleiri þáttum en hagkvæmni, svo sem að gæta vel að mögulegum hagsmunaárekstrum, tel ég að fagleg stýring á markaðsforsendum sem tryggja eðlilega viðskiptahætti sé skilvirkara fyrirkomulag á ekki stærri markaði en okkar,“ nefnir Kjartan Smári.

Hin ástæðan er sú, að sögn Kjartans Smára, að í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta hafi sparifjáreigendur farið að fjárfesta erlendis.

„Eftir langan tíma í gjaldeyrishöftum voru eignasöfn almennra sparifjáreigenda orðin of einsleit og hlutfall innlendra eigna allt of hátt. Þegar höftunum var aflétt fórum við sem störfum við eignastýringu að dreifa eignasöfnum viðskiptavina okkar betur og það gerðu einnig sparifjáreigendur almennt. Að sama skapi hafa lífeyrissjóðirnir einbeitt sér að því að byggja upp eignasöfn erlendis og lána sjóðfélögum sínum til íbúðarkaupa. Reglulegt innstreymi iðgjalda hefur að mestu farið í þessar tvær áttir og því ekki leitað inn á skráða markaðinn nema í mjög litlum mæli,“ nefnir Kjartan Smári.

### Sjóðirnir minna áberandi

Samkvæmt gögnum sem Kauphöllin tók saman fyrir Fréttablaðið síðasta sumar hefur bein hlutafjáreign verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í skráðum félögum dregist saman um tugi milljarða króna síðustu misseri. Slíkir sjóðir áttu um 7,5 prósent af heildarmarkaðsvirði fyrirtækja í Kauphöllinni í lok júlí síðastliðins en hlutfallið var 7,9 prósent í september í fyrra. Til samanburðar var hlutfallið 10,9 prósent í lok árs 2016 og 12,0 prósent í árslok 2015.

Sjóðirnir eru heldur ekki eins áberandi á listum yfir stærstu hluthafa Kauphallarfélaga og áður. Sem dæmi voru fimm innlendir verðbréfasjóðir á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Marels, með samanlagt liðlega 12 prósenta hlut, í byrjun árs 2016. Nú komast aðeins tveir slíkir sjóðir, báðir í stýringu Stefnis, á listann og er samanlagður eignarhlutur þeirra í hátæknifyrirtækinu um 3,8 prósent.

Minnkandi umsvif innlendra fjárfesta, sem hafa meira selt en keypt af hlutabréfum undanfarna mánuði, hefur birst með skýrum hætti í verðlækkunum og minni veltu á markaðinum. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur til að mynda lækkað um 6,7 prósent undanfarna tólf mánuði og þá dróst velta með hlutabréf saman um 29 prósent í síðasta mánuði miðað við sama mánuð í fyrra.

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management, segir það vekja athygli að fram til byrjunar árs 2016 hafi hlutabréfamarkaðurinn stækkað jafnt og þétt með tilkomu skráninga á nýjum félögum og samhliða hafi veltan aukist eðlilega. „Í framhaldinu hélst veltan nokkuð góð eða þar til á þessu ári og þrátt fyrir stóra nýja skráningu, það er á Arion Banka, hefur það ekki dugað til að vekja markaðinn aftur til lífsins og veltan hefur minnkað.

Það er klárlega ástæða til að hafa áhyggjur af minnkandi veltu og mögulega af þeirri þróun að einsleitni fjárfesta sé að aukast þar sem skoðanaskiptin verða minni vegna fækkunar á virkum fjárfestum. Auðvitað spilar kæling hagkerfisins inn í þróunina núna og tilfærsla innlendra fjárfesta úr íslenskum fjárfestingum í erlendar fjárfestingar kemur síðan ofan í minnkandi veltu, ásamt því að fjárfestar óttast átök á vinnumarkaði og hverjar afleiðingarnar verði af því,“ nefnir Valdimar.

### Minni umsvif áhyggjuefni

Kjartan Smári segir að minni umsvif lífeyrissjóðanna á innlendum hlutabréfamarkaði geti skapað ákveðin tækifæri þar sem verð skráðra félaga sé í mörgum tilfellum hagstætt með hliðsjón af sambærilegum félögum erlendis. „Innlend hlutabréf hafa nánast ekkert hækkað síðastliðin þrjú ár og eru nú af mörgum talin ódýr. Erlendir fjárfestar hafa vissulega tekið eftir þessu og hafa verið að koma inn á markaðinn og kaupa hluti í vel reknum íslenskum rekstrarfélögum á verði sem þeir telja hagstætt.

Þetta skapar því ákveðin tækifæri en vissulega er maður hugsi yfir því að innlendir langtímafjárfestar, sem hugsa 30 til 40 ár fram í tímann, sjái ekki tækifæri í að viðhalda hlut sínum í innlendum markaði þegar verðlagning er almennt hagstæð. Það er ákveðið áhyggjuefni. Auðvitað er eðlilegt að sjóðirnir vilji dreifa eignum sínum víðar en það er einnig eðlilegt hlutverk lífeyrissjóða að grípa góð fjárfestingartækifæri hér á Íslandi þegar þau gefast,“ segir Kjartan Smári.

Hann nefnir auk þess að þegar stærra hlutfalli af eignum lífeyrissjóðanna var stýrt í gegnum hlutabréfasjóði hafi það skapað meiri virkni á markaði. „Hlutabréfasjóðir eru í eðli sínu virkari fjárfestar en lífeyrissjóðir. Þeir síðarnefndu eru þekktari fyrir að kaupa bréf til lengri tíma og huga lítið að skemmri tíma sveiflum.

Verðbréfasjóðir eru á hinn bóginn virkari í stýringu sinni. Þeir hugsa bæði um langtímavirði og sveiflur og stefnur til skemmri tíma. Það er gott fyrir alla þegar virk viðskipti eru á markaði og verðmyndunin skilvirk, ekki síst fyrir lífeyrissjóði sem eiga verulega hagsmuni af öflugum fjármálamarkaði hér á landi,“ segir Kjartan Smári.

## Eignir hlutabréfasjóða

Í milljónum króna




## Hlutabréfasjóðir Í milljónum króna

| | Stærð um áramót | Stærð 1. október | Breyting | 12 mánaða ávöxtun |
|---|---|---|---|---|
| Stefnir ÍS-15 | 26.100 | 18.300 | -7.800 | -8,5% |
| Úrvalsbréf Landsbréfa | 11.205 | 7.250 | -3.955 | -9,7% |
| IS Hlutabréfasjóðurinn | 6.650 | 5.040 | -1.610 | -14,7% |
| GAMMA:Equity | 3.407 | 994 | -2.413 | -11,4% |
| Akta – Stokkur | 200 | 1.099 | 899 | 6,6% |
| Júpiter – Innlend hlutabréf | 5.343 | 4.696 | -647 | -5,5% |

**Það er klárlega ástæða til að hafa áhyggjur af minnkandi veltu.**

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management



Ásgeir nefnir að lífeyrissjóðirnir hafi haldið að sér höndum á hlutabréfamarkaði undanfarið af ýmsum sökum og það hafi vitanlega haft áhrif á markaðinn. Sjóðirnir einbeiti sér nú fremur að því að fjárfesta erlendis og lána til fasteignakaupa. „Það var að sumu leyti erfitt fyrir þá að vera stórir fiskar í litlili tjörn og því er ekki óeðlilegt að þeir leggi nú meiri áherslu á að auka vægi erlendra eigna í söfnum sínum.“

Ásgeir segir að verðlækkanir hlutabréfa undanfarið skýrist einnig af vísbendingum um að hagkerfið sé að kólna hraðar en áður hafði verið gert ráð fyrir. „Um leið og það fór að bera á vaxandi svartsýni birtist það í lækkandi hlutabréfaverði. Væntingar stjórnenda fyrirtækja – eins og þær eru mældar af Gallup – hafa til dæmis hríðfallið undanfarið.

Íslensk fyrirtæki glíma um þessar mundir auk þess við hækkandi kostnað, laun og gengi krónunnar sem kemur niður á framlegð þeirra. Það má segja að útlitið er ekki sérstaklega bjart,“ nefnir Ásgeir.

Jafnframt hafi það veruleg áhrif á markaðinn þegar stór félög, líkt og Icelandair, hríðfalla í verði.

„Ég er líka þeirrar skoðunar,“ segir Ásgeir, „að það vanti fleiri skemmtilegar sögur á markaðinn, ef svo má að orði komast. Flest félögin í Kauphöllinni eru nokkuð hefðbundin rekstrarfélög með rekstur í föstum skorðum og hreyfast með álíka hætti á markaði. Kannski þurfum við fleiri og ólíkari félög sem kveikja í fjárfestum með von um vöxt og framtíðargæfu svona til þess að hreyfa við markaðinum,“ bætir Ásgeir við.

### Óvissan alltaf slæm

Aðspurður um stöðuna á hlutabréfamarkaði segir Kjartan Smári árið ekki hafa verið gott á eignamörkuðum, hvorki hér á landi né erlendis. Það eigi við um hlutabréf, skuldabréf, fasteignir og flesta aðra eignaflokka.

Óvissa skeki nú innlendan hlutabréfamarkað fyrir veturinn. „Óvissan er ávallt slæm í huga fjárfesta og hefur því neikvæð áhrif á öll eignaverð.

Það er alveg ljóst í mínum huga að búið er að verðleggja töluverð skakkaföll inn í verð innlendra hlutabréfa. Þrátt fyrir að þau uppgjör sem við höfum séð undanfarna daga hafi almennt verið í góðu lagi og önnur félög birt jákvæðar fréttir er erfitt að spá um framhaldið vegna þess óvissuástands sem er ríkjandi.

Kjarasamningar fela í sér verulega óvissu fyrir alla, ekki síst fyrir ferðaþjónustuna sem er orðin okkur það mikilvæg að skjálfti þar hefur áhrif afar víða. Þegar þetta tvennt fer saman hefur það eðlilega áhrif á bjartsýni fjárfesta inn í veturinn, en fyrir fjárfesta sem horfa til langs tíma felast tækifærin einmitt oft í skammtímasvartsýni,“ segir Kjartan Smári.

## Innlán heimilanna aukast á meðan eign þeirra í hlutabréfasjóðum dregst saman

Á sama tíma og eign heimila í hlutabréfasjóðum hefur dregist saman á síðustu árum hafa innlán þeirra í bankakerfinu aukist verulega. Innlánin námu um 864 milljörðum króna í lok september, samkvæmt hagtölum Seðlabankans, og hafa þau aldrei verið meiri í krónum talið.

Vöxtur innlána heimilanna í bankakerfinu hefur numið 9,4 prósentum sé litið til síðustu tólf mánaða. Þrátt fyrir aukna einkaneyslu hefur sparnaður heimilanna haldið áfram að aukast þar sem ráðstöfunartekjur hafa vaxið enn hraðar.

Heimilin áttu í lok september um 17,9 milljarða króna í hlutabréfasjóðum og hafa eignirnar dregist saman um fjóra milljarða á undanförnum tólf mánuðum. Þau áttu um 28 prósent af útgefnum hlutdeildarskírteinum í sjóðunum í síðasta mánuði og hefur hlutdeildin þokast nokkuð upp undanfarið þó en hún var liðlega 25 prósent í árslok 2017.

Samkvæmt gögnum frá Kauphöllinni nam bein hlutabréfaeign heimila um 4,5 prósentum af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í júlí. Fyrir fall fjármálakerfisins átti almenningur að jafnaði á bilinu samanlagt um 12 til 17 prósent af markaðsvirði skráðra hlutabréfa.

# Þarf að byggja upp votviðrisúthaldið

## Svipmynd
**Þórey G. Guðmundsdóttir**

Þórey G. Guðmundsdóttir tók við stöðu framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatæknisviðs Bláa Lónsins í kjölfar skipulagsbreytinga í byrjun október en hún hafði starfað sem fjármálastjóri fyrirtækisins frá árinu 2013. Þórey segist geta hugsað sér að starfa sem landslagsarkitekt. Þannig gæti hún blandað saman tveimur áhugasviðum; hönnun og garðyrkju.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef stundað golfið í nokkur ár núna en þarf að byggja upp meira votviðrisúthald til að lækka forgjöfina meira og standa undir eigin væntingum. Hef einnig mjög gaman af að ferðast og upplifa nýja staði og reyndar er ég farin að greina og leggja mat á allar hliðar ferðalagsins út frá starfinu sem við vinnum í Bláa Lóninu, það má því segja að ég taki vinnuna með mér í fríið.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Þar sem engin smábörn eru á heimilinu lengur þá er morgunninn svolítið minn tími. Ég fer aldrei til vinnu án þess að borða morgunmat og lesa helstu fréttir af vefsíðum blaðanna. Ég svara tölvupóstum sem ekki mega bíða en svo tek ég kaffimálið með í bílinn og keyri þessar 30 mínútur í vinnuna í Bláa Lónið. Þessar 30 mínútur nýtast ýmist í símtöl eða til að hlusta á útvarp eða hljóðbækur.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Ég er nýbúin að leggja frá mér bókina The Nightingale eftir Kristin Hannah, hún gerist í hersetnu Frakklandi í seinni heimsstyrjöldinni, frábær bók. Núna bíður mín á náttborðinu bók eftir sama höfund, Winter Garden. Svo hef ég verið að hlusta á hljóðbækur í bílnum á leið til og frá vinnu og núna er bókin The 21 Irrefutable Laws of Leadership eftir John C. Maxwell á „fóninum“.

*Hvað er það skemmtilegasta við starfið þitt?*

Það er ótrúlega skemmtilegt að taka þátt í því ævintýri sem vöxtur og starfsemi Bláa Lónsins er. Að vinna að þeim rekstri og uppbyggingu hefur fært okkur stjórnendum og starfsmönnum félagsins ógrynni verkefna. Að leysa verkefni vel af hendi með góðu samstarfi er líklega það sem gefur mér mesta ánægju í starfi.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Starfsemi Bláa Lónsins er mjög fjölbreytt og því af mörgu að taka. Val um hvaða verkefni eigi að fara í og forgangsraða er eitthvað sem ég fæst við reglulega. Framkvæmdir við og opnun á nýju lúxushóteli og upplifunarsvæði við Bláa Lónið hafði margar áskoranir í för með sér, meðal annars að samræma nýjan rekstur við þær einingar sem fyrir voru í starfseminni. Á sama tíma hófum við rekstur rútufyrirtækisins Destination Blue Lagoon sem ekur með gesti okkar til og frá Bláa Lóninu. Markmiðið er að upplifun gestanna hefjist á leiðinni og að þeir séu upplýstir um hvernig þeir fái sem best notið sín í lóninu.

Uppbygging á nýju þvottahúsi Bláa Lónsins sem sér um allan þvott sem fellur til í rekstrinum, sem eru mörg tonn á dag. Og síðast en ekki síst þá erum við að taka í notkun núna í nóvember 24 íbúða fjölbýli í Grindavík sem Bláa Lónið hefur látið byggja til útleigu til starfsfólks Bláa Lónsins. Að byggja upp innviði fyrirtækisins er svo stöðugt verkefni í miklum vexti undanfarinna ára og þar er fókusinn á mannauðinn, upplýsingatækni og nýtingu stafrænnar þróunar, svo fátt eitt sé nefnt.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Það er ljóst að straumur ferðamanna til Íslands er að ná jafnvægi og aukningin mun ekki hlaupa á tugum prósenta heldur mun eðlilegur vöxtur verða í greininni á næstu misserum. Það ætti að gefa ferðaþjónustufyrirtækjum svigrúm til að styrkja innviði sína og koma jafnvægi á reksturinn. Sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa veruleg áhrif á rekstur íslenskra fyrirtækja og gera áætlunarvinnu og markmiðasetningu erfiða til lengri tíma. Óvissa um gang kjarasamningaviðræðna í vetur er svo annar þáttur sem hefur mikil áhrif á rekstrarumhverfi Bláa Lónsins en launakostnaður er stór liður í rekstrinum enda starfa hjá okkur nú um 850 manns.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í rekstrarumhverfinu á komandi árum?*

Stafræn þróun mun hafa mikil áhrif á ferðaþjónustu- og upplifunarfyrirtæki eins og Bláa Lónið á næstu árum og við erum þegar byrjuð að vinna að þeim málum hjá okkur og var fyrsta skrefið tekið þegar við innleiddum bókunarvél á vef Bláa Lónsins á sínum tíma. Þetta þýðir að fyrirtæki verða að hugsa um heildarupplifun gestsins, allt frá því að hann pantar ferðina á vefnum, á meðan hann nýtur upplifunarinnar og eftir að heim er komið. Stafræn þróun mun þannig breyta upplifun gestanna og með henni skapast fjölmörg tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Ég gæti hugsað mér starf á vettvangi hönnunar af einhverju tagi og þá væri landslagsarkitekt ekki fjarri lagi. Þar væri tveimur áhugasviðum blandað saman, það er hönnun og garðyrkju.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Það er erfitt að segja en ég vona að minnsta kosti að viðfangsefnin verði jafn spennandi og þau eru í dag, sama á hvaða vettvangi þau verða.



**Þórey segir að stafræn þróun muni breyta upplifun gesta Bláa Lónsins. Hún skapi fjölmörg tækifæri til verðmætasköpunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Helstu drættir

**Nám:** Viðskiptafræðingur, cand. oecon. frá Háskóla Íslands.

**Störf:**
- Framkvæmdastjóri fjármála- og upplýsingatæknisviðs hjá Bláa Lóninu, hef starfað hjá félaginu frá árinu 2013.
- Forstöðumaður Hagdeildar hjá Samskipum 2012-2013.
- Forstöðumaður fjármálasviðs hjá Straumi fjárfestingabanka 2004-2011.
- Sérfræðingur á fjármálasviði Íslandsbanka (áður FBA) frá 2000 til 2004.
- Sérfræðingur á endurskoðunarsviði KPMG á tímabilinu 1995 til 1999.

**Fjölskylduhagir:** Gift Leifi Eiríkssyni og við eigum saman þrjú börn, Hildi Maríu, Magdalenu Söru og Eirík Alexander og svo á ég einn stjúpson, hann Kristófer, sem á orðið tvö yndisleg börn.

# Á Ísland að vera rándýrt?



**Bjarnheiður Hallsdóttir**
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Það er mál manna að Ísland sé nú rándýrt land heim að sækja. Stundum er því hnýtt aftan við að Ísland eigi að vera dýrt. Sumir halda því meira að segja fram að það sé hið besta mál að Ísland sé rándýrt, þá komi hingað efnameiri ferðamenn. Fátt er fjær sanni. En hvað er „dýrt“? Að eitthvað sé dýrt í þessu samhengi, er almennt neikvætt. Að vara eða þjónusta kosti of mikið – að verðlag sé hærra en hið „rétta“ verð. Að sambandið á milli verðs og gæða hafi verið rofið. Er eftirsóknarvert fyrir Ísland að vera í þeirri stöðu? Er það líklegt til að efla okkar mikilvægustu útflutningsgrein?

Árið 2010 hófst sannkallað góðæri í ferðaþjónustu á Íslandi eins og allir vita. Ytri aðstæður, og þá einkum og sér í lagi fall íslensku krónunnar í efnahagshruninu og ókeypis landkynning í boði Eyjafjallajökuls, áttu þar stóran þátt. Árið 2016 fór að hilla undir lok þessa góðæris þegar krónan hóf styrkingarferil sinn af krafti. Kostnaður innanlands jókst einnig hægt og sígandi á tímabilinu 2010-2017. Sem dæmi má taka launakostnað, sem hækkaði gífurlega í evrum talið, eða um rúm 100%, á meðan launakostnaður í evrum í okkar helstu samkeppnislöndum hækkaði um og rétt yfir 15%.

Það voru einkum þessir tveir þættir sem ollu því að samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannalands snarversnaði. Áhrifin af þessu hafa komið berlega í ljós síðastliðin tvö ár. Þótt ekki hafi orðið samdráttur í fjölda ferðamanna til landsins (sú mælieining er enda ein og sér gagnslaus til að meta stöðu í ferðaþjónustu) þá hefur samkeppnisstaðan orðið til þess að samsetning erlendra ferðamanna hefur gjörbreyst. Rétt eins og fiskur er ekki það sama og fiskur, þá er ferðamaður ekki það sama og ferðamaður.

> **Það er því ekkert sem bendir til annars en að langtímahorfur fyrir atvinnugreinina séu frábærar.**

### Neysla ferðamanna minnkar

Bandaríkjamenn eru nú langstærsti gestahópurinn, en þeir hafa verið 2 af hverjum 5 ferðamönnum á landinu árið 2018. Á meðan hefur stórdregið úr komum gesta frá okkar hefðbundnu markaðssvæðum; Mið-Evrópu, Bretlandi og hinum Norðurlöndunum. Ferðahegðun þessara hópa er gjörólík – á meðan Bandaríkjamenn dveljast hér á landi að meðaltali í 5,4 nætur, þá dvelja t.d. Þjóðverjar hér á landi í 9,7 nætur. Gestir frá Mið-Evrópu hafa í gegnum tíðina verið okkur kærkomnir gestir – þeir eru áhugasamir um land og þjóð, ganga flestir vel um náttúruna, falla vel að menningu þjóðarinnar og síðast en ekki síst, þá ferðast þeir vítt og breitt um landið. Því hefur ferðaþjónusta í á landi, einkum á Austur- og Norðurlandi og á Vestfjörðum, almennt fundið fyrir verulegum samdrætti í ár.

Önnur áhrif eru svo þau að neysla ferðamanna hér innanlands hefur dregist saman. Þeir kaupa minna af vöru og þjónustu en þeir hafa gert. Í þýsku fagtímariti í ferðaþjónustu var skrifað nú í síðustu viku að flestir söluaðilar ferða til Íslands hafi upplifað 25-35% samdrátt á árinu 2018. Einnig að almenn bjartsýni ríki um sölu ferða á norðlægar slóðir, en Ísland sé þar undantekning. Ástæðan er sú að landið er of dýrt. Þessi staða er vissulega áhyggjuefni. Það eru hræringar á íslenska ferðaþjónustumarkaðnum í augnablikinu – hagræðingaraðgerðir eru víðast hvar í gangi, sameiningar og uppkaup og því miður er líklegt að einhver fyrirtæki lifi þessar breytingar ekki af. Yfirstandandi kjaraviðræður gefa ekki tilefni til annars en að ætla að launakostnaður, sem oft er um helmingur rekstrarkostnaðar ferðaþjónustufyrirtækja, muni hækka enn frekar.

### Töpum öll

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að annars vegar hefur gengi íslensku krónunnar verið að gefa eftir undanfarnar vikur og hins vegar að áhugi á ferðum til Íslands er enn ríkulega til staðar. Það er því ekkert sem bendir til annars en að langtímahorfur fyrir atvinnugreinina séu frábærar. Ferðaþjónusta vex einna hraðast atvinnugreina í heiminum og sér ekki fyrir endann á því. Okkar verkefni – atvinnugreinarinnar og stjórnvalda – er því að tryggja atvinnugreinina í sessi sem burðaratvinnugrein. Þar er lykilatriði að tryggja samkeppnishæfni hennar, sem meðal annars felst í að huga að sambandinu á milli verðs og gæða í samanburði við samkeppnisaðila okkar. Ísland á ekki að vera „rándýrt“. Við töpum öll á því.




**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

job.is

## Skotsilfur

### Tíðinda að vænta



Tíðinda er að vænta á næstu dögum af kaupum Kviku á GAMMA en líkt og **Ármann Þorvaldsson**, forstjóri bankans, sagði í síðustu viku er verið að leggja lokahönd á áreiðanleikakönnun vegna kaupanna. Fastlega er búist við því að kaupverðið verði nokkuð lægra en áætlað var í sumar en þá var gert ráð fyrir að verðið yrði 3.750 milljónir miðað við stöðu GAMMA í árslok 2017. Það ætti ekki að koma á óvart en meðal annars hefur verið talsvert um innlausnir í sjóðum í stýringu GAMMA á þessu ári.

### Hitnar undir Gylfa



Fjárfestar brugðust að vonum harkalega við afkomuviðvörun sem stjórnendur Eimskips sendu frá sér síðasta föstudagskvöld en hlutabréf í flutningafélaginu hafa hríðfallið um meira en 14 prósent í verði það sem af er vikunnar. **Gylfi Sigfússon** forstjóri þykir orðinn nokkuð valtur í sessi eftir brösugt gengi félagsins undanfarna mánuði og ár en afkomuviðvörunin á föstudag var þriðja slíka viðvörunin sem félagið lætur frá sér fara á stuttum tíma. Þá er vitað að nýir aðaleigendur Eimskips, Samherjamenn, hafi hug á því að fá sinn mann í forstjórastólinn.

### Óákveðnir Framsóknarmenn



**Ásmundur Einar Daðason**, félags- og jafnréttismálaráðherra, sagðist í nýlegu viðtali á Sprengisandi á Bylgjunni vilja að ríkið, sveitarfélög og verkalýðsfélög tækju höndum saman til að vinna á húsnæðisvandanum og stuðla að auknu framboði á lóðum. Í því sambandi talaði hann um „finnsku leiðina“ sem hann sagðist hafa kynnt sér í þaula. Horfa ætti til hennar. Ekki er nema von að hlustendur hafi klórað sér í hausnum enda er eitt ár síðan Framsóknarflokkurinn gerði „svissnesku leiðina“ að einu af kosningaslagorðum sínum í húsnæðismálum. Þá var Sviss nefnt sem fyrirmynd í þessum málum. Framsóknarmenn virðast greinilega eiga erfitt með að ákveða sig til hvaða ríkis skuli líta í málaflokknum.

## Stuðningsmenn og fjárfestar fögnuðu sigri Bolsonaros



**Það voru fleiri en áköfustu stuðningsmenn íhaldsmannsins Jairs Bolsonaro sem fögnuðu sigri hans í brasilísku forsetakosningunum á sunnudag. Fjárfestar kættust mjög en til marks um það rauk Bovespa-hlutabréfavísitalan upp um þrjú prósent. Hefur hún aldrei verið hærri. Bolsonaro hefur meðal annars heitið því að greiða niður skuldir brasilíska ríkisins og færa fjölmörg fyrirtæki landsins úr ríkiseigu, fjárfestum til mikillar gleði.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Hagsmunir hluthafa í öndvegi



**Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir**
hluthafi og stjórnarmaður í VÍS

Fréttir af afsögn tveggja stjórnarmanna í VÍS í síðustu viku komu flestum á óvart. Frá því stjórnin var skipuð á aðalfundi í mars árið 2017 höfðu stjórnarmenn náð vel saman og verið samstíga í stefnumarkandi ákvörðunum. Samhliða hefur félagið náð góðum árangri og allar lykiltölur í rekstrinum hafa þróast á jákvæðan hátt.

Þann 1. júní síðastliðinn ákvað ég að stíga tímabundið til hliðar sem stjórnarformaður félagsins, vegna rannsóknar á viðskiptum með eignarhluti í Skeljungi og olíufélaginu Magni í Færeyjum. Upphaflega stóð til að Valdimar Svavarsson yrði kjörinn nýr formaður stjórnar, en að tillögu Helgu Hlínar Hákonardóttur var ákveðið að hún, sem varaformaður félagsins, tæki tímabundið að sér verkefni formanns. Enginn var kjörinn varaformaður í hennar stað, enda var öllum ljóst við ráðstöfunin væri til bráðabirgða, þar til framgangur ofangreindrar rannsóknar yrði ljós.

Nú virðist ljóst að rannsóknin muni dragast á langinn og því var óhjákvæmilegt að stjórn VÍS skipti formlega og varanlega með sér verkum. Slík skylda hvílir á öllum stjórnum og ef ekki er einhugur um verkaskiptingu er lýðræðisleg niðurstaða fengin með kosningu. Að öllu jöfnu eru særindi sem kunna að skapast við þær aðstæður lögð til hliðar, stjórnarmenn taka höndum saman og setja hagsmuni hluthafa í öndvegi.

Á undanförnum vikum hafa ýmsir hagaðilar VÍS hvatt mig til að taka aftur við stjórnarformennskunni. Að vel athuguðu máli taldi ég það ótímabært og því lagði meirihluti stjórnar til að Valdimar Svavarsson yrði stjórnarformaður og Helga Hlín áfram varaformaður. Því hafnaði hún, þótti að sér vegið og hótaði afsögn ef það yrði niðurstaðan. Það sama gerði Jón Sigurðsson. Hótanirnar komu á óvart, enda hafði samstarfið í stjórninni verið gott og rík áhersla verið lögð á góða stjórnarhætti. Tilraunir til að fá sitt fram með hótunum um afsögn rúmast ekki innan góðra stjórnarhátta og því bjóst ég við að allir stjórnarmenn myndu sætta sig við niðurstöðuna úr lýðræðislegu kjöri. Raunin varð önnur.

> **Við njótum mikils stuðnings hluthafa á þeirri vegferð, en furðu mikillar fyrirstöðu frá aðilum sem engra hagsmuna eiga að gæta hjá félaginu.**

Það er eftirsjá að Helgu Hlín og Jóni, en félagið býr að öflugum varamönnum sem taka nú sæti í stjórninni og fylla skarðið sem þau skilja eftir sig. Ég er sannfærð um að stjórnin muni áfram vinna markvisst að hagsmunum félagsins, en ekki láta aðra hagsmuni eða stolt ráða för. Stjórnin er samstíga í að styrkja grunnstoðirnar í rekstrinum, gera tryggingareksturinn sjálfbæran, bæta þjónustuna við viðskiptavini og fjárfesta skynsamlega.

Níu mánaða uppgjör félagsins, sem kynnt var í síðustu viku, sýnir svart á hvítu þann árangur sem náðst hefur í grunnrekstrinum. Tólf mánaða samsett hlutfall hefur verið undir 100 prósentum síðan í byrjun árs 2017 sem er viðsnúningur frá árunum tveimur þar á undan þegar tólf mánaða samsetta hlutfallið var yfir 100 prósentum. Við höfum lagt á það áherslu að í vel reknu tryggingafélagi verði tryggingareksturinn að standa undir sér. Það verður áfram grundvallarmarkmið og árangurinn það sem af er ári gefur góð fyrirheit um næstu misseri. Við njótum mikils stuðnings hluthafa á þeirri vegferð, en furðu mikillar fyrirstöðu frá aðilum sem engra hagsmuna eiga að gæta hjá félaginu. Kannski er það til marks um að við séum á réttri leið.

# Þekkir þú einhvern Sigurberg?



**Rakel Sveinsdóttir**
formaður FKA

Myndband sem Pipar/TBWA gerði fyrir Jafnvægisvogina – Rétt upp hönd hefur slegið í gegn. Það er framleitt í tilefni ráðstefnunnar Jafnvægisvogin – Rétt upp hönd sem fram fer á Hilton í dag. Í myndbandinu er rætt við ímyndaðan forstjóra, Sigurberg Aðalsteinsson, sem segir allt nú þegar hafa verið reynt í kynjamálunum. Konur einfaldlega hafi minni áhuga á stjórnunarstörfum og oft skorti þær hreinlega reynslu og menntun. Það sem Sigurbergur ekki sér, er að fyrir aftan hann eru starfskonur fyrirtækisins hver af annarri að standa upp og rétta upp hönd til að bjóða sig fram. Margar nokkuð brúnaþungar yfir viðhorfi forstjórans.

Ný könnun FKA sýnir einmitt að enn er aðeins um 21% stjórnenda í stjórnendateymum stærri fyrirtækja konur. Þetta þýðir ein kona á móti hverjum fjórum karlmönnum. Ótrúlega sorgleg staðreynd með tilliti til þess hvað við erum að mennta margar kraftmiklar konur, sem síðan fá ekki tækifæri til starfsframa. En nú erum við æ meir farin að sjá og nema hvaða fyrirtæki það eru, eða jafnvel stjórnendur, sem eru að hægja á og halda í rauninni tölunum niðri. Það er ekki bara Sigurbergur Aðalsteinsson, heldur fleiri sem ég þó læt vera að nafngreina hér.

Jafnrétti og jafnvægi kynja í fyrirtækjum eru nefnilega engin geimvísindi heldur fyrst og fremst ákvörðun. Út á þessa ákvörðun gengur Jafnvægisvogin, samstarfsverkefni FKA, Sjóvár, Deloitte, Pipar/TBWA, Morgunblaðsins og velferðarráðuneytisins. Á ráðstefnunni okkar í dag munu 40-50 fyrirtæki skuldbinda sig til að taka þátt í þessari vegferð með okkur, með því að skrifa undir viljayfirlýsingu um að ná markmiðum Jafnvægisvogarinnar. Mörg þeirra eru reyndar þegar búin að því en hver svo sem staða fyrirtækja er í dag, er aðalmálið að sýna í verki að viljinn til aðgerða sé til staðar.

Til mikils er að vinna því fyrirtæki í Jafnvægisvoginni munu klárlega skapa sér samkeppnisforskot sem eftirsóttir vinnustaðir til framtíðar. Við skulum því ekkert vera að velta okkur upp úr því hverjir það eru sem helst eru að draga lappirnar. Hvetjum frekar fyrirtæki til dáða og hvetjum þann Sigurberg sem við þekkjum til að kynna sér upplýsingarnar um Jafnvægisvogina á fka.is.




# Til hamingju með endurskinsvestin!

2018

## Allir öruggir heim!

### Endurskinsvesti fyrir leik- og grunnskóla landsins

Slysavarnafélagið Landsbjörg, Arionbanki, Dynjandi, Fréttablaðið, HB Grandi, IKEA, Isavia, Klettur, Landsvirkjun, Neyðarlínan, Norðurál, Samsung, Skeljungur, TM, Trex Hópferðamiðstöð, Samgöngustofa, Valitor og Vörumiðlun gefa 9000 endurskinsvesti í leik- og grunnskóla á öllu landinu til nota í vettvangsferðir.

Endurskinsvesti ætti að nota allt árið um kring, þannig eykst sýnileiki og öryggi barnanna til muna. Einstaklingur með endurskin sést fimm sinnum fyrr en sá sem er ekki með neitt endurskin.

*Það er von okkar að þessi gjöf verði til þess að auka öryggi barna í umferðinni!*

HB GRANDI · isavia · DYNJANDI allt fyrir öryggið · Skeljungur · 112 EINN EINN TVEIR · SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

SAMSUNG · Landsvirkjun · VÖRUMIÐLUN · NORÐURÁL · TREX Hópferðamiðstöðin · VALITOR

KLETTUR · FRÉTTABLAÐIÐ · Arion banki · IKEA · Samgöngustofa · TM

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 31. október 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins
@frettabladid

## Stjórnar-maðurinn

# Gamaldags fúkyrðaflaumur

**Athyglisvert** hefur verið að fylgjast með forsvarsmönnum stéttarfélaganna og kjarabaráttu þeirra. Orðfæri eins og það sem þau viðhafa hefur ekki heyrst lengi. Fólki er óhikað skipt í fylkingar og það kallað nöfnum sem á flestum heimilum teldust dónaskapur. Auðvitað er í lagi að berjast fyrir sínum málstað og sitt sýnist vitanlega hverjum. Þegar Kolbrún Bergþórsdóttir, heiðarleg blaðakona til áratuga, er hins vegar orðin að 'húsþræl' þá er hins vegar sennilegt að of langt hafi verið gengið. Hvað varð um almennar kurteisisreglur í samskiptum?

**Helsti** hugmyndafræðingur fylkingarinnar er uppgjafakapítalisti sem á árum áður bar ábyrgð á mesta fjáraustri í sögu íslenskrar fjölmiðlunar með síbyljustöðinni NFS og danska fríblaðinu Nyhedsavisen. Síðar varð hann frægur að endemum fyrir að greiða ekki starfsmönnum sínum á Fréttatímanum laun á lokametrum þess ævintýris. Hann er þegar farinn að senda sínum nýju félögum reikninga, væntanlega eru þeir eilítið hærri en lægstu launin.

**En það** er ekki bara orðfæri nýju verkalýðsstéttarinnar sem er gamaldags heldur kröfugerðin sömuleiðis. Þeir sem bundu vonir við að nýju fólki fylgdu nýjar hugmyndir hafa sennilega orðið fyrir vonbrigðum. Kröfugerðin hljóðar, eins og í gamla daga, upp á krónur og aura. En getur verið að mesta kjarabót skjólstæðinga hinnar nýju verkalýðsforystu felist í öðrum og metnaðarfyllri aðgerðum? Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson kaupmaður benti á það í blaðagrein í vikunni að laun eru í raun eini stóri útgjaldaliður fyrirtækja á Íslandi sem ekki er verðtryggður. Kerfið eins og það er uppbyggt í dag býður því beinlínis upp á að bil skapist milli launa og kaupmáttar.

**Atvinnurekendur** græða vitaskuld á þessu á fyrstu stigum hagsveiflunnar en að endingu kemur að skuldadögum og þá með látum. Þetta er akkúrat raunin í dag. Verkalýðsforystan fer fram með sínar kröfur við enda hagsveiflunnar þegar harðnað hefur á dalnum hjá mörgum fyrirtækjum. Svigrúmið er einfaldlega ekki til staðar. Auðvitað er bara ein lausn til við þessu ójafnvægi. Afnám verðtryggingar með upptöku annars gjaldmiðils. Í því felst besta kjarabót íslensks verkafólks til lengri tíma. Hið nýja forystufólk virðist hins vegar of upptekið af fúkyrðaflaumnum til að sjá skóginn fyrir trjánum.

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Sigurður Atli í hluthafahóp ÍV


Sigurður Atli Jónsson, stjórnarformaður Íslenskra verðbréfa.

Félag Sigurðar Atla Jónssonar og Nönnu Margrétar Gunnlaugsdóttur hefur eignast ríflega 1,5 prósenta eignarhlut í Íslenskum verðbréfum (ÍV), samkvæmt nýjum hluthafalista verðbréfafyrirtækisins.

Sigurður Atli, sem stýrði Kviku og MP banka 2011 til 2017, var sem kunnugt er kjörinn stjórnarformaður ÍV á aðalfundi félagsins í apríl síðastliðnum. Hjónin eiga hlutinn í gegnum félagið Ilta Nord ehf.

Samkvæmt nýja hluthafalistanum hefur Kjálkanes, sem er meðal annars í eigu systkinanna Önnu og Inga Jóhanns Guðmundsbarna, bætt við sig eins prósents hlut en félagið fer nú með tæplega tíu prósenta hlut. Kjálkanes keypti nýverið fjögurra prósenta hlut í ÍV en fyrir átti félagið fimm prósenta hlut.

Auk Kjálkaness fara Stapi lífeyrissjóður, Brú lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, Kaldbakur, sem er í eigu Samherja, KEA og Maritimus Investors, sem er í eigu Sigurðar Arngrímssonar, með 9,99 prósenta hlut. **– kij**

**29.10.2018**

**Hvernig stendur á því að forysta verkalýðshreyfingarinnar leyfir sér að hafna þeirri staðreynd að launahækkanir hafi áhrif á verðbólgu, án þess að gera einu sinni minnstu tilraun til að færa sönnur fyrir máli sínu?**



Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar


Verðmæti

*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.




Fréttablaðið.is

stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ

## Tilkynningar

Dalabyggð

### Um tillaga um deiliskipulag í landi Ós á Skógaströnd í Dalabyggð

Sveitarstjórn Dalabyggðar staðfesti á fundi sínum þann 18. október 2018 fundargerð umhverfis – og skipulagsnefndar Dalabyggðar um að auglýsa tillögu á deiliskipulagi frístundarbyggðar í landi Ós á Skógarströnd samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er á jörðinni Ós á Skógarströnd þar sem skilgreint er svæði fyrir frístundrbyggð F1 í aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Svæðið er um 39 ha að stærð og tekur til 18 frístundarlóða á bilinu 0,5 - 1,5 ha með nýtingarhlutfall ekki hærra en 0.3 ha.

Skipulagsuppdrættir og greinagerð liggja frammi á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal þar sem auglýst er eftir athugasemdum við deiliskipulagstillöguna frá **31 október til 14 desember 2018.** Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.dalir.is.

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið byggingarfulltrúi@dalir.is merkt "Ós deiliskipulag"

*Búðardal 25.október 2018*
*Bogi Kristinsson Magnusen*
*Skipulags og byggingarfulltrúi*




## Fasteignir

TRAUSTI fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
S: 867-3040

### Sogavegur 172 – 108 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG KL. 17:00 – 17:30**






Rúmgóð og björt 93 fm. 4ra herbergja hæð á efri hæð í risi með sérinngangi og sérgarði. Fallegt útsýni. Eignin hefur öll verið endurnýjuð, ofnar, rafmagn, vatnslagnir, innréttingar, innihurðir, gólefni, blöndunartæki, eldhústæki og baðtæki. Sérgarður eignarinnar var tyrfður upp á nýtt í sumar, nýr pallur og nýtt grindverk. Eignin er laus við kaupsamning.
**Verð: 48,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

## Atvinna

JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

### Gullsmiður

**Í boði er:**
- full vinna í hópi metnaðarfullra fagmanna.

**Við leitum að einstaklingi sem...**
- er með sveinspróf í gullsmíði
- er jákvæður og brosmildur
- hefur ríka þjónustulund
- á gott með mannleg samskipti
- er heiðarlegur og samviskusamur

Byrjað verður strax að vinna úr umsóknum og eru áhugasamir hvattir til að sækja um sem fyrst.

Jón og Óskar er ein stærsta úra- og skartgripaverslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg, í Smáralind og Kringlunni ásamt verkstæði við Laugaveg. Við sérhæfum okkur í sölu á vönduðum skartgripum og úrum og leggjum okkur fram við að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.

Gildin okkar eru þjónustulund og fagmennska. Við leggjum áherslu á skemmtilegt starfsumhverfi og metnað til árangurs.

Vinsamlegast sendið ferilskrá með umsókn á hakon@jonogoskar.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

**80 ára**

**Baldur Sveinn Scheving**



Óskum föður okkar
Baldri Sveini Scheving
innilega til hamingju með 80 ára afmælið.
Hann fagnar deginum í sólinni á Tenerife.

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Elsa Guðsteinsdóttir**
Maltakri 7, Garðabæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar
föstudaginn 26. október.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Margeir Ingólfsson**
**Ingólfur Margeirsson** — **Linda Hafsteinsdóttir**
**Gyða Margeirsdóttir** — **Páll Árnason**
**Erla Margeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn,
sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Örn Arason**

lést fimmtudaginn 25. október.
Útför hans fer fram frá Glerárkirkju
mánudaginn 5. nóvember kl. 10.30.

**Ásdís Jóhannsdóttir**
**Svanhildur Friðriksdóttir**
**Svanhildur Arnardóttir**
**Freyr Ragnarsson** — **Katja Laun**
**Haukur Örn, Eva Dís, Marvin Páll,**
**Emma Marie og Jóhanna Ásdís**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Erla Magnúsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Ísafold
Garðabæ, þann 23. október.
Útförin fer fram frá Neskirkju
föstudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

**Anna Sigurveig Ólafsdóttir** — **Björn Magnússon**
**Ragna Ólafsdóttir**
**Emil Ólafsson**
**Sunna Ólafsdóttir** — **Þröstur Jóhannsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Kjartan K. Steinbach**
rafmagnstæknifræðingur
Lágabergi 7, 111 Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn
25. október. Útför hans fer fram frá Fella-
og Hólakirkju mánudaginn 5. nóvember kl. 15.

**Marta Guðmundsdóttir**
**Karólína Steinbach** — **Örvar Steinbach**
**Brynjar Steinbach** — **Fríða Hjaltested**
**Viktoría Arna, Þórey Emilíana og Arnór Mikkel**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

---



**Auður segir hægt að ræða fjölmiðlaumhverfið án þess að fara í pólitískar eða sérhagsmunalegar deilur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Viljum lifandi umræður

**Fjölmiðlar á bjargbrún nýrra tíma er yfirskrift málþings sem haldið verður í sal Þjóðminjasafnsins á föstudaginn. Auður Jónsdóttir rithöfundur ætlar að setja þingið.**

Við Svanhildur Hólm hittumst hjá sameiginlegri vinkonu um helgina, hún kallaði þetta málþingið með „ekki“ dramatíska nafninu – og flissaði. Ég vona samt að hún mæti,“ segir Auður Jónsdóttir rithöfundur glaðlega. Þar á hún við ráðstefnuna Fjölmiðlar á bjargbrún nýrra tíma sem verður í Þjóðminjasafninu 2. nóvember og hefst klukkan 13. Auður, Bára Huld Beck og Steinunn Stefánsdóttir, sem skrifuðu saman bókina Þjáningarfrelsið, standa að henni í samstarfi við Félagsfræðingafélagið, Forlagið, Kjarnann, félagsfræðina í HÍ og Blaðamannafélagið.

Nú heldur Auður áfram að lýsa helgarheimsókninni. „Við sátum þarna nokkur. Þetta er frekar hægrisinnað fólk sem við vorum hjá og ég þekki frá gamalli tíð, Brynhildur Einarsdóttir og Illugi Gunnarsson. Við fórum smá á flug að ræða fjölmiðlaumhverfið, vorum ekki sammála um margt en þó um eitthvað og því lengra sem leið á þetta eldhússpjall, lentum við oftar í því að það var ekkert svar við vangaveltum okkar. Þá gat ég flissað: „Þarna sjáið'i, þetta er á bjargbrún nýrra tíma.“ Það varð eiginlega lýsandi fyrir niðurstöðuna svo ástandið er kannski bara dramatískt.“

Auður nefnir rekstrarforsendur, tæknibreytingar og upplýsingamengun meðal áhugaverðra umræðuefna á þinginu, einnig þöggun og kælingu. „Það eru þessi áhrif sem reynt er að hafa á fjölmiðla með því að beita málshótunum og málssókn, slíkt er algengt. Jafnvel þó fólk viti að það sé með tapað mál þá getur það reynt að þreyta fjölmiðilinn, ef það hefur auðinn í hendi sér. Svo er þrýstingi líka beitt með því að hætta að kaupa auglýsingar í viðkomandi miðli eða neita að dreifa honum eða selja hann, ef menn hafa aðstöðu til þess. Það eru margs konar kælingaráhrif og líka margt sem er ósýnilegt, svo sem eigendaafskipti, hvað er fjallað um, hverju er sleppt og í hvaða samhengi eru hlutirnir settir. Við Steinunn og Bára fengum ýmsar erfiðar sögur þegar við vorum að skrifa bókina, bæði frá viðmælendum og öðrum sem höfðu samband í framhaldi af lestri hennar.“

Auður nefnir að viss gerjun sé í gangi í sambandi við fjölmiðla. „Það er til dæmis tillaga frá menntamálaráðherra um stuðning við fjölmiðla og breytingar á rekstri þeirra og einnig er nefnd að vinna með tjáningarfrelsið. Tækniumhverfið hefur mikil áhrif og lækin og klikkin á efnið, hraðvinnslan sem þarf að vera á ritstjórnum og breyttar auglýsingaforsendur.“

Að sögn Auðar var hún um margt ósammála hægrisinnaða fólkinu við eldhúsborðið. Það er þó lýsandi að við vorum þó sammála um að hægt væri að ræða þessi mál opið, án þess að fara í pólitískar eða sérhagsmunalegar deilur. Þess vegna fáum við marga að borðinu á málþinginu, fólk úr fræðasamfélaginu, af fjölmiðlum og auglýsingastofunum, við viljum fá spennandi umræður.“ Hún kveðst hafa verið mönnuð í að setja þingið, en þær Steinunn og Bára Huld ætli að grípa boltana og búa til niðurstöður í lokin. „Þá lýsi ég mig bara óábyrga og hlusta. En ég vona að það komi eitthvað frjótt og skemmtilegt út úr þinginu. Umræðan um fjölmiðla þarf að vera lifandi. Við notum þá daglega til að greina samfélagið.“ **gun@frettabladid.is**

### Með innlegg á málþinginu eru:

Óðinn Jónsson, Elfa Ýr Gísladóttir, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Bergur Ebbi, Valgerður Jóhannsdóttir, Þórður Snær Júlíusson, Hjálmar Gíslason og Lilja Alfreðsdóttir. Ásamt þeim taka Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þorbjörn Broddason, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Birgir Guðmundsson, Smári McCarthy og Björgvin Guðmundsson þátt í pallborðum.

Umræðustjórar verða Þórunn Elísabet Bogadóttir og Sigríður Hagalín Björnsdóttir. Ráðstefnustjóri er Sigrún Ólafsdóttir.

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ingvar Baldursson**
fv. hitaveitustjóri,
Ásakór 2, 203 Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
15. október sl. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra þeirra
sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug.

**Jónína Valdemarsdóttir**
**Baldur Ingvarsson** — **Sigríður Hrund Pétursdóttir**
**Guðrún Elín Ingvarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín og besti vinur,
móðir mín, dóttir, systir,
mágkona og frænka,

**Diljá Kristín Oddsdóttir-Terrill**
Baltimore, USA,

lést laugardaginn 27. október.
Minningarathöfn á Íslandi verður auglýst síðar.

**Paul Ernst Terrill**
**Einar Raymond Terrill**
**Oddur Gústafsson**
**Hildur Hrönn Oddsdóttir** — **Sigurður Þórir Þorsteinsson**
**Erna Þórey Sigurðardóttir** — **Eiður Þorsteinn Sigurðsson**




VÍKING BRUGGHÚS
ICELANDAIR
SALA FER FRAM Á HARPA.IS/SISSEL
NÁNAR UM TÓNLEIKANA Á SENALIVE.IS/SISSEL
sena LIVE!

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðaustlæg átt, víða 5-13 m/s, en hvassviðri með SA-ströndinni. Lítils háttar rigning eða snjókoma, en úrkomulítið vestan til. Hiti 0 til 6 stig að deginum, hlýjast sunnanlands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | 0° | -0° |
| 2 | 7 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 0° | -5° |
| 5 | 3 | 4 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -2° | -0° |
| 2 | 8 | 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 0° | -9° |
| 6 | 2 | 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 6 | | 2 | | | | 9 | |
| | | | | | 8 | | | 5 |
| | | 1 | | | 4 | 8 | | 3 |
| | | | 3 | | 5 | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | | | | |
| 6 | | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| | 9 | | | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 5 | | 3 |
| 1 | | | 7 | | | 4 | | 2 |
| 6 | 2 | | | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | 2 | | 6 | 3 | | |
| | 1 | | | | 5 | 8 | | 6 |
| 7 | | | 1 | | | | 3 | |
| 9 | | | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 8 |
| | | | 6 | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 2 | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 5 | 3 | | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | 8 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. beittur
5. kopar
6. óður
8. býtti
10. í röð
11. stígandi
12. hviða
13. málmur
15. sólblossi
17. tíund

**LÓÐRÉTT**
1. gripahús
2. tímabil
3. kk nafn
4. setis
7. rispast
9. braska
12. steinlím
14. blóm
16. pot

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hvass, 5. eir, 6. ær, 8. skipti, 10. tu, 11. ris, 12. kast, 13. úran, 15. sólgos, 17. skatt.
**LÓÐRÉTT:** 1. hesthús, 2. viku, 3. ari, 4. sætis, 7. ris-tast, 9. pranga, 12. kalk, 14. rós, 16. ot.

## Skák Gunnar Björnsson

Weber átti leik gegn Heemsoth árið 1973.

**Svartur á leik**



**1. Ha8+! 1-0.** Svartur er óverjandi mát í tveimur leikjum. Sænskir skákfjölmiðlar spyrja: „Getur einhver stöðvað Hilmi Frey Heimisson?“ sem hefur örugga forystu á alþjóðlegu unglingamóti í Uppsölum.

**www.skak.is:** Allt um Uppsalamótið.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 31. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** GÓSS tónleikar í Iðnó
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Iðnó
Hljómsveitin er skipuð tveimur af ástsælustu söngvurum landsins, þeim Sigríði Thorlacius og Sigurði Guðmundssyni, ásamt Guðmundi Óskari, bróður Sigurðar og meðleikara Sigríðar úr Hjaltalín og víðar. Hljómsveitin GÓSS á sér djúpar rætur, þrátt fyrir að vera nokkuð ný af nálinni. Sveitin hefur spilað víða um land undanfarin tvö ár og mun nú í fyrsta sinn halda tónleika í Iðnó.

**Hvað?** DJ Raggyman
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á miðvikudagskvöldum fáum við til okkar plötusnúða sem snúa bókstaflega plötum. Næstur í röðinni er Ragnar Eiríksson, Dj Raggyman, Michelin snúðurinn. Hann mætir með safnið sitt á barinn og þeytir skífum til lokunar.

### Viðburðir

**Hvað?** Steinunn Sigurðardóttir les ný ljóð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi
Steinunn Sigurðardóttir kynnir nýja ljóðabók sína, Að ljóði munt þú verða, í kvöld, 31. október, í Gunnarshúsi Rithöfundasambands Íslands. Steinunn er búsett erlendis og þetta verður eina tækifærið til að sjá og heyra hana lesa sín nýju ljóð fyrir jólin. Auk hennar lesa og spjalla um ljóð Steinunnar þær Fríða Ísberg, Jóna K. Hólmgeirsdóttir og Soffía Auður Birgisdóttir. Allir velkomnir.

**Hvað?** Hrekkjavaka á Árbæjarsafni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Hrekkjavaka verður haldin á Árbæjarsafni í dag, miðvikudaginn 31. október, frá kl. 17-19. Safnið verður sveipað dulúðlegum blæ og í rökkrinu má sjá bregða fyrir svipum fortíðar. Markmiðið er að gestir fái að kynnast fornum siðum hátíðarinnar og hver veit nema andar fortíðarinnar verði á vegi þeirra. Þeir allra hugrökkustu geta bankað upp á draugaleg hús sem hafa logandi lukt og krafið framliðna íbúa þeirra um grikk eða gott. Í húsi sem heitir Lækjargata verður boðið upp á smiðju þar sem krakkar geta útbúið flotta hrekkjavökupoka til að safna sælgæti í. Pokarnir þola dágóða þyngd!

**Hvað?** Nanna Hlín Halldórsdóttir um Biblíuna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Hvaða minningar á Nanna Hlín Halldórsdóttir heimspekingur um Biblíuna? Hvernig metur hún gildi hennar? Áhrifasaga Biblíunnar er mikilfengleg. Hvað í Biblíunni skiptir nútímafólk máli og hvað gegnir hlutverki að í menningu samtíðar? Í haust mun hópur fólks tala um Biblíuna í Hallgrímskirkju, rifja upp persónulegar minningar og ræða um nútímagildi biblíuboðskapar. Dr. Nanna Hlín er fimmta í röð átta frummælenda í Biblían – menning og minning.



Hljómsveitin GÓSS giggar í Iðnó í kvöld en það mun vera í fyrsta skiptið sem hún spila í því ágæta húsi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Steinunn Sigurðardóttir les ný ljóð í Gunnarshúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Hvað?** Næst á dagskrá – málþing um börn, ungt fólk og framtíðarmiðlun
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** RÚV
Miðvikudaginn 31. október efnir Ríkisútvarpið til ráðstefnunnar Næst á dagskrá í aðalmyndveri RÚV í Útvarpshúsinu við Efstaleiti. Þar verður fjallað um börn, ungt fólk og miðlun til framtíðar.

**Hvað?** Afmælisviðburður ársins
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Burro, Veltusundi
Í tilefni af 2. ára afmæli Burro Tapas + Steaks og Pablo Discobar bjóðum við þér að koma og fagna með okkur. Góðir vinir Burro Tapas & Steaks og Pablo Discobar munu sjá um að halda uppi stuðinu langt fram eftir nóttu eða til 03.00! Sértilboð verða á mat og drykk á Burro Tapas & Steaks og mun Pablo Discobar bjóða fyrstu 100 afmælisgestunum upp á kokteil að eigin vali af nýja kokteilseðlinum.

**Hvað?** Slaygðu í beinni
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Sandra „Xandra“ Barilli og Hugleikur „Hullow“ Dagsson kikkstarta sjöundu þáttaröð Blóðsugubanans Buffy í Bíói Paradís klukkan 16 á Hrekkjavöku. Allir Slaygjendur eru hvattir til skríða snemma úr gröfinni (stinga af snemma úr vinnunni) og taka þátt í glápi og spjalli um uppáhalds „early naughties“ vampírurassasparkarann okkar.

**Hvað?** Heklugjá – útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hótel Holt
Verið velkomin í útgáfuhóf nýrrar bókar Ófeigs Sigurðssonar, Heklugjá, á Hótel Holti miðvikudaginn 31. október kl. 17.00.

**Hvað?** Undirbúningur fyrir Airwaves
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** ÚTÓN við Hlemm
Á fundinum verður farið yfir hvernig best er að undirbúa sig fyrir tengslamyndunarfundi, hvernig markmið er gott að setja sér auk þess sem hugmyndin að baki pitch-fundinum verður kynnt. Starfsfólk frá ÚTÓN og Iceland Airwaves heldur fundinn og situr fyrir svörum.

**Hvað?** Vinkvennakvöld Garðheima
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Garðheimar, Stekkjarbakka
Vinkvennakvöld Garðheima verður haldið með pompi og prakt miðvikudagskvöldið 31. október. Þá verður verslunin komin í sparigallann og eitthvað fallegt í hverju horni. Jólalínurnar fyrir 2018 verða frumsýndar og eru þær einstaklega spennandi og ólíkar þetta árið.

**Hvað?** Útgáfudagur að hausti
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Menntamálastofnun, Kópavogi
Miðvikudaginn 31. október á milli kl. 15 og 17 stendur miðlunarsvið Menntamálastofnunar fyrir opnu húsi. Við hvetjum alla áhugasama til að koma og kynna sér það nýjasta í námsefnisútgáfu stofnunarinnar.













JAMIE COOKS ITALY
KL. 19:55
Glænýir og sérlega smart matreiðsluþættir þar sem meistari Jamie Oliver leggur upp í spennandi ferð um Ítalíu í leit að klassískum uppskriftum og ekta ítölskum réttum eins og þeir gerast allra bestir.




Frábær miðvikudagur
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



GREY´S ANATOMY
KL. 20:40
Það er allt að gerast á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum og nú hafa nýir læknar bæst við bráðadeildina sem eiga það til að flækja málin.

CAMPING
KL. 21:25
Það úr vöndu að ráða þegar blása á í glæður hjónabandsins. Gráglettnir gamanþættir úr smiðju HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum.




WENTWORTH
KL. 22:00
Skemmtilegir og dramatískir spennuþættir um lífið innan veggja hættulegasta kvennafangelsis Ástralíu.



BÍÓ
GET OUT
KL. 22:00
Hörkuspennandi mynd um par af ólíkum uppruna sem ákveður að fara í heimsókn til foreldra unnustunnar.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Ævintýri Tinna
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 15 Minute Meals
**10.45** The Big Bang Theory
**11.05** Spurningabomban
**11.50** Deception
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef: The Professionals – Australia
**13.45** The Heart Guy
**14.35** The Night Shift
**15.20** Léttir sprettir
**15.45** PJ Karsjó
**16.15** The Bold Type
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** I Feel Bad
**19.55 Jamie Cooks Italy** Glæsilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver sem fer hér í sérlega spennandi ferð um gervalla Ítalíu í leit að uppskriftum að gómsætum réttum. Ítölsk matargerð á sér langa og margbrotna sögu og hér fer Jamie með okkur í heimsókn til kostakokka sem allir eiga það sameiginlegt að geta töfrað fram ekta ítalskan mat sem leikur við bragðlaukana og hittir beint í hjartastað.
**20.45** Grey's Anatomy
**21.30 Camping** Nýir gamanþættir frá HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum. Kathryn og Walt eru í óhamingjusömu hjónabandi. Þau ákveða að reyna blása í glæðurnar og endurnýja rómansinn með því að skipuleggja hina fullkomnu útilegu í ævintýralegu umhverfi. Allt fer þó á annan veg en ætlað var þegar óvænta gesti ber að garði og kómísk atburðarás fer af stað.
**21.55** Wentworth
**22.45** Orangen Is the New Black
**23.30** Lethal Weapon
**00.15** Counterpart
**01.00** Alex
**01.45** Wentworth
**02.35** Humans
**03.25** How to Be a Latin Lover

## STÖÐ 2 SPORT

**08.40** Leicester - Southampton
**10.20** Pittsburgh Steelers - Cleveland Browns
**12.40** LA Rams - Green Bay Packers
**15.00** Manchester United - Everton
**16.40** Messan
**17.45** Breiðablik - Skallagrímur
**20.00** Breiðablik - Keflavík
**22.10** Barcelona - Real Madrid
**23.50** Chelsea - Derby

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Burnley - Chelsea
**08.50** Crystal Palace - Arsenal
**10.30** Premier League Review 2018/2019
**11.25** AC Milan - Sampdoria
**13.05** Napoli - Roma
**14.45** Sevilla - Huesca
**16.25** Haukar - Stjarnan
**17.55** Leicester - Southampton
**19.35** West Ham - Tottenham
**21.45** Breiðablik - Keflavík
**23.25** Arsenal - Blackpool

## STÖÐ 3

**18.45** Anger Management
**19.10** Curb Your Enthusiasm
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** All American
**22.00** American Horror Story 8: Apocalypse
**22.45** The New Girl
**23.10** Supergirl
**23.55** Arrow
**01.45** Curb Your Enthusiasm
**02.35** Seinfeld
**03.00** Friends
**03.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.54** Pingu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Gulla og grænjaxlarnir
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Grettir
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.54** Pingu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Gulla og grænjaxlarnir
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Grettir
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.54** Pingu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Gulla og grænjaxlarnir
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Grettir
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ríó

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Sanderson Farms Championship
**11.00** Sanderson Farms Championship
**14.00** Golfing World 2018
**14.50** Swinging Skirts LPGA Taiwan Championship
**17.50** PGA Highlights 2018
**18.45** Champions Tour Highlights 2018
**19.40** Golfing World 2018
**20.30** Sanderson Farms Championship
**23.30** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40** Open Season: Scared Silly
**12.05** Batman Begins
**14.25** Ghostbusters
**16.20** Open Season: Scared Silly
**17.45** Batman Begins
**20.05 Ghostbusters** Ævintýraleg gamanmynd frá 2016 með Kristen Wiig , Melissu McCarthy og fleiri frábærum leikurum. Þegar draugaplága byrjar að gera Manhattan-búum lífið leitt kemur það í hlut rithöfundanna Erinar og Abby að bregðast við og það fyrsta sem þær gera er að fá í lið með sér neðanjarðarjárnbrautarvörðinn Patty og kjarneðlisfræðinginn Jillian. Þær eiga í höggi við hinn illa púka Rowan sem fer m.a. létt með að yfirtaka líkama fólks sem lætur ekki að vilja hans.
**22.00** Get Out
**23.45** Lights Out
**01.05** The Visit
**02.40** Get Out

## RÚV

**12.55** HM í fimleikum
**15.10** Plastbarkamálið
**16.10** Úr Gullkistu RÚV: Sjónleikur í átta þáttum
**16.50** Price og Blomsterberg
**17.15** Sítengd - veröld samfélagsmiðla
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Gló magnaða
**18.17** Sígildar teiknimyndir
**18.24** Sögur úr Andabæ
**18.45** Úti í umferðinni
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Kiljan
**20.40** Myndin af mér
**21.10** Rívíeran
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Víetnamstríðið
**23.20** Vegir Drottins
**00.20** Kveikur
**00.55** Kastljós
**01.10** Menningin

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.05** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.45** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.55** Ally McBeal
**14.40** Ný sýn
**15.15** Með Loga
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.35** King of Queens
**16.55** How I Met Your Mother
**17.20** Dr. Phil
**18.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**18.50** The Late Late Show with James Corden
**19.35** Survivor
**20.25** Líf kviknar
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Station 19
**22.35** Elementary
**23.20** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.50** NCIS
**01.35** 9-1-1
**02.25** Billions
**03.25** The Handmaid's Tale
**04.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus kveður plastburðarpokann!

Bónus hættir sölu á plastburðarpokum og hefur tekið inn **lífniðurbrjótanlega burðarpoka** sem leysa plastpokana af hólmi.




2,3kg í kassa




698 kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
Spánn, 2,3 kg



BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **4. nóvember** eða meðan birgðir endast.





### SALKA SÓL OG ARNAR ÚLFUR

Í upphafi voru tveir. Af hverju ekki aftur? Arnar myndi rúlla upp hraðaspurningunum og Salka tæki svo við. Trúlega er dagatal hennar þó fullt vegna Ronju ræningjadóttur.



### HERRA HNETUSMJÖR

Trúlega getur enginn talað jafn hratt og Árni Páll Árnason, betur þekktur sem Herra Hnetusmjör. Væri frábær í hraðaspurningunum og kann að koma fram. Augljós kostur.



### INGILEIF FRIÐRIKSDÓTTIR

Er komin inn fyrir dyr RÚV eftir kosningasjónvarp sitt og Hinseginleikaþættina. Frábær kostur sem myndi rúlla þessu upp.

# Gettu betur vantar spyril

Björn Bragi er hættur sem spyrill í Gettu betur, einum vinsælasta sjónvarpsþætti landsins. Þáttinn vantar því nýjan spyril. Fréttablaðið skoðaði möguleika RÚV í leitinni að næsta spyrli sem mun fylla skarð Björns Braga.



### ATLI FANNAR BJARKASON

Kominn inn fyrir dyr RÚV og er vel metinn meðal unga fólksins eftir sprett sinn á Nútímanum.



### GUÐRÚN SÓLEY GESTSDÓTTIR

Hefur sýnt sig og sannað á skjánum sem menningarskríbent. Gæti auðveldlega orðið fjórða konan í sögunni til að stýra þættinum.



### SÓLMUNDUR HÓLM

Það eru fáir fyndnari en Sóli og ekki margir betri að koma fram. Myndi auðveldlega geta farið í skó Björns Braga.



### BENEDIKT VALSSON

Kannski vill RÚV ekki veðja á enn einn smjörsleikta Verslinginn en það eru fáir betri en Hraðfrétta-Benni.

## SPYRLAR GETTU BETUR

| | |
|---|---|
| Jón Gústafsson & Þorgeir Ástvaldsson | 1986 |
| Hermann Gunnarsson | 1987 |
| Vernharður Linnet | 1988-1989 |
| Steinunn Sigurðardóttir | 1990 |
| Stefán Jón Hafstein | 1991-1994 |
| Ómar Ragnarsson | 1995 |
| Davíð Þór Jónsson | 1996-1998 |
| Logi Bergmann Eiðsson | 1999-2005 |
| Sigmar Guðmundsson | 2006-2008 |
| Eva María Jónsdóttir | 2009-2010 |
| Edda Hermannsdóttir | 2011-2013 |
| Björn Bragi Arnarsson | 2014- 2018 |




# BIOTHERM DAGAR

## LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI, SMÁRALIND OG SMÁRATORGI 31. OKT - 4 NÓV.

**KAUPAUKINN:**




**„MUST HAVE" FRÁ BIOTHERM: LAIT CORPOREL BODY LOTION 100 ML:** Langvinsælasta varan frá Biotherm. Húðmjólkin er ávanabindandi með yndislegum ferskum sítrus ilmi. Hún gefur góðan raka í 48 klst.

**BLUE THERAPY ACCELARATED SERUM 10 ML:** Öflugt lagfærandi serum sem styrkir og stinnir húðina, vinnur gegn hrukkum og dökkum blettum.

**BLUE THERAPY KREM MULTIDEFENDER SPF25 10 ML:** Dagkrem sem þéttir húðina, línur og hrukkur verð minna sýnilegar og vinnur auk þess gegn dökkum blettum.

**BIOSOURCE TOTAL RENEW OIL:** Tveggja fasa olía sem freiðir og hreinsar andlits og augn-förðun og vatnsheldar förðunarvörur.

# 20%

**AFSLÁTTUR AF**
ÖLLUM BIOTHERM
DÖMU- OG HERRAVÖRUM

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru BIOTHERM vörur fyrir 7.800 kr eða meira meðan birgðir endast.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM KYNNINGUNA ER Á LYFJA.IS

LYFJA
– Lífið heil

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR, O.FL.



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

RÝMINGARSALA
25-50%
AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti í verslun okkar í Faxafeni

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rýmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.



HEILSURÚM OG RÚMGAFLAR



SVEFNSÓFAR



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Snærós Sindradóttir leitar að sögum sem snúast um hefndir í nútímasamfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Snærós leitar hefnda

**Verðlaunablaðamaðurinn Snærós Sindradóttir leitar að sögum um hefnd. Hugmyndin er að gefa þessar sögur út en hugmyndin fæddist í fæðingarorlofi sem hún er í. Sögurnar mega vera langar eða stuttar, fyndnar eða dramatískar.**

Snærós Sindradóttir, sem hlaut Blaðamannaverðlaun Íslands fyrir viðtal ársins 2015 leitar að sögum sem snúast um hefnd. „Hugmyndin kviknaði í fæðingarorlofinu sem ég er í. Ég lá og var að gefa næturgjöf og fékk þessa tilfinningu sem trúlega allir foreldrar þekkja: Ef einhver gerir barninu mínu eitthvað þá mun ég leita hefnda og ganga langt út fyrir mín siðferðismörk til þess að verja það. Svo eru kannski fæstir sem grípa til hefnda þegar á hólminn er komið,“ segir hún.



Snærós bendir á að Íslendingasögurnar séu fullar af hefnd. Í Njálu eru örlögin ráðin vegna hefnda, lítilla og stórra. Hallgerður langbrók neitaði að gefa Gunnari spúsa sínum lokk úr hári sínu, til að nýta sem bogastreng, minnug þess að hann laust hana kinnhest löngu áður. Eitt einfalt nei í hefndarskyni, og Gunnar var allur.

Snærós segir að færri sögum fari af hefndum Íslendinga í nútímanum. Hefndum vegna svika í ástum, stjórnmálum eða viðskiptum, vegna einhvers sem stakk vinnufélaga í bakið á leið sinni upp metorðastigann, eða miklum hefndum vegna einhvers sem særði ástvini. Fyrr á tíðum þótti nauðsynlegt að grípa til hefnda til að verja heiður sinn en í dag þykir það feimnismál að vera hefnigjarn. Þó stundum sé hefnd kannski eina leiðin til réttlætis.

„Í Eiðnum gengur faðirinn ansi langt og í Lof mér að falla taka foreldrarnir til sinna ráða á vissu tímabili. Amma mín sagði einu sinni við mig að ef einhver myndi meiða mig eða aðra henni nátengda þá myndi hún ganga ansi langt til að leita hefnda – þótt hún sé pínulítil og hafi enga burði til að gera eitthvað. Tilfinningin er samt svo rík, að leita hefnda.“

**Það þótti sjálfsagður hlutur að hefna á víkingaöld.**



Snærós segir að í nútímasamfélagi sé ekki lengur fínt að hefna. Það eigi að fyrirgefa og leita sátta. „Jafnvel fara í sáttameðferð og bara jafna sig. Mig langaði að heyra þessar sögur – að fólk geti nafnlaust eða undir nafni ef það vill sagt þessar sögur – og gefa þær út. Fólk á margar góðar sögur um hefnd. Sumar fyndnar en aðrar jafnvel hádramatískar,“ segir hún. Hægt er að hafa samband vegna verkefnisins í gegnum tölvupóstfangið hefndir@gmail.com. Einnig er hægt að skoða Facebook-síðuna Hefnd.

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# NÝ ÆVINTÝRI & FRÓÐLEIKUR




VILDARVERÐ:
3.499.-
Verð:
4.999.-

Múmínálfarnir (stórbók)




VILDARVERÐ:
4.899.-
Verð:
6.999.-

Heklugjá




VILDARVERÐ:
4.199.-
Verð:
5.999.-

Hundakæti

2. BÓKIN KOMIN!




UPPHAF SÖGUNNAR

VILDARVERÐ:
1.799.-
Verð:
2.999.-

VILDARVERÐ:
3.499.-
Verð:
4.999.-

Hvísl hrafnanna (1. bók)

Hvísl hrafnanna (2. bók)


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 1. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur



# Minning látinna og snjallsímar

Næsti sunnudagur, 4. nóvember, er merkilegur fyrir þær sakir að þá er minning látinna haldin í kirkjum landsins í tilefni af allra heilagra messu sem er löng og djúphugsuð hefð. En dagurinn er líka mikilvægur vegna þess að þá er símalaus sunnudagur Barnaheilla þegar samtökin skora á landsmenn að segja skilið við símann í einn dag og vakna til umhugsunar um áhrif símanotkunar á samskipti innan fjölskyldna.

Ein af frumþörfum okkar er að hafa tengsl. Lát ástvinar er sárt tengslarof. Margt aldrað fólk var alið upp við það að best væri í sorgarúrvinnslu að nefna sem sjaldnast þann sem látinn er. Þannig myndi sorgin fyrr dofna.

Sem betur fer vitum við í dag að eitt það mikilvægasta í sorgarúrvinnslu er að halda minningu hins látna á lofti og gera það með skapandi og kærleiksríkum hætti. Ég hef margoft orðið vitni að því hvernig syrgjendur geyma í símanum sínum myndir og mikilvæg skilaboð frá þeim sem er látinn. Og vissulega eru símtækin mögnuð tengslatæki. Hitt er jafn satt að skefjalaus símanotkun einangrar okkur hvert frá öðru og skapar áreiti.

Á símalausa sunnudeginum skulum við gefa hvert öðru og einkum börnunum þá gjöf að láta enga snjallsímanotkun trufla góðan leik eða innihaldsríka nærveru. Ég skora á okkur að leggja símanum þennan dag og iðka samveru með ástvinum, taka engar myndir en njóta þess að enn er tími til að horfast í augu, tala saman og faðmast. Minning látinna og símalausi sunnudagurinn fara vel saman, því við heiðrum minningu hinna látnu best með því að nota tímann með þeim sem eftir lifa og vera þakklát að enn skuli vera hægt að slá á þráðinn.










*Til að nýta afsláttinn þarf að bóka flug fram og til baka fyrir kl. 23.59 þann 2. 11. 2018, og ferðast á tímabilinu 1. 11. 2018 - 31. 3. 2019. Skilmálar gilda. WOWAIR.IS WOWAIR@WOWAIR.IS